



ÁRSSKÝRSLA 2013-2014



Krabbameinsfélagið

Ársskýrsla 2013-2014

Lögð fram á aðalfundi
Krabbameinsfélags Íslands
10. maí 2014

Efni

Í umboði almennings (formáli forstjóra)	3
Stjórn og skipurit	6
Reikningar	7
Rekstrarsvið	13
Fræðsla og útgáfa	14
Markaðsmál og fjáröflun	15
Ráðgjafarþjónustan Krabbameinsfélagsins	17
Íbúðirnar á Rauðarárstíg	20
Krabbameinsskráin	21
Leitarstöð Krabbameinsfélagsins	26
Frumurannsóknastofa	29
Ritskrá	30
Aðalfundur 2013	33
Formannafundur 2013	36
Aðildarfélög Krabbameinsfélags Íslands	37
Lög Krabbameinsfélags Íslands	67

Í umboði almennings

Starfsárið 2013-2014 var árangursríkt hjá Krabbameinsfélaginu og bryddað var uppá ýmiss konar nýbreytni í starfseminni. Ársskýrsla Krabbameinsfélags Íslands er með hefðbundnu sniði, tölulegar upplýsingar og uppgjör fyrir ýmsar starfseiningar miðast við áramót, en lýsing að öðru leyti á starfsemi félagsins tekur mið af tíma milli aðalfunda, bæði hjá aðildarfélögum og hjá Krabbameinsfélaginu.

Á aðalfundi vorið 2013 tók Jakob Jóhannsson við formennsku stjórnar Krabbameinsfélagsins af Sigríði Snæbjörnsdóttur sem réðst tímabundið sem verkefnastjóri í hlutastarf til félagsins.

Stefna félagsins hefur verið til endurskoðunar og meðal annars verið rædd á tveimur síðustu formannafundum auk þess sem félagsmenn og starfsmenn fengu tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum í vinnuferlinu. Niðurstaðan var að nýja stefnan er styttri og hnitmiðaðri en áður og lýsing aðgerða og framkvæmda ekki eins nákvæm. Nýja stefnan var samþykkt í stjórn Krabbameinsfélagsins um áramótin og hefur síðan verið kynnt víða og fengið góð viðbrögð.

Rekstur Krabbameinsfélagsins var hallalaus á árinu í heildina, og áætlanir ársins stóðust vel. Verkefni Krabbameinsfélagsins njóta stuðning almennings og fyrirtækja í landinu, og eru þrjár mikilvægustu leiðir til fjáröflunar Bleika slaufan, Mottumars - karlmenn og krabbamein og svo velunnarakerfi félagsins, en margir landsmenn kjósa að styðja félagið með mánaðarlegu framlagi. Auk þess fáum við gjafir, oft minningagjafir eða erfðagjafir. Allt safnast þetta saman og gerir okkur kleift að láta til okkar taka.

Erlent samstarf af hálfu forstjóra hefur verið með hefðbundnu sniði, þátttaka í þremur til fjórum dagsfundum Nordic Cancer Union (greitt af NCU), einn fundur í European Cancer Leagues (ECL) en að öðru leyti unnið gegnum tölvur og síma. Óskað var eftir samantekt um verkefni ECL og skoðað á grundvelli hennar hvort við ættum að hætta þátttöku, en niðurstaðan varð að ávinningurinn væri mun meiri en kostnaður. Í apríl 2014 var haldinn fundur eins af undirhópum NCU í Reykjavík og fjallað um hagsmunabaráttu fyrir sjúklinga og aðgerðir til árangurs.

Framkvæmdir hafa verið óvenjumiklar á árinu. Í nokkurn tíma hefur verið í undirbúningi að laga húseignina í Skógarhlíð. Töluverður raki hefur komið fram og ljóst er að húsið hefur með vissum hætti legið undir skemmdum. Ekki varð því lengur undan því vikist að fara í miklar endurbætur, og er nú verið að skipta um klæðningu á húsinu, lagfæra þak og skipta um glugga. Þessi framkvæmd er vel skipulögð og tekist hefur að halda starfseminni nær óbreyttri á framkvæmdatímanum enn sem komið er. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki í haust. Sumarið 2013 var bílastæðum fjölgað vegna vaxandi aðsóknar og svæðið kringum Skógarhlíðina var jafnframt endurbætt nokkuð.

Aðildarfélögin hafa starfað svipað og undanfarin ár. Svæðafélögin eru nú 22 og formlegir stuðningshópar 7 en fimm aðrir starfa á landsvísu. Félagin eru misvirk í starfi og sinna ólíkum verkefnum, enda eru þau sjálfstæð. Þau sækja sér nú mörg styrk úr velunnarasjóði félagsins, sem hefur breytt starfsgrundvelli margra aðildarféлага. Formannafundur var í Hafnarfirði og var gerður góður rómur að öllum aðstæðum þar. Félagið í Hafnarfirði er öflugt og lætur til sín taka í forvarnarverkefnum í bæjarfélaginu, oft í samvinnu við aðra. Stjórn Krabbameinsfélags Íslands hefur velt fyrir sér hvernig efla megi starfið í aðildarfélögum og hvernig móðurfélagið geti lagt þar meira af mörkum. Ákveðið var að gera könnun nú á vormánuðum meðal aðildarfélaganna um þetta m.a. og byggja framhald starfanna á niðurstöðu hennar.

Vísindastarf á vegum félagsins er öflugt og fer vaxandi, en Krabbameinsfélagið fjármagnar t.a.m. að hluta til mikilvægar rannsóknir á vegum Krabbameinsskrárinnar; fjárframlögum ríkisins er nær einungis ætlað að greiða fyrir skráningu krabbameina. Verðmæt og viðamikil gagnasöfn eru varðveitt á vegum Krabbameinsfélagsins og mjög mikilvægt að þau sé nýtt til framþróunar þekkingar að uppfylltum nauðsynlegum vísindasiðfræðilegum skilyrðum. Á árinu var undirritaður samningur um flutning á lífsýnasafi félagsins til Háskóla Íslands, en félagið hefur nú hætt starfrækslu þess. Í janúar hófst svo formleg gagnasöfnun vegna heilsusögurannsóknar, sem er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Krabbameins-

félagsins. Þetta verkefni hefur farið mjög vel af stað og er þátttaka framar vonum. Verkefnið er rekið í Skógarhlíðinni og eru miklar vonir bundnar við það. Þá hófum við þátttöku í norrænu verkefni um mat á gæðum þjónustu við krabbameinssjúklinga. Vísindaráð félagsins sá að vanda um mat á umsóknum fyrir okkar hönd til undirbúnings á úthlutunum styrkja frá Norræna krabbameinssambandinu. Stærsta styrkinn í ár, 13 milljónir króna, fékk Rósa Björk Barkardóttir sameindalíffræðingur, en hún hefur tvisvar áður fengið stóra styrki úr sjóðnum.

Hjá *Krabbameinsskrá Krabbameinsfélagsins* hefur verið unnið merkilegt vísindastarf í sex áratugi, eins og kunnugt er. Það gagnast vísindasamfélaginu og ekki síður heilbrigðisyfirvöldum. Í vor komu fram þær athyglisverðu upplýsingar að nú séu líkur á að áhætta á að greinast með sjúkdóminn sé hætt að aukast, eins og gerst hefur undanfarna áratugi, og muni standa í stað eða fari minnkandi á næstu árum.

Á vormánuðum 2013 var tekin sú ákvörðun í stjórn félagsins að kanna alla möguleika á að koma á laggirnar *Vísindasjóði Krabbameinsfélagsins* sem styrkti íslenskar rannsóknir, eins og gert er ráð fyrir í lögum félagsins. Nú á vormánuðum 2014 liggja drög að stofnskrá fyrir og okkur er fátt að vanbúnaði. Rannsóknarsjóðir hafa verið reknir á vegum Krabbameinsfélagsins, Kristínarsjóður og Ingibjargarsjóður, og er verið að kanna hvort þeir verði hluti af hinum nýja sjóði. Krabbameinsfélagið og aðildarfélög þess munu leggja sjóðnum til stofnfé.

Verkefni *markaðsdeildar* eru unnin samvinnu við aðrar einingar innan húss og við aðildarfélögin, en aðildarfélögin mynda fjáröflunarráð sem er stefnumótandi í þessu starfi. Verkefni Bleika slaufan og Mottumars - karlmenn og krabbamein hafa öðlast fastan sess og eru orðin verkefni samfélagsins að hluta til. Í báðum þessum verkefnum er lögð áhersla samhliða á fjáröflun og fræðslu og árvekni, og hefur það gefið góða raun. Við stefnum ávallt að því að ná markmiðum okkar með sem minnstum tilkostnaði og því höfum við undanfarin ár beitt óhefðbundnum aðferðum, svo sem að mála bleika vegaslaufu með hjálp sjálfboðaliða. Nálgun okkar og árangur í þessum verkefnum hefur vakið athygli út fyrir landssteinana. Markaðsstjórinn Sandra Sif Morthens fór í barnsburðarleyfi í vor og við hennar starfi tók Ólöf María Jóhannsdóttir.

Samvinna við stjórnvöld hefur verið margvísleg, margar umsagnir hafa verið gefnar um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur og starfsmenn hafa mætt fyrir þingnefndir til að kynna sín sjónarmið. Á árinu var settur á laggirnar hópur þingmanna, einn úr hverjum þingflokki, sem ætlað var að vinna með Krabbameinsfélaginu að framförum í málefnum tengdum krabbameinum. Ekki náðist að kalla hópinn saman og bíður það haustsins. Þá var aftur hafin vinna við gerð krabbameinsáætlunar á vegum heilbrigðisráðuneytisins og lofar góðu.

Barátta fyrir margvíslegum *hagsmunum sjúklinga* hefur verið öflug. Dæmi um slíkt verkefni er að félagið fól dr. Ingimar Einarssyni að taka saman skýrslu um greiðsluþátttöku sjúklinga, sem vakti mikla athygli og var innlegg í opinbera umræðu um þróun útgjalda þeirra. Þá tók félagið m.a. þátt í opinberri umræðu um vísindasiðfærði o.m.fl. Á niðurskurðartímum er hætt við að réttindi sjúklinga verði fyrir borð borin og hefur Krabbameinsfélagið lagt áherslu á nauðsynlega endurskoðun laga um réttindi sjúklinga og á framkvæmd laganna.

Leitarstöð Krabbameinsfélagsins hefur tekið breytingum á árinu. Skipulagi leitar að krabbameinum í leghálsi var breytt til samræmis við nýja þekkingu. Margvíslegar breytingar voru gerðar á innra starfi með það að markmiði að auka gæði og hagkvæmni, án þess að draga úr ánægju kvenna með þjónustuna, sem verið hefur stolt starfsmanna. Leitarstöðin fagnar um þessar mundir hálfra aldar árangursríku starfi.

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins átti gott starfsár eins og fram kemur á tölum í ársskýrslunni. Starfsemin sem nú er orðin rúmlega fimm ára í núverandi mynd. Síðastliðið ár var töluverð áhersla lögð á að veita þeim sem starfa með krabbameinssjúklingum stuðning og fræðslu, og sérfræðingar fengnir m.a. að utan til að standa sem best að þessu. Ráðgjafarþjónustan veitir þjónustuskrifstofum og stuðningshópum mikinn stuðning og eflir þá. Fræðsla á vegum Ráðgjafarþjónustunnar er vel sótt og fundir og námskeið sömuleiðis. Mikil aukning hefur orðið í einstaklingsviðtölum og ráðgjöf, og verður einhvern veginn að bregðast við þessari þörf betur. Mikil þörf virðist vera fyrir þjónustuna og er nú leitað leið til að styðja betur við bakið á



Í tilefni af árveknisátakinu í október 2013 var umferðaslaufa máluð í bleikum lit.

henni, en nær allur kostnaður er greiddur af söfnunarfé utan 5,6 milljónir sem fengust frá hinu opinbera til stuðnings þjónustuskrifstofunum. Ráðgjafarþjónustan tekur mikinn þátt bæði í fræðslu- og árveknis-verkefnum.

Eitt mikilvægasta hlutverk Krabbameinsfélagsins frá upphafi hefur verið að auka þekkingu almennings á krabbameinum. *Fræðslustarfið* hefur að miklu leyti verið kostað af Happsdrætti Krabbameinsfélagsins. Happsdrættið hefur í fjölda ára verið rekið af Krabbameinsfélagi Reykjavíkur á grundvelli samnings, sem tekur annars vegar til reksturs þess og hins vegar til fræðsluverkefna. Í júní 2013 sagði Krabbameinsfélag Íslands þessum samningi upp og á haustmánuðum var hann endurgerður með aðkomu beggja félaga. Ný samningur hefur verið staðfestur af stjórnnum beggja félaga og mun hann koma þegar til framkvæmda. Helstu breytingar eru í fyrsta lagi að nú verður til öflugra og fjölmennara fræðslu- og fagráð, í öðru lagi að skýrara er hvaða fé rennur til fræðsluverkefnanna og að lokum að Krabbameinsfélag Íslands hefur meiri aðkomu að happsdrættinu. Krabbameinsfélag Íslands hefur ráðið lækni til að starfa að fræðslumálum og verður endurgerð heimasíðunnar sem upplýsingaveitu eitt aðalverkefni hans í upphafi starfa.

Forvarnir gegn krabbameinum hafa verið eitt aðalviðfangsefni Krabbameinsfélagsins frá upphafi starfa þess. Á liðnu starfsári var lögð mjög mikil áhersla á nauðsyn þess að hafin verði lýðgrunduð hópleit að ristilkrabbameini hér á landi, og var farið í kröftuga vinnu í því skyni. Ekki hefur náðst neinn teljandi árangur í þessu brýna hagsmunamáli þjóðarinnar, en Krabbameinsfélagið mun ekki láta deigan síga.

Á starfsárinu 2013–2014 hefur verið tekist á við ýmis mikilvæg og þörf verkefni og engin ládeyða ríkt í starfinu. Þessum verkum hefðum við ekki getað sinnt nema vegna *hugsjónastarfs* bæði starfsmanna og margra félaga, auk þess *stuðnings sem almenningur á Íslandi veitir störfum okkar*. Fyrir það ber að þakka.

Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands.

Stjórn og skipurit

Verndari Krabbameinsfélags Íslands:

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands

Stjórn Krabbameinsfélags Íslands 2013-2014:

Aðalmenn:

Jakob Jóhannsson læknir, formaður

Stefán Eiríksson lögreglustjóri, varaformaður

Sigurður P. Sigmundsson viðskiptafræðingur, gjaldkeri

Hulda Bjarnadóttir framkvæmdastjóri, ritari

Agnes Smáradóttir læknir, meðstjórnandi

Friðrik Vagn Guðjónsson, meðstjórnandi

Jón Þorkelsson viðskiptafræðingur, meðstjórnandi

(kjörtímabil 2013-2014, fyrst kosinn 2008)

(kjörtímabil 2012-2014, fyrst kosinn 2010)

(kjörtímabil 2012-2014, fyrst kosinn 2009)

(kjörtímabil 2013-2015, fyrst kosin 2013)

(kjörtímabil 2013-2015, fyrst kosin 2013)

(kjörtímabil 2013-2015, fyrst kosinn 2011)

(kjörtímabil 2013-2014, fyrst kosinn 2013)

Varamenn:

Hinrik Greipsson viðskiptafræðingur


Steinunn Eva Þórðardóttir sálfræðingur

(kjörtímabil 2013-2014, fyrst kosinn 2011)

(kjörtímabil 2013-2014, fyrst kosin 2012)

Forstjóri:

Ragnheiður Haraldsdóttir hjúkrunarfræðingur



Frá Ernst & Young ehf.

Rekstrarreikningur 2013

		2013	2012
	Skýr.		
Rekstrartekjur			
Skoðanagjöld		173.090.510	143.126.387
Samningur við Ríkissjóð vegna leitar		324.025.000	350.507.998
Fjárveiting frá Ríkissjóði		26.600.000	25.934.000
Fjáröflunarverkefni		284.695.351	252.932.047
Aðrar tekjur		43.596.754	39.520.429
		<u>852.007.615</u>	<u>812.020.861</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	274.261.504	252.945.372
Lífeyrisgreiðslur og hækkun lífeyrisskuldbindingar	4	58.443.244	82.487.189
Aðkeypt heilbrigðisþjónusta		150.135.218	150.516.489
Aðkeypt önnur þjónusta		115.948.478	103.091.454
Húsnæðiskostnaður		41.346.864	30.962.698
Annar rekstrarkostnaður		184.518.903	122.652.600
Afskrifað af rekstrarfjármunum		32.144.185	32.817.409
		<u>856.798.396</u>	<u>775.473.211</u>
 Afkoma án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		 (4.790.781)	 36.547.650
Fjármunatekjur og fjármangsgjöld			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		26.541.714	15.236.608
Vaxtagjöld, banka- og innheimtukostnaður		(1.125.919)	(388.037)
		<u>25.415.795</u>	<u>14.848.571</u>
 Tekjuafgangur		 <u><u>20.625.014</u></u>	 <u><u>51.396.221</u></u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	2013	2012
	Skýr.	
Fastafjármunir		
Skógarhlíð 8	412.674.434	399.500.000
Rauðarárstígur 33	64.318.153	65.196.814
Áhöld, tæki og annar búnaður.....	270.089.183	290.494.417
Fastafjármunir samtals	747.081.770	755.191.231

Fjáreignir

Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu	5	459.238.114	389.362.617
Fjáreignir samtals		459.238.114	389.362.617

Veltufjármunir

Ýmsir skuldunautar og aðrar eignir	50.264.823	54.246.260
Handbært fé	224.527.991	185.911.053
Veltufjármunir samtals	274.792.814	240.157.313

Eignir samtals

1.481.112.698

1.384.711.161

31. desember 2013

Eigið fé og skuldir

		2013	2012
	Skýr.		
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		571.858.781	548.556.720
Eigið fé samtals		<u>571.858.781</u>	<u>548.556.720</u>
 Skuldbindingar og langtímalán			
Langtímalán		4.432.958	4.235.432
Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar	6	<u>731.414.252</u>	<u>700.773.286</u>
Skuldbindingar og langtímalán samtals		<u>735.847.210</u>	<u>705.008.718</u>
 Skammtímaskuldir			
Ógreiddur kostnaður		127.325.509	119.453.230
Næsta árs afborgun langtímalána		268.664	242.025
Aðrar skammtímaskuldir.....		<u>45.812.534</u>	<u>11.450.468</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>173.406.707</u>	<u>131.145.723</u>
 Skuldir samtals		909.253.917	836.154.441

	<u>1.481.112.698</u>	<u>1.384.711.161</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u><u>1.481.112.698</u></u>	<u><u>1.384.711.161</u></u>

Sjóðstreymi 2013

		2013	2012
Handbært fé (til) frá rekstri	Skýr.		
Samkvæmt rekstrarreikningi		20.625.014	51.396.221
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir		32.144.185	32.817.409
Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar	6	33.318.013	55.530.053
Reiknaðar verðbætur langtímalána		496.285	166.586
Reiknaðar verðbætur á verðbréf.....	5	(21.875.497)	(11.493.094)
Hreint veltufé frá rekstri		64.708.000	128.417.175
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Lækkun (aukning) viðskiptakrafna		3.981.437	(25.034.977)
(Lækkun) aukning viðskiptaskulda		42.234.345	33.266.199
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		46.215.782	8.231.222
Handbært fé frá rekstri		110.923.782	136.648.397
Fjárfestingarhreyfingar			
Seld áhöld og tæki		600.000	0
Framkvæmdir við fasteign o.fl.....		(24.634.724)	(2.461.358)
Aukning fjármagns í fjárvörslu	5	(48.000.000)	(200.000.000)
Leiðrétting vegna hludeildar í Skógarhlíð		0	2.864.108
Fjárfestingarhreyfingar		(72.034.724)	(199.597.250)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborgun langtímalána		(272.120)	(235.643)
Fjárfestingarhreyfingar		(272.120)	(235.643)
Breyting á handbæru fé á árinu		38.616.938	(63.184.496)
Handbært fé í ársbyrjun		185.911.053	249.095.549
Handbært fé í árslok		224.527.991	185.911.053

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Krabbameinsfélag Íslands er sjálfseignarstofnun og er tilgangur félagsins að styðja og efla í hvívetna baráttuna gegn krabbameini. Lögheimili félagsins er að Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna og breytt reikningsskilaaðferð

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði eða endurmetnu stofnverði að fráðregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu

Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu eru upphaflega metnar á gangvirði eða kostnaðarverði að viðbættum viðskiptakostnaði. Mat á gangvirði miðast við síðasta skráða kaupgengi á reikningsskiladegi þegar til er virkur markaður með viðkomandi eign. Markaður telst virkur ef hægt er að nálgast opinbert verð frá kauphöll eða öðrum aðilum og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila. Þegar virkur markaður er ekki til staðar er gangvirði viðkomandi fjárfestingar reiknað út með almennum viðurkenndum matslíkönum.

3. Laun og launatengd gjöld

	2013	2012
Laun	228.195.204	208.531.249
Launatengd gjöld	46.066.300	44.414.123
	<u>274.261.504</u>	<u>252.945.372</u>

Í árslok voru starfsmenn félagsins 54 í 40 stöðugildum, samanborið við 50 starfsmenn í 39 stöðugildum árið áður.

4. Lífeyrisgreiðslur og hækkun lífeyrisskuldbindingar

	2013	2012
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	33.318.013	55.530.053
Greiddur lífeyrir	25.125.231	26.957.136
	<u>58.443.244</u>	<u>82.487.189</u>

Skýringar

5. Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu

Fjáreignir Krabbameinsfélags Íslands samanstanda af bankareikningum, verðbréfum og öðrum eignum í fjárvörslu sem bókfærðar eru við markaðsverði í árslok.

	2013	2012
Bankareikningar	15.338.015	20.821.395
Hlutabréf	12.266.014	5.934.701
Skuldabréf	107.156.678	99.386.886
Eignastýringarsjóðir	324.477.407	263.219.635
	<u>459.238.114</u>	<u>389.362.617</u>

Breyting verðbréfaeignar og eigna í fjárvörslu greinist þannig:

	2013	2012
Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu í ársbyrjun	389.362.617	177.869.523
Aukning fjármuna í fjárvörslu	48.000.000	200.000.000
Ávöxtun ársins.....	21.875.497	11.493.094
	<u>459.238.114</u>	<u>389.362.617</u>

6. Lífeyrisskuldbindingar

Tryggingastærðfræðingur reiknaði út lífeyrisskuldbindingar félagsins miðað við árslok 2013. Miðað er við 2% reiknivexti og nýjar lífslíkur, byggðar á reynslu árána 2007 - 2011. Útreikningurinn gerir ráð fyrir að 55,5% af áfallinni skuldbindingu vegna LSR B-deildar falli á félagið og 59,6% af áfallinni skuldbindingu vegna LH falli á félagið. Miðað við 2% ávöxtunarkröfu skiptast lífeyrisskuldbindingar þannig í árslok.

	2013	2012
Vegna ellilífeyris	639.329.198	613.036.470
Vegna makalífeyris	80.309.285	76.314.211
Vegna örorkulífeyris	11.775.769	11.422.605
	<u>731.414.252</u>	<u>700.773.286</u>
Vegna núverandi starfsmanna	146.648.558	126.769.887
Vegna fyrrverandi starfsmanna	212.475.840	207.148.583
Vegna lífeyrisþega	372.289.854	366.854.816
	<u>731.414.252</u>	<u>700.773.286</u>

Tryggingastærðfræðingur tekur fram að útreikningur þessi byggir á forsendum, sem eru um margt háðar óvissu og þess vegna er niðurstaðan einnig óvissu bundin.

Rétt er að taka fram að þessi framsetning, þ.e. að færa lífeyrisskuldbindingarnar í ársreikning félagsins, felur ekki á neinn hátt í sér viðurkenningu á því að skuldbindingarnar tilheyri félaginu, en að áliti stjórnenda félagsins tilheyra skuldbindingarnar íslenska ríkinu, en ekki félaginu.

Á undanförunum árum hafa stjórnendur félagsins rætt þessi sjónarmið sín við forsvarsmenn íslenska ríkisins, með það fyrir augum að íslenska ríkið taki með formlegum hætti skuldbindingarnar yfir. Í ljósi þess að félaginu hefur enn ekki orðið nægjanlega ágengt í viðræðum sínum við opinbera aðila, eru skuldbindingarnar færðar í ársreikninginn.

Rekstrarsvið

Í árslok 2013 störfuðu átta starfsmenn á rekstrarsviði Krabbameinsfélags Íslands. Undir sviðið heyra skrifstofa, tölvudeild og mötuneyti.

Skrifstofa. Á skrifstofu starfa sex starfsmenn. Meginverkefni skrifstofu eru fjármálastjórn, starfsmannastjórn, launavinnsla, innheimta, bókun reikninga, greiðsla reikninga, móttaka, símavarsla og umsjón með minningakortum ásamt ýmsum sérverkefnum og samningamálum

Mötuneyti. Matráður félagsins hefur umsjón með mötuneyti félagsins og sér um veitingar fyrir fundi tengda starfsemi félagsins þegar það á við.

Tölvudeild. Í tölvudeild starfar einn starfsmaður og er aðalviðfangsefni hans þjónusta við aðrar deildir félagsins á sviði vélbúnaðar og hugbúnaðar.

Þróstur Árni Gunnarsson.

Fræðsla og útgáfa

Undir fræðslu- og útgáfusvið heyrir fræðsla, útgáfa og fasteignin að Skógarhlíð 8.

Heilbrigðismál, tímarit Krabbameinsfélagsins, hefur komið út óreglulega undanfarin ár. Tímaritið er aðgengilegt á timarit.is allt frá 1949. Af öðrum útgáfuverkefnum má nefna ársskýrslu, sem gefin var út fyrir aðalfund og frágang ársskýrslu Leitarstöðvarinnar. Ritstjórn efnis á vefsíðu félagsins er eitt af verkefnum.

Fræðsluráð Krabbameinsfélagsins starfar í samvinnu Krabbameinsfélags Íslands og Krabbameinsfélags Reykjavíkur. Á fundum ráðsins hefur meðal annars verið unnið að undirbúningi nýrra fræðslurita. Aukin samvinnu um fræðslumál er við Ráðgjafarþjónustuna.

Starfsmenn sviðsins unnu ýmis önnur störf á vegum Krabbameinsfélagsins. Þá hvíldi undirbúningur fyrir aðalfund Krabbameinsfélagsins vorið 2013 og formannafund um haustið að miklu leyti á þessari deild. Stuðningshópar sjúklinga voru aðstoðaðir á ýmsan hátt. Loks var sinnt öðrum verkefnum svo sem húsnæðismálum, undirbúningi fyrir árveknisátök o.fl.

Sviðsstjóri er ritari á fundum stjórnar félagsins, formaður húsnefndar og ritari rannsóknasjóða og velunnarsjóðs.

Jónas Ragnarsson.

Markaðsmál og fjáröflun

Megintilgangur markaðssviðs er að efla starfsemi félagsins og kynningu á því, styrkja ímynd þess og auka og efla fjáröflunarleiðir og þar með tekjur félagsins. Undir markaðssvið fellur öll fjáröflun sem stunduð er undir vörumerki félagsins, að undanskildu Hapdrætti Krabbameinsfélagsins. Markaðs- og fjáröflunarstjóri ber ábyrgð á ímynd og virði vörumerkjanna Krabbameinsfélagið, Bleika slaufan og Mottumars. Markaðssvið sér um ýmis samskipti við fjölmiðla fyrir hönd Krabbameinsfélags Íslands, birgja er tengjast markaðs- og kynningarmálum, annast vefsíðu Krabbameinsfélagsins sem og samfélagsvefjasíður þess og annast hverja þá markaðssetningu sem tengist félaginu.

Samtals eru tvö stöðugildi á sviðinu er annast markaðs- og fjáröflunarstarf félagsins, sem og kynningarstarf og heldur utan um þau ýmsu verkefni sem þar fellur undir.

Verkefni á árinu

Mottumars. Í mars 2013 fékk Krabbameinsfélag Íslands íslenska karlmenn til að safna yfirvaraskeggi og um leið að safna áheitum á vefnum www.mottumars.is. Yfirvaraskeggið er táknrænt og á að hvetja karlmenn til að tala um krabbamein og taka þátt. Þetta var í sjöunda sinn sem átakið Karlar og krabbamein var framkvæmt en í fjórða sinn sem Mottumars var haldinn með þessu sniði. Meginmarkmið átaksins er að bæta þekkingu þjóðarinnar á krabbameini karla og auka árvekni, sem og að afla fjár sem gerir félaginu kleift að sinna forvörnum, fræðslu, ráðgjöf og rannsóknum á krabbameinum karla en framtíðarmarkmið er að fækka krabbameinum hjá karlmönnum. Gerðar voru nýjar auglýsingar til að ná til almennings. Hljómsveitin Hetjurnar var stofnuð og búin til saga í kringum hana, þ.e. að hún hafi verið á hátindi frægðarinnar á áttunda áratugnum en síðan flosnað upp vegna deilna, hins vegar hafi fundist lag með þeim „Villibráð“ í stúdíó-i og gáfu þeir lagið til Mottumars og tekið var upp myndband sem auglýsingar byggðu á. Átakið var opnað með athöfn í samstarfi við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, en slökkviliðsmennirnir hafa verið dyggir stuðningsmenn Mottumars. Mjög margir lögðu Krabbameinsfélaginu lið með fjárframlagi, vinnuframlagi eða með annars konar þátttöku. Fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklingar lögðu sitt af mörkum. Mottudagurinn var haldinn víða um land, örráðstefna var haldin hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins og samkomur haldnar m.a. í Hofi á Akureyri og víðar um land. Aðildarfélög Krabbameinsfélagsins tóku þátt í fjáröfluninni m.a. með sölu á armbandi. Læknir frá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins heimsótti fyrirtæki og hélt fyrirlestra um karlmenn og krabbamein þeim að kostnaðarlausu. Mikil umræða og greinaskrif voru um verkefnið og aukinn fjöldi heimsótti heimasíðu félagsins. Fjáröflunarhluti átaksins skiptist í nokkra þætti. Í fyrsta lagi fór fram keppni þar sem heitið var á þátttakendur, í öðru lagi voru seld armbönd, í þriðja lagi fór fram sala á rafborðum til fyrirtækja og stofnana, og í fjórða lagi voru aðalstyrktaraðilar: Arion banki, Sölufélag garðyrkjumanna (íslenskt grænmeti) og Vodafone. Loks bárust félaginu margvíslegar gjafir og styrkir í tengslum við átakið, bæði meðan á því stóð og eftir að því lauk.

Heilsuhlaup Krabbameinsfélagsins var haldið þann 30. maí, í tengslum við tóbakslausa daginn. Eins og áður var hægt að hlaupa 3 km eða 10 km. Rúmlega 300 manns hlupu og lagði Elísabet Margeirsdóttir félaginu lið og aðstoðaði við kynningu. Tími var mældur hjá öllum og úrslit voru birt á vefsíðu Krabbameinsfélagsins. Fjölmiðleg útdráttarverðlaun voru í boði og heildarverðmæti vinninga um 500.000 krónur en aðalstyrktaraðili hlaupsins var Asics.

Kastað til bata var haldið í fjórða sinn í júní 2013. Tólf konur voru valdar úr hópi umsækjenda en allar höfðu þær lokið meðferð við brjóstakrabbameini og var boðið að taka þátt í ævintýri á vegum Samhjálpur kvenna, Krabbameinsfélags Íslands og styrktaraðila. Farið var í Laxá í Laxárdal, þar sem ævintýrið og verkefni Kastað til bata hófst á sínum tíma. Verkefnið þykir einkar vel heppnað og sótt af konum um allt land.

Karlarnir og kúlurnar var haldið í annað sinn í september 2013. Þar var körlum boðið í golf en verkefnið er samstarfsverkefni Krabbameinsfélags Íslands, Framfarar, Góðra hálsa og Krafts. Körlum var boðið í

golfkennslu og golfmót á golfvellinum í Sandgerði þar sem þeir fengu einnig fræðslu um mikilvægi hreyfingar. Vel tókst til og mikil ánægja er með þetta verkefni.

Bleika slaufan. Tilgangur Bleiku slaufunnar er að vekja athygli á krabbameinum hjá konum og er þetta árveknis- og fjáröflunarátak. Í bleika mánuðnum eru konur hvattar til að kynna sér einkenni krabbameina og nýta sér boð Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins. Í ár var slaufan hönnuð af Orr skartgripasmiðum sem sáu einnig um söluna á silfurútgáfu Bleiku slaufunnar. Bleika slaufan 2013 átti að vera tákn óendanleikans sem umvafði bleikan stein í miðju og átti að minna á að kærleikur okkar hvors í annars garð er sterkasta vopnið þegar erfiðleikar steðja að. Það var Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra, sem afhenti fyrstu slaufuna til háskólanema í heilbrigðisvísindum í byrjun októbermánaðar í Hörpu, sem var einnig lýst bleik í tilefni átaksins. Farin var nokkuð nýstárleg leið við markaðssetningu á áttakinu þar sem sett var á laggirnar lifandi bleikt uppboð sem fór fram á vef Bleiku slaufunnar. Boðnir voru upp tíu hlutir til styrktar málefnum og fólk um leið minnt á að styðja við baráttuna gegn krabbameini hjá konum og hvatt til að kaupa Bleiku slaufuna. Bleikt blað var gefið út, með aukablaði Fréttablaðsins (Lífinu). Bleiki dagurinn var haldinn um land allt og Bleika kvöldið var á sínum stað, en þó með breyttum sniði. Fræðsla um konur og krabbamein fór fram í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og eins hjá fyrirtækjum, þeim að kostnaðarlausu. Fjölmargar greinar voru skrifaðar og viðtöl og reynslusögur birtar í ýmsum miðlum en mikil samskipti voru einnig við Facebook-vini Bleiku slaufunnar sem eru nú tæplega 20.000 talsins.

Önnur verkefni

Fjölmörgum öðrum verkefnum stórum sem smáum var sinnt á undanfögnu ári. Til að mynda var hafist handa við vinnu vegna nýrra boðunarbréfa á Leitarstöð. Nýtt útlit og nálgun sem á að ná betur til hvers markhóps og leitast var eftir að fylgja nýjum bréfum vel á eftir og vera sýnilegri inni á samskiptamiðlum og vefsíðum. Þá var öflun og rekstur á velunnurum félagsins endurskoðað og fjárfest í bættu utanumhaldi, vinnu sem áætlað er að ljúki vorið 2015. Einnig voru lögð drög að endurbótum á heimasíðu félagsins, að koma henni í betra og aðgengilegra form með aukinni áherslu á fræðslu. Ýmis aðstoð við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins m.a. hafist handa við gerð nýrra bæklinga og kynningarefnis. Reykjavíkumaraþon var haldið í ágúst þar sem fjölmargir hlupu til styrktar félaginu. Þá er minningarkortakerfi Krabbameinsfélagsins í stöðugri þróun og bætt var við nýjum leiðum til að senda kort, bæði tækifæriskort og eins fyrir Íslendinga stadda erlendis.

Þakkarorð

Markaðs- og fjáröflunarsvið Krabbameinsfélags Íslands þakkar öllum þeim einstaklingum, félögum, stofnunum og fyrirtækjum sem hafa lagt félaginu lið á árinu með fjárframlögum, vinnu og með annars konar stuðningi. Þitt framlag skiptir máli.

Sandra Sif Morthens.

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins

Sex ár eru liðin frá því að Ráðgjafarþjónustan hóf starfsemi sína í þeirri mynd sem hún er í dag. Starfsmenn eru tveir hjúkrunarfræðingar, félagsráðgjafi og umsjónarmaður íbúða félagsins. Jafnframt vinnur framkvæmdastjóri Krafts, félags ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandenda þeirra náið með starfsfólki Ráðgjafarþjónustunnar ásamt sálfræðingi þeirra sem hefur umsjón með stuðningsnetinu. Heildarfjöldi stöðugilda eru 2,6. Íþróttafræðingur, með sérmenntun í þjálfun krabbameinssjúklinga, hefur verið í tímabundnu verkefni við að skoða hvað er í boði í endurhæfingarmálum fyrir krabbameinssjúklinga sem eru í eða hafa lokið meðferð. Margir hafa komið að með námskeið, fyrirlestra og örráðstefnur á árinu.

Starfsemin

Hjá Ráðgjafarþjónustunni er veitt fjölbreytt þjónusta sem snýr að upplýsingagjöf, fræðslu, ráðgjöf og sálfélagslegum stuðningi við þá sem hafa greinst með krabbamein og við aðstandendur þeirra. Þeir sem nýta sér þjónustuna eru á öllum stigum sjúkdómsins, þeir geta verið í greiningarferlinu, nýgreindir, í meðferð og að endurgreinast. Einnig eru margir komnir töluvert frá meðferð en hafa ekki náð að fóta sig aftur í daglegu lífi. Aðstandendur nýta sér einnig þjónustuna og ekki síst eftirlifendur. Markmið þjónustunnar er að aðstoða fólk við að ná jafnvægi í lífinu eftir þær breyttu aðstæður sem greining krabbameins veldur. Þjónustan nær jafnt til einstaklinga sem hópa. Eftir sem áður getur fólk komið án þess að gera boð á undan sér eða pantað tíma og þjónustan er í flestum tilfellum án endurgjalds. Í Ráðgjafarþjónustunni er góð aðstoða fyrir fólk til að hittast og deila upplifun sinni á veikindum. Máttur jafningjastuðningsins er mikill. Tíu stuðningshópar eru með aðstöðu hjá Ráðgjafarþjónustunni og hafa flestir þeirra reglulega fundi yfir vetrartímann.

Samskipti fara fram með viðtölum, símaráðgjöf og með tölvupósti. Aukning hefur orðið milli ára á samskiptum og árið 2013 voru skráð 1.790 samskipti (voru 1.460 árið 2012).

Framkvæmdir við breytingar á húsnæðinu hafa verið vel heppnaðar gerðu okkur kleift að bjóða upp á fjölbreyttari þjónustu á sama tíma og koma þannig betur til móts við þá sem leita til okkar. Fengin voru ný gluggatjöld, upptöku og hljóðkerfi var yfirfarið.

Símaráðgjöfin

Sú breyting var á árinu að símaráðgjöfin var sett í fastari skorður og auglýst opin alla virka daga frá kl. 13-15. Hjúkrunarfræðingur eða félagsráðgjafi svarar símanum og svarar einnig tölvupóstum sem berast til þjónustunnar. Í árveknimánuðunum var lækni einnig við símann. Opnað var nýtt netfang radgjof@krabb.is og gjaldfrjálsa númerið okkar er 800 4040.

Námskeið

Fjölmörg námskeið hafa verið í boði á árinu. Fastir liðir í dagskrá þjónustunnar voru Qi-gong ástundun og heilsuæfingar, núvitund, HAM-námskeið (hugræn atferlismeðferð), snyrtinámskeið (Gott útlit – betri líðan) og samvera fyrir eftirlifendur. Frá haustinu var gerð breyting á þessari samveru og hún ætluð öllum sem höfðu misst náninn ástvin úr krabbameini. Undanfarin ár hefur þessi samvera verið fyrir ekkjur og ekkla. Áherslan í vetur var að kynna ólík bjargráð fyrir aðstandendur í sorg. Önnur námskeið sem voru í boði í vetur voru m.a. sjálfseflingarnámskeið, fræðsla frá Landspítala um ýmsa þætti er snúa að veikindunum, jóga, skapa og skrifa, samskipti para í veikindum og stuðningur við ekkjur og ekkla sem boðið var upp á í samvinnu við Nýja dögum. Á aðventunni voru rithöfundar fengnir til að lesa upp úr nýjum bókum.

Hádegisfyrirlestrar hafa verið annan hvern miðvikudag í hverjum mánuði yfir vetrartímann. Þar er leitast við að hafa fræðslu um þau mál sem snúa að heilsu og betri líðan. Aukin áhersla var lögð á fræðslu og stuðning við aðstandendur samhliða annarri fræðslu. Örráðstefnur voru þrjár, *Karlar og krabbamein* í mars, *Aðgát skal höfð í nærveru sólar* í maí og *Lífið heldur áfram* í október. Á alþjólegum degi líknar 10. október var haldin ráðstefna á Grand hótél um fullyrðingar sem standast ekki í líknarmeðferð. Þetta var samvinnu

verkefni milli Ráðgjafarþjónustunnar, Lífsins, samtök um líknandi meðferð, Hollvinasamtök líknardeilda og Landspítalans. Ráðstefnan var send út á sjö staði á landinu. Þetta mæltist vel til og ákveðið hefur verið að endurtaka leikinn.

Sú nýjung varð á árinu að þjónustan gat boðið upp á HAM-námskeið á líknardeild Landspítalans og voru tvö námskeið haldin þar á árinu.

Fræðsla fyrir heilbrigðisstarfsfólk er vaxandi þáttur þjónustunnar en í boði var tjáskiptanámskeið sem bar yfirskriftina *Að færa slæmar fréttir* og var það vel sótt af læknum og hjúkrunarfræðingum. Fyrirhugað er að halda áfram að bjóða upp á þetta og komið er á samstarf við EC4H (Effective communication for Healthcare) í Skotlandi með þessi námskeið. Hjúkrunarfræðingur frá Ráðgjafarþjónustunni og læknir frá Landspítala sóttu námskeið til Skotlands til að geta haldið námskeiðin. Einnig var starfsfólki krabbameinseiningar Landspítalans boðið upp á örnámskeið í núvitund og var mikil ánægja með það.

Alls voru viðburðir 180 á árinu og þátttakendur voru um 3.700 (árið 2012 voru þeir 146 og þátttakendur 3.100).

Samstarfsaðilar

Samstarf er gott við þjónustuskrifstofur Krabbameinsfélagsins um land allt. Ráðgjafarþjónustan sér um samhæfingu og er faglegt bakland fyrir þjónustuskrifstofurnar sem eru átta á landsbyggðinni. Þjónustuskrifstofan í Reykjanesbæ var opnuð á ný á árinu eftir endurskipulagningu. Mikil samvinna var við stjórn félagsins í Reykjanesbæ í þessum breytingum. Samráðsfundir eru haldnir tvisvar á ári og er þá rætt um það starf sem innt er af hendi ásamt því að fá fræðslu um þau mál sem eru í gangi. Á árinu var áhersla lögð á að bæta skráningu á samskiptum sem fram fóru á þjónustuskrifstofunum. Reglur um þjónustuskrifstofurnar voru endurskoðaðar í maí og síðan samþykktar af stjórn félagsins. Einnig var farið yfir það breytta landslag í réttindamálum krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra, sérstaklega varðandi lyfjakostnað og annan kostnað sem snýr að rannsóknum og meðferð.

Mikilvægt samstarf er við heilbrigðisstarfsfólk Landspítala sem sinnir krabbameinssjúklingum og aðstandendum þeirra. Starfsfólk spítalans er ötult við að bjóða margs kyns þjónustu hjá Ráðgjafarþjónustunni og hefur samvinna hefur verið m.a. við endurhæfingarteymi Landspítala um námskeiðsloftur fyrir nýgreinda krabbameinssjúklinga. Einnig hefur verið samstarf við geðsvið Landspítala, en sálfræðingur af sviðinu hefur séð um öll núvitundarnámskeiðin sem boðið hefur verið upp á í Ráðgjafarþjónustunni. Þetta samstarf er ómetanlegt og skilar sér í bættri þjónustu við krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

Ráðgjafarþjónustan kom að stóru árvekniverkefnum félagsins í mars og október, Mottumars og Bleiku slaufunni. Starfsmenn tóku þátt í undirbúningi, skipulagningu á fræðslu til fyrirtækja og skóla ásamt því að koma fram í fjölmiðlum.

Ráðgjafarþjónustan og Krabbameinsfélag Reykjavíkur hafa unnið saman í mörgum verkefnum á árinu og samstarfið verið faglegt, gjöfult og árangursríkt fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur þeirra á höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu. Verkefni sem hafa verið í gangi eru fjölmörg og má þar nefna m.a. fræðsluefni um næringu í samvinnu við næringarráðgjafa á Landspítalanum og fræðslu á netinu. Einnig var stofnaður samstarfshópur um aukið aðgengi að upplýsingum og ákveðnu samskiptaneti á vefnum. Samvinna hefur verið í öllum undirbúningi örráðstefnur og með þá fræðslu sem hefur verið í boði til fyrirtækja og skóla. Reykbindindisnámskeiðin á vegum Krabbameinsfélags Reykjavíkur hafa verið haldin í húsnaði Ráðgjafarþjónustunnar.

Sýnd voru málverk eftir Höllu Harðardóttur listakonu frá Reykjanesbæ.

Verkefni

Starfsmenn hafa farið víða með kynningar á þjónustunni má þar nefna í Borgarnes, að Eiðum og fyrir ýmsa hópa og félagasamtök. Í október var Ráðgjafarþjónustan með kynningarbás ásamt Ljósinu á málþingi

krabbameinshjúkrunarfræðinga. Málþingið var vel sótt en efni þess var um lífið og krabbamein (Cancer survivorship).

Verkefni sem hafa verið í gangi eru meðal annars „Kastað til bata“ og „Karlarnir og kúlurnar“. Hagnýtar upplýsingar voru endurskoðaðar og hafin er vinna að undirbúningi á nýjum bæklingi fyrir þjónustuna. Fundir voru vegna breytinga á lyfjakostnaði og einnig var samvinna um gerð skýrslu sem kom út í september um aukna kostnaðarþátttöku krabbameinsjúklinga. Forstöðumaður tók þátt í undirbúningi á samnorrænu verkefni sem á að fara í gang á vegum norrænu krabbameinsfélagana. Tilgangurinn er að kanna gæði þjónustu við krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra. Mun þetta verkefni sýna stöðuna í hverju landi og innan hvers lands og mun gera samanburð og þróun á þjónustu sýnilega.

Umfjöllun var í Morgunblaðinu í október um Ráðgjafarþjónustuna og þá sérstaklega vakin athygli á, þeirri tryggð og seiglu sem Gunnar Eyjólfsson hefur sýnt Ráðgjafarþjónustunnar og öllum þeim sem nýta sér þjónustuna. Hann hefur leitt Qi-gong ástundun síðast liðin 6 ár.

Nemar úr félagsvísindadeild Háskóla Íslands hafa verið í verknámi í Ráðgjafarþjónustunni sem áður og er þetta mikilvægur þáttur hjá þjónustunni.

Starfsmenn sóttu sér endurmenntun, hjúkrunarfræðingur fór á dáleiðslunámskeið og var einnig hvattur af Samhjálp kvenna til að sækja þjálfunarnámskeið í Milanó sem haldið var á vegum Europa Donna í nóvember en þetta eru hagsmunasamtök sem vinna að því að konur í Evrópu eigi jafnan rétt á upplýsingum og fræðslu um brjóstakrabbamein, leit að sjúkdómnum og meðferð. Félagsráðgjafi sótti framhaldsnámskeið í augnhreyfimeðferð og forstöðumaður sótti leiðbeinendanámskeið í tjáskiptatækni hjá EC4H í Skotlandi.

Gjafir og styrkir

Ráðgjafarþjónustunni bárust ýmsar gjafir og peningastyrkir á árinu og ber þar sérstaklega að nefna framlag frá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur. Þessi stuðningur hefur verið ómetanlegur til að efla og þróa þjónustuna.

Sigrún Lillie Magnúsdóttir.

Íbúðirnar á Rauðarárstíg

Íbúðir fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur þeirra af landsbyggðinni, til afnota á meðan meðferð fer fram í Reykjavík, eru átta, allar að Rauðarárstíg 33. Sex þeirra eru eign Krabbameinsfélags Íslands og Rauða kross Íslands, ein eign Krabbameinsfélags Íslands og Hússjóðs Öryrkjabandalagsins og ein eign Krabbameinsfélags Íslands og Styrktarsjóðs Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja. Ráðgjafarþjónustan ber ábyrgð á íbúðum félagsins en Landspítali sér um daglegan rekstur. Nánari upplýsingar má fá á móttöku geislameðferðar krabbameina á Landspítala við Hringbraut í síma 543 6800 og 543 6801.

Íbúðirnar hafa verið vel nýttar og langflestir hafa fengið íbúð þegar sótt er um. Úthlutun á íbúðunum fer fram á geisladeild Landspítala. Kostnaður er nú 1.850 kr. á sólarhring fyrir leigutaka. Sum krabbameinsfélög á landsbyggðinni taka þátt í greiðslu kostnaðar við dvöl í íbúðunum.

Gjafir frá aðildarfélögum og fleirum hafa gert okkur kleift að endurnýja húsbúnað, auk annars viðhalds. Á árinu 2013 komu gjafir frá Krabbameinsfélagi Austfjarða, Krabbameinsfélagi Suðausturlands og Krabbavörn í Vestmannaeyjum. Þetta er ómetanlegur stuðningur og kemur sér vel fyrir þann hóp sem nýtir íbúðirnar.

Sigrún Lillie Magnúsdóttir og Steinunn Friðriksdóttir.

Íbúðir fyrir krabbameinssjúklinga að Rauðarárstíg 33 í Reykjavík.

	<i>Tekin í notkun</i>	<i>Nýting 2009</i>	<i>Nýting 2010</i>	<i>Nýting 2011</i>	<i>Nýting 2012</i>	<i>Nýting 2013</i>
Íbúð 201	16.03.1995	42 vikur	35 vikur	46 vikur	48 vikur	51 vika
Íbúð 202	16.03.1995	51 vika	42 vikur	40 vikur	45 vikur	48 vikur
Íbúð 203	06.08.1996	44 vikur	32 vikur	42 vikur	44 vikur	34 vikur
Íbúð 204	03.05.2003	51 vika	46 vikur	40 vikur	47 vikur	48 vikur
Íbúð 205	11.12.1992	47 vikur	39 vikur	41 vika	46 vikur	34 vikur
Íbúð 206	27.06.2001	50 vikur	41 vika	42 vikur	49 vikur	42 vikur
Íbúð 207	17.01.2005	40 vikur	40 vikur	33 vikur	44 vikur	42 vikur
Íbúð 306	03.05.2002	50 vikur	48 vikur	46 vikur	46 vikur	39 vikur
Meðaltal		47 vikur	40 vikur	41 vika	46 vikur	42 vikur

Nýting eftir landshlutum 2013.

Akureyri og Eyjafjörður	(Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis)	28 sjúklingar
Austfirðir og Austurland	(Krabbameinsf. Austfjarða og Krabbameinsf. Austurlands)	25 sjúklingar
Vestfirðir	(Krabbameinsf. Táknafrj. og Vesturb. og Sigurvon)	12 sjúklingar
Vestmannaeyjar	(Krabbavörn Vestmannaeyjum)	10 sjúklingar
Skagafjörður	(Krabbameinsfélag Skagafjarðar)	6 sjúklingar
Aðrir landshlutar		28 sjúklingar
Samtals		109 sjúklingar

Krabbameinsskráin

Krabbameinsskráin hefur tiltækar upplýsingar um nýgreind krabbamein fyrir alla þjóðina frá og með 1955. Skráin er ein fárra lýðgrundaðra skráa sem taka til heilla þjóða í heiminum. Hún var stofnuð um svipað leyti og krabbameinsskrár á hinum norrænu löndunum og eru þessar skrár allar mjög sambærilegar hvað varðar upplýsingar, þekjun og áreiðanleika gagna. Tölulegar upplýsingar um krabbamein á Íslandi birtast árlega á vefsíðu Krabbameinsskrárinnar (krabbameinsskra.is) og í norræna gagnagrunninum NORDCAN (www.ancr.nu), auk þess að birtast á fjögurra ára fresti í bókinni Krabbamein á Íslandi, sem hefur komið út þrisvar, síðast árið 2012.


Skráð eru í einn grunn öll krabbamein sem greinast á Íslandi og eftir atvikum skyldir sjúkdómar eða viðurkenndar forstigsbreytingar æxlisvaxtar. Á undanförnum árum hafa í vaxandi mæli verið skráðar ítarlegri upplýsingar um meinin og er einkum framför að skráningu á sjúkdómsstigi við greiningu í algengustu meinunum. Krabbameinsskráin er haldin með það fyrir augum að hinar skrásettu upplýsingar megi nota til faraldsfræðilegra rannsókna á orsökum krabbameina, stjórnunar og áætlanagerðar í heilbrigðisþjónustu, gæðaeftirlits og athugana á árangri við meðferð og skimun. Ennfremur er einn megin-tilgangur Krabbameinsskrárinnar að hafa tiltækar réttar tölfræðiupplýsingar um krabbamein í landinu t.d. með upplýsingum um nýgengi krabbameina og horfur krabbameinssjúklinga til þess, meðal annars að unnt sé að bera saman slíkar tölur frá Íslandi við tölur frá öðrum löndum og breytingar á þeim með tímanum.

Krabbameinsskráin skiptist í skráningardeild, faraldsfræðideild og ættadeild. Yfirlæknir er Jón Gunnlaugur Jónasson meinafræðingur og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, en framkvæmdastjóri er Laufey Tryggvadóttir faraldsfræðingur og klínískur prófessor við Háskóla Íslands. Annað starfsfólk er Elínborg Jóna Ólafsdóttir sérfræðingur, Guðríður H. Ólafsdóttir gagnagrunnsstjóri, Hrefna Stefánsdóttir og Kristín Alexíusdóttir sem vinna við skráningu og rannsóknir, Sigrún Stefánsdóttir deildarstjóri skráningar og Þorgils Völundarson forritari. Lára G. Sigurðardóttir læknir er í hlutastarfi við verkefni tengd rannsóknum á virkni bóluefnis gegn leghálskrabbameini. Loks vinna einn eða fleiri háskólanemar að jafnaði að vísindaverkefnum við Krabbameinsskrána. Föst stöðugildi eru 6, en verkefnavinna þar fyrir utan er fjármögnuð með styrkjum.


Krabbameinsskráin hefur verið rekin af Krabbameinsfélagi Íslands frá upphafi en síðustu áratugi með góðum stuðningi frá velferðarráðuneytinu. Með lögum um landlækni frá 1. september 2007 fékk Krabbameinsskráin formlega lagastoð, en þar er hún skilgreind sem ein af þeim heilbrigðisskrám sem landlækni ber að halda. Í kjölfarið gerðu landlæknir og Krabbameinsfélag Íslands með sér samning sem kvað á um að félagið tæki að sér áframhaldandi rekstur skrárinnar í umboði landlæknis.

Myndir 1 og 2 sýna breytingar á nýgengi krabbameina með tímanum. Svo virðist sem lækkun sé hafin á nýgengi blöðruhálskirtilskrabbameins eftir bratta og stöðuga nýgengisaukningu í áratugi þar á undan. Árlegur fjöldi krabbameinsgreininga er nú 1.448 eins og sést í töflu 2. Stöðugt fjölgar þeim sem eru á lífi eftir greiningu krabbameins og í árslok 2011 var fjöldinn nálægt 12.000 manns, eða 3,7% þjóðarinnar (tafla 3), en í árslok 1961 var hlutfallið 0,4%. Í töflu 4 sést að fimm ára hlutfallsleg lifun hefur aukist mikið fyrir flest mein og sem dæmi má nefna langvinnt hvítblæði hjá konum. Ánægjulegt er einnig að sjá að um tveir af hverjum þremur sem greinast með krabbamein geta vænst þess að lifa fimm ár eða lengur eftir greiningu og á þetta við um bæði kyn.

Jón Gunnlaugur Jónasson og Laufey Tryggvadóttir.



Mynd 1. Karlar.
Breytingar á
nýgengi* nokkurra
krabbameina.



Mynd 2. Konur.
Breytingar á
nýgengi* nokkurra
krabbameina.

* Miðað við 100.000, aldursstaðlað (alheimsstaðall), fimm ára hlaupandi meðaltöl.

Tafla 1. Árlegt aldursstaðlað nýgengi af 100.000 (miðað við alþjóðlegan aldursstaðal).

<i>Karlar</i>	1958 -1962	1963 -1967	1968 -1972	1973 -1977	1978 -1982	1983 -1987	1988 -1992	1993 -1997	1998 -2002	2003 -2007	2008 -2012
Krabbamein í blöðruhálskirtli	13,2	24,5	26,7	32,5	40,7	53,3	61,6	76,8	83,1	100,1	88,2
Lungnakrabbamein	13,6	14,2	18,0	21,2	28,9	36,2	34,0	36,9	32,7	35,5	30,5
Krabbamein í þvagvegum(þvagblöðru o.fl.)	6,2	7,6	11,3	13,9	20,6	22,4	22,1	22,4	22,4	23,4	24,5
Ristilkrabbamein	9,8	10,8	12,6	12,6	16,0	19,0	18,4	20,0	22,4	24,1	21,5
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	2,3	2,4	2,9	5,1	4,1	5,7	5,0	8,1	9,3	11,2	15,8
Nýrnakrabbamein	9,5	11,8	12,6	9,3	12,1	10,8	12,9	15,7	15,2	13,4	14,1
Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi	8,6	7,9	7,4	8,6	8,3	9,0	13,5	11,4	10,3	10,9	11,3
Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins)	2,8	2,6	4,8	3,2	4,5	7,2	8,3	9,7	9,9	11,0	10,4
Sortuæxli í húð	0,7	1,0	1,6	1,3	3,6	3,4	3,5	6,7	8,8	10,9	9,1
Endaþarmskrabbamein	3,8	8,0	6,9	5,8	8,4	8,0	6,4	7,4	8,1	9,2	7,7
Krabbamein í vélinda	7,4	6,3	4,4	3,9	4,4	4,1	6,3	5,4	5,2	5,3	7,1
Magakrabbamein	65,1	50,6	40,8	34,7	29,7	28,4	20,6	15,5	11,5	9,2	6,2
Krabbamein í brisi	6,1	8,1	6,9	11,7	9,4	10,4	10,1	7,7	8,1	8,0	5,6
Krabbamein í eistum	1,1	2,3	2,2	3,1	3,0	4,3	6,0	5,7	5,0	6,0	5,4
Langvinnt hvítblæði	6,2	1,9	3,3	4,6	3,0	5,0	3,4	3,9	4,8	5,4	5,4
Öll mein	195,5	205,4	210,0	217,3	249,7	277,7	287,1	301,4	309,4	332,7	312,9
<i>Konur</i>	1958 -1962	1963 -1967	1968 -1972	1973 -1977	1978 -1982	1983 -1987	1988 -1992	1993 -1997	1998 -2002	2003 -2007	2008 -2012
Brjóstakrabbamein	38,5	47,2	46,7	56,2	60,5	67,9	74,5	72,6	84,7	86,7	93,0
Lungnakrabbamein	5,3	8,8	12,3	13,7	23,4	27,0	28,4	29,7	31,8	32,4	32,3
Ristilkrabbamein	10,0	11,2	15,2	14,7	14,0	14,0	14,9	15,1	14,7	17,0	16,0
Sortuæxli í húð	1,5	2,7	3,5	4,0	5,8	5,3	7,1	10,7	18,3	17,3	13,3
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	1,8	0,6	2,1	2,7	2,2	3,0	4,6	4,9	9,1	9,0	12,9
Krabbamein í legbol	11,3	13,0	10,5	14,1	12,7	11,0	14,5	12,9	12,7	12,4	11,6
Krabbamein í skjaldkirtli	7,2	10,3	18,6	15,8	10,7	8,1	9,5	12,3	10,9	12,0	10,4
Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi	6,3	7,6	6,8	8,6	11,9	10,1	11,3	12,2	12,9	14,3	10,1
Leghálskrabbamein	16,2	24,9	21,4	12,4	11,0	13,6	8,3	9,7	9,2	7,7	9,1
Nýrnakrabbamein	5,8	6,3	8,0	7,2	7,1	7,9	7,5	7,7	7,8	8,3	8,2
Krabbamein í eggjastokkum	11,8	12,9	13,2	13,0	12,6	13,8	11,3	13,0	11,3	7,3	7,5
Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.)	3,8	3,7	6,9	6,0	5,7	7,6	6,3	6,9	8,6	6,2	7,3
Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins)	1,5	1,8	1,8	3,0	4,4	3,5	4,5	6,0	5,8	6,6	7,2
Endaþarmskrabbamein	4,9	5,4	5,3	5,9	5,9	5,6	5,8	4,7	7,9	6,5	6,3
Krabbamein í brisi	3,8	8,2	6,6	6,3	6,6	6,7	7,5	6,5	6,2	5,8	5,5
Öll mein	193,3	220,5	233,7	234,3	240,8	250,8	261,6	275,5	297,0	295,0	291,4

Tafla 2. Árlegur meðalfjöldi algengustu krabbameina hjá íslenskum körlum og konum 2008-2012.
Raðað eftir fjölda nýrra tilfella á ári.

<i>Karlar</i>		<i>Konur</i>	
1. Krabbamein í blöðruhálskirtli	211	1. Brjóstakrabbamein	209
2. Lungnakrabbamein	75	2. Lungnakrabbamein	83
3. Krabbamein í þvagvegum*	62	3. Ristilkrabbamein	46
4. Ristilkrabbamein	55	4. Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	43
5. Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	45	5. Krabbamein í legbol	26
6. Nýrnakrabbamein	31	6. Sortuæxli í húð	27
7. Eitilfrumuæxli**	24	7. Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi ...	22
8. Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi ...	22	8. Krabbamein í skjaldkirtli	21
9. Sortuæxli í húð	20	9. Nýrnakrabbamein	21
10. Endaþarmskrabbamein	18	10. Eitilfrumuæxli**	18
Öll mein	746	Öll mein	702

* Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.) ** Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins-eitilfrumuæxli)

Tafla 3. Fjöldi einstaklinga á lífi eftir greiningu krabbameins. Algengustu meinin.
Fjöldi á lífi í árslok 2012.

	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Alls</i>
Brjóstakrabbamein	23	2.684	2.707
Krabbamein í blöðruhálskirtli	1.977		1.977
Ristilkrabbamein	412	378	790
Sortuæxli í húð	252	501	753
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	332	359	691
Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.)	509	166	675
Krabbamein í skjaldkirtli	131	461	592
Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi	188	308	496
Nýrnakrabbamein	265	188	453
Lungnakrabbamein	171	236	407
Krabbamein í legbol		398	398
Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins-eitilfrumuæxli)	222	164	386
Leghálskrabbamein	370	370	
Endaþarmskrabbamein	170	156	326
Krabbamein í eistum	263		263
<i>Breytingar á fjölda á lífi á síðustu 50 árum</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Alls</i>
Fjöldi á lífi í árslok 1962	285	444	729
Fjöldi á lífi í árslok 1972	674	1.158	1.832
Fjöldi á lífi í árslok 1982	1.328	2.114	3.442
Fjöldi á lífi í árslok 1992	2.207	3.201	5.408
Fjöldi á lífi í árslok 2002	3.472	4.696	8.168
Fjöldi á lífi í árslok 2012	5.477	6.866	12.343

Tafla 4. Fimm ára hlutfallsleg lifun fólks sem hefur greinst með krabbamein.

Nokkur valin mein.

<i>Karlar</i>	<i>1959-1968</i>	<i>1969-1978</i>	<i>1979-1988</i>	<i>1989-1998</i>	<i>1999-2008</i>
Krabbamein í eistum	67%	70%	91%	100%	98%
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	90%	71%	95%	93%	95%
Hodgkins-eitilfrumuæxli	26%	53%	85%	99%	93%
Krabbamein í skjaldkirtli	67%	89%	89%	87%	90%
Krabbamein í blöðruhálskirtli	36%	55%	64%	76%	88%
Sortuæxli í húð	51%	35%	77%	77%	87%
Endaþarmskrabbamein	37%	32%	51%	52%	79%
Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.)	46%	69%	75%	79%	78%
Ristilkrabbamein	44%	45%	44%	54%	62%
Magakrabbamein	13%	14%	22%	28%	27%
Krabbamein í vélinda	0%	7%	23%	10%	20%
Lungnakrabbamein	9%	8%	12%	12%	13%
Öll mein	26%	38%	47%	55%	66%
<i>Konur</i>	<i>1959-1968</i>	<i>1969-1978</i>	<i>1979-1988</i>	<i>1989-1998</i>	<i>1999-2008</i>
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	73%	90%	100%	100%	99%
Krabbamein í skjaldkirtli	73%	90%	88%	95%	96%
Sortuæxli í húð	70%	80%	87%	93%	93%
Langvinnt hvítblæði	13%	35%	41%	74%	90%
Brjóstakrabbamein	60%	72%	78%	85%	90%
Leghálskrabbamein	49%	72%	78%	75%	89%
Hodgkins-eitilfrumuæxli	33%	57%	83%	61%	88%
Krabbamein í legbol	66%	75%	74%	74%	83%
Ristilkrabbamein	27%	49%	51%	56%	64%
Endaþarmskrabbamein	39%	50%	53%	50%	73%
Magakrabbamein	10%	21%	32%	27%	45%
Lungnakrabbamein	7%	10%	13%	13%	16%
Krabbamein í vélinda	5%	2%	22%	10%	9%
Öll mein	40%	54%	57%	62%	70%

Leitarstöð Krabbameinsfélagsins

Leghálskrabbameinsleitin hófst árið 1964. Frá árinu 1969 og til ársloka 1987 takmarkaðist leitarstarfið við 25-69 ára konur og voru þær boðaðar til leitar á tveggja til þriggja ára fresti. Samhliða þjónustusamningi við heilbrigðisráðuneytið 1. janúar 1988 voru neðri aldersmörk færð niður í 20 ár og boðað var til leitar á tveggja ára fresti. Á miðju ári 2009 var boðun breytt á þann hátt að konur á aldrinum 40-69 ára voru boðaðar á fjögurra ára fresti svo fremi þær hefðu fimm eðlileg frumustrok og þar af tvö á síðustu sex árum. Frá ársbyrjun 2014 eru konur á aldrinum 23-69 ára boðaðar á þriggja ára fresti.

Brjóstakrabbameinsleitin. Frá árinu 1973 voru brjóst kvenna þreifuð um leið og þær komu til leghálskrabbameinsleitar. Ef eitthvað athugavert fannst voru konur sendar í nánari skoðun með brjóstarröntgenmyndatöku og finnárástungu (frá 1976). Í byrjun nóvember 1987 hófst skipulögð leit að brjóstakrabbameini með brjóstarröntgenmyndatöku hjá konum 35 ára og 40-69 ára og um leið var brjóstapreifingu hætt hjá þessum aldurshópum. Frá 1. janúar 1990 var brjóstapreifingu hætt hjá aldurshópnum 20-29 ára og frá 1. janúar 1993 var brjóstarröntgenmyndatöku hætt hjá 35 ára konum. Frá janúar 1997 var felld niður hefðbundin brjóstapreifing lækni og konur í öllum aldurshópum hvattar til sjálfskoðunar brjósta. Utan hefðbundinnar leitar er konum með einkenni frá brjóstum, sem ekki hafa tilvísun frá lækni utan Leitarstöðvar, bent á að ræða við hjúkrunarfræðing á Leitarstöðinni sem ákveður hvort henni er vísað til sérstakrar læknisskoðunar hjá svonefndri brjóstamóttöku Leitarstöðvarinnar.

Krabbameinsfélag Íslands hefur frá upphafi borið faglega og rekstrarlega ábyrgð á framkvæmd legháls- og brjóstakrabbameinsleitar hér á landi. Í júlí 1987 var gerður þjónustusamningur milli félagsins og heilbrigðisráðuneytisins um þennan rekstur sem tryggði að ráðuneytið tryggði fjárveitingar til rekstrarins. Fyrsti samningur við ráðuneytið tók gildi 1. janúar 1988 en hefur síðan verið endurnýjaður fjórum sinnum, síðast fyrir tímabilið 2009-2013. Sá samningur var framlengur á síðasta ári um eitt ár en nú er unnið að gerð samnings til lengri tíma.

Í lok árs 2013 voru föst stöðugildi á leitarviði 20,2 en auk þess störfuðu á leitarviði verktakar í 9,8 stöðugildum. Í árslok 2013 voru stöðugildi leitarviðs því samtals 30 en voru 29,8 árið áður.

Á meðfylgjandi töflum má sjá tölur um mætingu í leit og afrakstur hennar í stórum dráttum.

Kristján Oddsson.

Tafla 1: Ýmsar upplýsingar um leit að leghálskrabbameini.

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Fjöldi 20-69 ára kvenna sem komu í leit	31.336	31.806	28.378	24.711	28.048	30.829	30.836
Fjöldi 20-39 ára á vegum Leitarstöðvarinnar	5.689	5.563	6.007	5.887	6.074	6.469	6.713
Fjöldi 20-39 ára frá öðrum	7.595	8.266	8.046	7.838	7.865	7.925	8.372
Fjöldi 40-69 ára á vegum Leitarstöðvarinnar	14.314	14.098	10.724	7.638	10.394	12.656	11.846
Fjöldi 40-69 ára frá öðrum	3.738	3.879	3.601	3.348	3.715	3.779	3.905
Hlutfall afbrigðilegra frumustroka, 20-39 ára	7,3%	8,1%	9,1%	9,5%	8,7%	11,1%	8,1%
Hlutfall afbrigðilegra frumustroka, 40-69 ára	1,7%	2,0%	1,9%	2,6%	1,9%	2,9%	2,4%

Farið var að taka vökvásýni árið 2007. Hlutfall afbrigðilegra frumúsýna eftir vökvásýni er um 60% hærra en eftir hefðbundin sýni. Það skýrir að hluta hækkanði hlutfall afbrigðilegra frumustroka síðustu ár.

Tafla 3: Leghálsskoðanir 2013 eftir aldurshópum.

	<i>Leitarstöð og heilsugæsla</i>	<i>Sérfræðingar og sjúkrastofnanir</i>	<i>Samtals</i>
19 ára og yngri	15	81	96
20-24 ára	1.929	2.047	3.976
25-29 ár	1.519	2.106	3.625
30-39 ára	3.265	4.219	7.484
40-49 ára	4.031	2.264	6.295
50-69 ára	7.815	1.641	9.456
70 ára og eldri	715	161	876
<i>Fjöldi kvenna alls</i>	<i>19.289</i>	<i>12.519</i>	<i>31.808</i>

Tafla 4. Leghálsskoðanir 2013 eftir skoðunarstöðum.

	<i>Fjöldi kvenna</i>
Leitarstöðin í Reykjavík	13.024
Heilsugæslustöðvar utan höfuðborgarsvæðisins	6.055
Heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu	210
Kvensjúkdómalæknar á stofu	12.000
Sérfræðingar á sjúkrahúsum	519
<i>Fjöldi kvenna alls</i>	<i>31.808</i>

Tafla 5: Ýmsar upplýsingar um leit að brjóstakrabbameini.


	<i>2007</i>	<i>2008</i>	<i>2009</i>	<i>2010</i>	<i>2011</i>	<i>2012</i>	<i>2013</i>
Fjöldi 40-69 ára kvenna sem komu í hópskoðun	16.071	15.994	16.336	15.114	16.015	16.362	16.409
Hlutfall endurinnkallaðra, 40-49 ára	4,2%	3,9%	6,1%	8,2%	7,7%	7,6%	6,7%
Hlutfall endurinnkallaðra, 50-69 ára	3,0%	2,9%	4,0%	4,2%	4,6%	4,2%	3,5%

Farið var að taka stafrænar myndir á miðju ári 2008. Næmi rannsóknar í yngri hópnum fór úr 73% í 85% og í eldri hópnum úr 84% í 89%. Það skýrir væntanlega hækkandi hlutfall endurinnkallaðra síðustu ár.

Tafla 6: Mæting í leit að leghálskrabbameini og brjóstakrabbameini miðað við árslok 2012 og 2013.

Skoðunarstaðir	Þriggja ára mæting í legghálskrabbameinsleit 20-39 ára		Fjögurra ára mæting í legghálskrabbameinsleit 40-69 ára		Þriggja ára mæting í brjóstakrabbameinsleit 40-69 ára	
	2012	2013	2012	2013	2012	2013
Reykjavíkurborg	64%	66%	71%	72%	64%	64%
Vesturlandshérað	63%	64%	79%	80%	75%	76%
Vestfirðir	59%	64%	81%	81%	76%	79%
Norðurlandshérað vestra	65%	67%	81%	83%	79%	79%
Norðurlandshérað eystra	65%	67%	75%	76%	71%	71%
Austurlandshérað	68%	65%	84%	81%	75%	77%
Suðurlandshérað	64%	62%	77%	78%	70%	72%
Reykjanesshérað	66%	68%	76%	75%	67%	68%
Landið í heild	65%	66%	74%	75%	68%	69%

Mynd 1: Mæting í leit að leghálskrabbameini miðað við árslok 2013.



Frumurannsóknastofa

Á frumurannsóknastofu Krabbameinsfélags Íslands eru rannsökuð frumusýni frá leghálsi kvenna. Flest sýnin eru tekin vegna hópleitar að forstigum leghálskrabbameins á vegum Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins. Einnig berast sýni frá konum sem eru í eftirliti vegna frumubreytinga og sýni sem tekin eru á stofu hjá sjálfstætt starfandi kvensjúkdómalæknum, ýmist í hópleit eða vegna einkenna hjá konunum. Árið 2013 var ráðinn einn nýr lífeindafræðingur til starfa og urðu starfsmenn frumurannsóknastofunnar 10. Í árslok voru lífeindafræðingar, frumugreinar, líffræðingur og meinafræðingur í samtals 8,7 stöðugildum. Tveir starfsmenn, meinafræðingur og lífeindafræðingur fóru á vegum Hologic á dagsþing til Oslóar. Meinafræðingur heimsótti St Thomas Hospital í London og ræddi við Amanda Herbert um leghálsleit. Lífeindafræðingur heimsótti Sydjysk Sygehus í Vejle og skoðaði aðstöðu frumurannsóknarstofu þar.

Vökvasýni eru tekin hjá konum sem koma til leghálskrabbameinsleitar í Leitarstöðina í Skógarhlíð. Tekin eru hefðbundin sýni í leit á landsbyggðinni og hjá konum sem fara á stofu hjá sérfræðingum.

Fjöldi sýna á frumurannsóknastofunni á árinu 2013 var 33.268. Fram að sumarfríu einkenndist árið af lengdum svartíma og uppsöfnun sýna. Starfsmaður sem kominn var á eftirlaun kom í hlutastarf í þrjá mánuði. Einnig var keypt tveggja vikna aðstoð frá Ahus Sykehus í Noregi, tveir lífeindafræðingar komu og skoðuðu sýni fyrir okkur. Forstigsbreytingar greindust í 1.978 sýnum eða 5,9%. Áfram var hlutfall ófullnægjandi sýna lágt eða 0,8%. Mælt var með leghálsspeglun og töku vefjasýnis 882 sinnum, en það er gert ef kona er með alvarlegar forstigsbreytingar eða endurteknar vægar breytingar.

Ingibjörg Guðmundsdóttir, Auður Eiríksdóttir.

Tafla 1: Fjöldi frumusýna frá leghálsi undanfarin fimm ár.

	2009	2010	2011	2012	2013
Heildarfjöldi sýna	23.543	20.423	26.905	33.098	33.268
Hefðbundin frumusýni	11.847	10.442	15.595	19.990	19.610
Vökvasýni	11.696	9.981	11.310	13.107	13.658
Hlutfall vökvasýna af öllum sýnum	49,7%	48,9%	42,0%	39,6%	41,1%
Forstigsbreytingar	1.654	1.422	1.502	2.361	1.978
Hlutfall af öllum sýnum	7,0%	7,0%	5,6%	7,1%	5,9%

Tafla 2: Samanburður á niðurstöðum úr frumugreiningu og vefjagreiningu árið 2013.

	Vefjagreining			
	Eðlileg sýni, bólgá	Vægar forstigsbreytingar, veirubreytingar	Meiriháttar forstigsbreytingar og ífarandi krabbamein	
<i>Frumugreining</i>				
Endurteknar, vægar forstigsbreytingar	82 (17,5%)	275 (58,5%)	114 (24%)	471
Óljósar forstigsbreytingar, meiriháttar breytingar, og ífarandi krabbamein	50 (12%)	125 (30,5%)	236 (57,5%)	411
				882

Greinar í ritrýndum tímaritum 2013

Alexiusdottir KK, Möller PH, Snaebjornsson P, Jonasson L, Olafsdottir EJ, Bjornsson ES, Tryggvadottir L, Jonasson JG. Colon Cancer: Association of Histopathological Parameters and Patients' Survival with Clinical Presentation. *APMIS* 2013; 121(10): 901-907 (DOI 10.1111/apm.12109).

Arnold M, Holterhues C, Hollestein LM, Coebergh JW, Nijsten T, Pukkala E, Holleczeck B, Tryggvadottir L, Comber H, Bento MJ, Diba CS, Micallef R, Primic-Žakelj M, Izarzugaza MI, Perucha J, Marcos-Gragera R, Galceran J, Ardanaz E, Schaffar R, Pring A, de Vries E. Trends in incidence and predictions of cutaneous melanoma across Europe up to 2015. *J Eur Acad Dermatol Venereol.* 2013 Aug 21.

Bjornsson ES, Jonasson JG. Drug-induced cholestasis. *Clin Liver Dis* 2013; May;17(2):191-209. Doi: 10.1016/j.cld.2012.11.002. Epub 2012 Dec 20.

Brasso K, Ingimarsdottir IJ, Rusch E, Engholm G, Adolfsson J, Tryggvadottir L, Jónsson E, Bill-Axelsson A, Holmberg E, Storm HH. Differences in survival from prostate cancer in Denmark, Iceland and Sweden. *Eur J Cancer.* 2013 May;49(8):1984-92.

De Angelis R, Sant M, Coleman MP, Francisci S, Baili P, Pierannunzio D, Trama A, Visser O, Brenner H, Ardanaz E, Bielska-Lasota M, Engholm G, Nennecke A, Siesling S, Berrino F, Capocaccia R, The Eurocare-5 Working Group (... Jonasson JG....). Cancer survival in Europe 1999-2007 by country and age: results of EURO CARE-5 – a population-based study. *Lancet Oncol.* Birt online 5. Desember 2013: dx.doi.org/10.1016/S1470-2045(13)70546-1; bls 1-12 + suppl. online.

Fallah M, Pukkala E, Tryggvadottir L, Olsen JH, Tretli S, Sundquist K, Hemminki K. Risk of thyroid cancer in first-degree relatives of patients with non-medullary thyroid cancer by histology type and age at diagnosis: A joint study from five Nordic countries. *J Med Genet.* 2013 Jun;50(6):373-82.

Gatta G, Botta L, Rossi S, Aereleid T, Bielska-Lasota M, Clavel J, Dimitrova N, Jakob Z, Kaatsch P, Lacour B, Mallone S, Marcos Gragera R, Minicozzi P, Sánchez-Pérez M-J, Sant M, Santaquilani M, Stiller C, Tavilla A, Trama A, Visser O, Peris-Bonet R, ant the Eurocare Working Group (... Jonasson JG....). Childhood cancer survival in Europe 1999-2007: results of EURO CARE-5 – a population-based study. *Lancet Oncol.* Birt online 5. Desember 2013: dx.doi.org/10.1016/S1470-2045(13)70548-5; bls 1-13 + suppl. online.

Gunnarsdottir HK, Vidarsdottir H, Rafnsdottir GL, Tryggvadottir L, Olafsdottir EJ, Lindbohm ML. Employment participation and work experience of male cancer survivors: A NOCWO study. *Work.* 2013 Sep 4.

Styrkarsdottir U, Thorleifsson G, Gudbjartsson D, Sulem P, Sigurdsson A, Jonasdottir A, Jonasdottir A, Oddsson A, Helgason A, Magnusson OT, Walters GB, Frigge ML, Helgadottir HT, Johannsdottir H, Bergsteinsdottir K, Ogmundsdottir MH, Center JR, Nguyen TV, Eisman JA, Christiansen C, Steingrimsdottir E, Jonasson JG, Tryggvadottir L, Eyjolfsson GI, Theodors A, Jonsson Th, Ingvarsson Th, Olafsson I, Rafnar Th, Kong A, Sigurdsson G, Masson G, Thorsteinsdottir YU, Stefansson K. Nonsense mutation in the LGR4 gene associates with several human diseases and other traits. *Nature* 2013; 597, May: 517-520.

Tryggvadottir L, Olafsdottir EJ, Olafsdottir GH, Sigurdsson H, Johannsson OT, Bjorgvinsson E, Alexiusdottir K, Stefansson OA, Agnarsson BA, Narod SA, Eyfjord JE, Jonasson JG. Tumour diploidy and survival in breast cancer patients with BRCA2 mutations. *Breast Cancer Res Treat.* 2013 Jul;140(2):375-84.

Tryggvadóttir L, Olafsdóttir EJ, Olafsdóttir GH, Sigurdsson H, Johannsson OT, Stefansson OA, Agnarsson BA, Eyfjörð J, Jonasson JG. Tumour Diploidy and Survival in Breast Cancer Patients with BRCA2 mutation. *Breast Cancer Research and Treatment* 2013; 140(2): 375-384 (DOI 10.1007/s10549-013-2637-4).

Torfadóttir JE, Valdimarsdóttir UA, Mucci LA, Kasperzyk JL, Fall K, Tryggvadóttir L, Aspelund T, Olafsson O, Harris TB, Jonsson E, Tulinius H, Gudnason V, Adami HO, Stampfer M, Steingrimsdóttir L. Consumption of Fish Products across the Lifespan and Prostate Cancer Risk. *PLoS One*. 2013 Apr 17;8(4):e59799.

Vlaanderen J, Straif K, Pukkala E, Kauppinen T, Kyyrönen P, Martinsen JI, Kjaerheim K, Tryggvadóttir L, Hansen J, Sparén P, Weiderpass E. Occupational exposure to trichloroethylene and perchloroethylene and the risk of lymphoma, liver, and kidney cancer in four Nordic countries. *Occup Environ Med*. 2013 Jun;70(6):393-401.

Vlaanderen J, Straif K, Martinsen JI, Kauppinen T, Pukkala E, Sparén P, Tryggvadóttir L, Weiderpass E, Kjaerheim K. *Occup Environ Med*. 2013 Dec;70(12):828-30.

Útdráttir

Alexíusdóttir K, Snæbjörnsson P, Tryggvadóttir L, Jonasson L, Olafsdóttir EJ, Björnsson ES, Möller PH, Jonasson JG. Colon Cancer: Association of Histopathological Parameters and Patient's Survival with Clinical Presentation. Kynnt á ráðstefnu norrænu krabbameinsskránnar (ANCR), haldin í Sjóminjasafninu í Reykjavík, 13.-14. júní 2013.

Aradóttir M, Böðvarsdóttir SK, Reynisdóttir SP, Jónasson JG, Eyfjörð JE. Tengsl BRCA2 próteintjáningar í ættlægum BRCA2 brjóstakrabbameinum við Aurora A yfirtjáningu. Kynnt á sextánda ráðstefnu um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands, haldin á Háskólatorgi 3. og 4. janúar 2013. *Læknablaðið* 2013; 99. fylgirit 73, E 71, bls 32.

Axelsson TA, Hrafnkelsson J, Ólafsdóttir EJ, Jónasson JG. Tall cell variant of papillary thyroid carcinoma: A population based study in Iceland. Kynnt á ráðstefnu norrænu krabbameinsskránnar (ANCR), haldin í Sjóminjasafninu í Reykjavík, 13.-14. júní 2013.

Böðvarsdóttir SK, Aradóttir M, Reynisdóttir SP, Hilmarisdóttir H, Jónasson JG, Eyfjörð JE. Arfstök áhrif BRCA2 á telomere tengdan litningaóstöðugleika. Kynnt á sextánda ráðstefnu um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands, haldin á Háskólatorgi 3. og 4. janúar 2013. *Læknablaðið* 2013; 99. fylgirit 73, V-38, bls 80.

Hreinsson JP, Jónasson JG, Björnsson ES. Blæðingartengd einkenni í sjúklingum með ristil- og endaparmskrabbamein á tímabilinu 2008-2011 á Íslandi. Kynnt á sameiginlegu vísindafingi Skurðlæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjörgæslufélags Íslands, sem haldið var í Hörpu í Reykjavík 12.-13. apríl 2013. *Læknablaðið* 2013;99. fylgirit 75, V-12, bls 31-2.

Hreinsson JP, Jonasson JG, Björnsson ES. Bleeding-related symptoms in colorectal cancer: á 4-year nationwide population-based study. Kynnt á Digestive Disease Week (DDW), haldin í Orlando í Flórída, USA, 19.-21. maí 2013.

Jónsdóttir SB, Júlíusson G, Jónasson JG, Kristinsson JÖ, Björnsson ES. Faraldsfræði brískrabbameins á Íslandi á tímabilinu 1986-2009. Kynnt á sameiginlegu vísindafingi Skurðlæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjörgæslufélags Íslands, sem haldið var í Hörpu í Reykjavík 12.-13. apríl 2013. *Læknablaðið* 2013;99. Fylgirit 75, V-16, bls 33-4.

Jónsdóttir SB, Júlíusson GS, Kristinsson JÖ, Jónasson JG, Björnsson ES. Incidence, clinical features and outcome of patients diagnosed with cancer of the pancreas during 1986-2009: a population based study. Kynnt á Digestive Disease Week (DDW), haldin í Orlando í Flórída, USA, 19.-21. maí 2013.

Jónsdóttir SB, Júlíusson GS, Kristinsson JÖ, Jónasson JG, Björnsson ES. Incidence, clinical features and outcome of patients diagnosed with cancer of the pancreas during 1986-2009: A population based study. Kynnt á ráðstefnu norrænu krabbameinsskránnar (ANCR), haldin í Sjóminjasafninu í Reykjavík, 13.-14. júní 2013.

Júlíusson G, Jónsdóttir S, Garcia H, Kristinsson JÖ, Jónasson JG, Möller PH, Björnsson ES. Faraldsfræði og horfur gallvegakrabbameina á Íslandi 1986-2009. Kynnt á sameiginlegu vísindafundi Skurðlæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjörgæslufélags Íslands, sem haldið var í Hörpu í Reykjavík 12.-13. apríl 2013. Læknablaðið 2013:99. fylgirit 75, V-11, bls 31.

Júlíusson G, Jónsdóttir SB, Garcia HG, Kristinsson JÖ, Möller PH, Jónasson JG, Björnsson ES. Biliary tract malignancies in Iceland: epidemiology and prognosis – a nationwide population based study. Kynnt á Digestive Disease Week (DDW), haldin í Orlando í Flórída, USA, 19.-21. maí 2013.

Júlíusson G, Jónsdóttir SB, Garcia HG, Kristinsson JÖ, Möller PH, Jónasson JG, Björnsson ES. Biliary tract malignancies in Iceland: epidemiology and prognosis – a nationwide population based study. Kynnt á ráðstefnu norrænu krabbameinsskránnar (ANCR), haldin í Sjóminjasafninu í Reykjavík, 13.-14. júní 2013.

Kristjánsson G, Tryggvadóttir L, Jónasson JG, Sigurðsson H. Meðferð og forspárþættir brjóstakrabbameins á árunum 1980-2009. Kynnt á 3. árs ráðstefnu læknaeildar Háskóla Íslands í Hringsal LSH 22.-23. maí 2013. Alexíusdóttir K, Snæbjörnsson P, Tryggvadóttir L, Jonasson L, Olafsdóttir EJ, Björnsson ES, Möller PH, Jonasson JG. Colon Cancer: Association of Histopathological Parameters and Patient's Survival with Clinical Presentation. Kynnt á ráðstefnu norrænu krabbameinsskránnar (ANCR), haldin í Sjóminjasafninu í Reykjavík, 13.-14. júní 2013.

Ólafsson S, Claessen LOE, Rognvaldsson SR, Bergmann OM, Jonasson JG, Björnsson ES. Major increase in the incidence of cirrhosis in Iceland results in an increase in liver transplantation rate. Kynnt á The Liver Meeting. 64th Annual Meeting of the Am. Ass. For the Study of Liver Diseases, haldið í Washington DC, í USA, 1.-5. nóvember 2013.

Rögnvaldsson SR, Björnsson ES, Bergmann ÓM, Jónasson JG, Ólafsson S. Nýgengi og orsakir skorpulifrar á Íslandi. Kynnt á 3. árs ráðstefnu læknaeildar Háskóla Íslands í Hringsal LSH 22.-23. maí 2013.

Thoroddsen Ú, Egilsson M, Ögmundsdóttir HM, Jónasson JG. Efnaskipti og sjálfát í krabbameinsæxlum. Kynnt á sextánda ráðstefnu um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands, haldin á Háskólatorgi 3. og 4. janúar 2013. Læknablaðið 2013: 99. fylgirit 73, E 74, bls 33.

Aðalfundur 2013

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn laugardaginn 4. maí 2013, að Skógarhlíð 8 Reykjavík, og hófst hann kl. 10:00. Mættir voru 63 fundarmenn, þar af var 21 fulltrúi frá aðildarfélögum. Starfandi formaður Jakob Jóhannsson setti fundinn og bauð viðstadda velkomna á aðalfundinn og lagði til að fundarstjóri yrði Guðrún Sigurjónsdóttir frá Samhjálp kvenna og fundarritari Sveinfríður Sigurpálsdóttir frá Krabbameinsfélagi Austur-Húnavatnssýslu og var það samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar

Jakob Jóhannsson starfandi formaður Krabbameinsfélags Íslands flutti skýrslu stjórnar og nefndi að Sigríður Snæbjörnsdóttir sem verið hefur formaður, hafði tekið að sér vinnu fyrir félagið að tilteknum verkefnum og baðst því lausnar frá stjórnarstörfum. Það hún fyrir kveðju og þakkir fyrir samstarfið á aðalfundinn. Það hefði þess vegna komið í hans hlut sem starfandi formaður að flytja aðalfundinum skýrslu stjórnar. Sagði hann frá því að í nýrri ársskýrslu Krabbameinsfélagsins kom fram að meira en 1.400 Íslendingar greinast á ári með krabbamein, heldur fleiri karlar en konur. Nú í dag væru um 12.000 manns á lífi sem greinst hafa með krabbamein en fyrir hálfri öld voru þetta 700 einstaklingar. Þannig að þó krabbameinum fari fjölgandi, fer einnig þeim fjölgandi sem læknað eða lifa með sitt krabbamein. Taldi hann að við gætum þakkað þessum árangri bættri greiningu og meðferð á þessum sjúkdómi. En einnig þeirri starfsemi sem fer fram hér í húsinu með starfsemi Leitarstöðvarinnar. Leit að krabbameini eða forstigum þess, í leghálsi og brjóstum, væri eitt umfangsmesta verkefni félagsins. Leitin næði til kvenna á aldrinum 20-69 ára. Enn væri ekki nein sérstök leit að krabbameinum hjá körlum, nema það breytist í náinni framtíð. Ef leit hefðist af forstigum krabbameins í ristli, næði hún bæði til karla og kvenna. Ekki væri fyrirséð að leit að krabbameini í blöðruhálskirtli sé í farveginum. Þakkaði hann Kristjáni Sigurðssyni yfirlækni og samstarfsfólki hans fyrir árangur af leitinni og að nú hafi Kristján látið af störfum eftir rúma þriggja áratuga vinnu á þessu sviði og þakkaði Jakob honum fyrir þetta mikla starf. Nefndi hann að Kristján Oddsson sé nýr yfirlæknir og bauð hann velkominn til starfa. Að huga yrði að ýmsu varðandi leitarstarfið í nánustu framtíð eins og hvaða áhrif bólusetning gegn leghálskrabbameini hefur á skipulag leitar að leghálskrabbameini. Inn í það kemur breyting á aðferðum við frumugreiningu á forstigum leghálskrabbameins en þar er nauðsynlegt að mögulegt sé að innleiða nýja tækni.

Jakob sagði að Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins hefði vaxið og dafnað undanfarin ár, ekki síst síðasta árið eftir að Sigrún Lillie Magnúsdóttir var ráðin forstöðumaður hennar. Krabbameinsfélagið hefði lagt sífellt meiri áherslu á stuðning við krabbameinssjúklinga og aðstandendur þeirra. Einnig nefndi hann að velunnaramál hafa verið í deiglu á síðasta ári. Niðurstaða fékkst í þau mál. Ákveðið var síðan að eitt þúsund krónur á ári af framlagi hvers velunnara rynni í Velunnarasjóðinn sem félögin gætu sótt í, annars vegar fyrir rekstrarstyrki, hins vegar fyrir verkefnastyrki. Fyrsta úthlutunin var í desember 2012 en þá var úthlutað um níu milljónum króna. Annað ákvæði nefndi hann að í reglunum væri að samband verði haft við nýja velunnara og þeim boðið að gerast félagsmenn í svæðafélögum eða stuðningshópum án aukagreiðslu. Gengið hefði vel að safna peningum þegar leitað væri til þjóðarinnar, hvort sem um er að ræða árviss átaksverkefni í mars og október eða þá almennan stuðning. Síðustu ár frá hruni hefði fjárhagurinn verið í járnum en nú virðist aðeins vera að birta til. Jakob sagði að Laila Sæunn Pétursdóttir sem var markaðsstjóri síðustu þrjú ár, hefði nýlega horfið til starfa á öðrum vettvangi. Við tæki Sandra Sif Morthens og bauð hana velkomna til starfa. Hann sagði að Krabbameinsfélag Íslands tæki þátt í norrænu og alþjóðlegu samstarfi krabbameinsfélaga og nýtur góðs af því taldi hann. Samstarf við innlenda aðila væri ekki síður mikilvægt og kapp verður lagt á að efla það einkum við Landspítalann og heilbrigðisyfirvöld. Síðan ræddi Jakob um framtíðarverkefni Krabbameinsfélagsins og það sem stjórn þess þarf að leggja áherslu á næstu árum eru ýmiss konar. Mætti nefna t.d.: þjónustusamning við velferðaráðuneytið, vinnu við að koma á fót skimun vegna ristilskrabbameins og vinnu við krabbameinsáætlun fyrir þjóðina. Áherslur yrðu á að styrkja enn frekar við vísindavinnu með styrkjum til vísindamanna. Að lokum vildi Jakob leggja áherslu á að Krabbameinsfélagið er stórt nafn í okkar þjóðfélagi og það er tekið mark á því og litið til þess um ýmis mál.

Allir þeir sem starfa fyrir og í nafni félagsins gætu því verið stoltir af framlagi sínu til þess, með megináherslu á hagsmuni krabbameinssjúka og aðstandenda.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Gjaldkeri stjórnar félagsins Sigurður P. Sigmundsson lagði fram reikninga fyrir árið 2012 og útskýrði þá en þeir eru birtir í ársskýrslunni. Voru reikningarnir samþykktir.

3. Skýrslur aðildarfélaga

Vísaði fundarstjóri til ársskýrslunnar en þar eru skýrslur aðildarfélaga birtar.

4. Stjórnarkjör

Kjósa þurfti formann til eins árs þar sem fráfarandi formaður var kosinn til tveggja ára, þrjá meðstjórnendur til tveggja ára og tvo varamenn til eins árs. Fyrir tveim árum voru Friðrik Vagn Guðjónsson, Nanna Friðriksdóttir og Þóra Hrönn Njálsdóttir kosin til tveggja ára. Nanna og Þóra Hrönn gáfu ekki kost á sér áfram. Uppstillingarnefnd lagði fram skriflega tillögu sem fundarstjóri las upp um að Jakob Jóhannsson yrði kjörinn formaður til eins árs, Agnes Smáradóttir, Jón Þorkelsson og Hulda Bjarnadóttir yrðu kjörin sem meðstjórnendur til tveggja ára og að varamenn Hinrik Greipsson og Steinunn Eva Þórðardóttir yrðu kjörin til eins árs. Voru tillögur uppstillingarnefndar samþykktar.

5. Kosnir tveir endurskoðendur (skoðunarmenn) og einn til vara

Uppstillingarnefnd lagði til að skoðunarmenn reikninga kosin til eins árs sem eru Skúli Jón Sigurðsson og Ómar Steindórsson og varamaður Þóra Þorvarðardóttir, yrðu kjörin áfram og var það samþykkt.

6. Kosnir fimm menn í uppstillingarnefnd

Nefndin er kosin til eins árs. Í nefndinni eru nú: Almar Grímsson, Álfheiður Hjaltadóttir, Ásta Hallgrímsdóttir, Guðrún Sigurjónsdóttir og Þórarinn Sveinsson. Lagt var til að þau yrðu endurkjörin og var það samþykkt.

7. Önnur mál

Ragnheiður Haraldsdóttir og Guðlaug B. Guðjónsdóttir kynntu nýja könnun á þekkingu á áhættuþáttum krabbameins, en gerður var samanburður á þeim milli Dana og Íslendinga.

Anna Borg Harðardóttir formaður Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar bauð til formannafundar í Hafnarfirði laugardaginn 14. sept. 2013.

Sigurður P. Sigmundsson gjaldkeri félagsins og formaður úthlutunarnefndar Velunnarasjóðs sagði frá úthlutun síðasta árs og umsóknum sem nú hafa borist. Meta þyrfti þörfina og þróa eyðublöðin betur og eins þyrfti að meta árangur verkefnanna sem fá styrk. Bað um meiri metnað í umsóknum, til framtíðar litið.

Sandra Sif Morthens sem er nýr markaðsstjóri sagði að merkjasalan í haust yrði fyrir á ferðinni en venjulega eða frá 28.-30. ágúst. Sýndi hún ýmsa hluti sem mætti selja s.s. gott vasaljós, spilastokk, endurskinsborða og að ennþá væru til þókar frá síðasta ári.

Kristján Oddsson nýr yfirlæknir Leitarstöðvarinnar steig í pontu og kynnti sig.

Adda Smáradóttir, 14 ára, sem rakaði af sér hárið á þrettándanum til minningar um móður sína afhenti, ásamt fjölskyldu sinni, rúmlega 500 þús. kr. gjöf til gerðar fræðslumyndar um húðkrabbamein. Ragnheiður þakkaði fyrir og færði Öddu blóm.

Arnar Hauksson frá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur vildi minnast fyrir þeirra hönd, Þorvarðar Örnólfssonar sem var framkvæmdastjóri þess í 22 ár og er nú látinn. Hann flutti áskorun sem hljóðar svo: „Stjórn Krabbameinsfélags Reykjavíkur skorar á stjórn Krabbameinsfélags Íslands að ramma inn stefnumál Krabbameinsfélagsins að fyrirmynd Norska krabbameinsfélagsins. Norska félagið hefur skipt upp áherslumálum sínum í þrennt undir yfirskriftinni: Okkar stefnumál. Að vinna markvisst að því að fækka

krabbameinstilfellum. Að vinna markvisst að því að lækka dánartíðni þeirra sem greinast. Að vinna markvisst að sem bestum lífsgæðum þeirra sem greinast og aðstandenda.“

Ester Ólafsdóttir og félagar frá Krabbavörn í Vestmannaeyjum afhentu gjafabréf að upphæð 500 þús. kr. til íbúða félagsins. Steinunn Friðriksdóttir tók við gjöfinni og þakkaði fyrir. Ester sýndi ýmsa hluti sem félagið selur m.a. fána með mottu á sem flaggað var á tíu stöðum í Mottumars.

Guðrún fundarstjóri sagði frá því að Ester Þorvaldsdóttir frá Krabbameinsfélagi Suðausturlands hafi afhent 250 þús. kr. gjafabréf til íbúðanna.

Alfreð Steinar Rafnsson frá Krabbameinsfélagi Austurlands nefndi Velunnarasjóðinn og taldi það bitna á félögum út á landi er hringt væri út og ræddi um hnökra á reglum sjóðsins.

Guðmundur Björnsson frá Krabbameinsfélagi Suðurnesja ræddi um Velunnarasjóðinn og fannst skipulagið loks gott en taldi vanta upplýsinga um hvernig söfnun gekk og skiptist milli svæðafélaga. Þjónustumiðstöð þeirra hefði verið lokað tímabundið til að endurskipuleggja hana en opna á aftur í haust, fannst ekki skila nægum árangri.

Sigrún Lille Magnúsdóttir svaraði Guðmundi og sagði að komin væru frumdrög af reglum um þjónustuskrifstofur.

Kristján Freyr Helgason frá Stómasamtökum Íslands talaði um að fá reikninga félagsins fyrir aðalfundinn og að fá að sjá afkomu félagsins betur.

Þorbjörg Ingvadóttir frá Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis sagði frá ágóða til þeirra frá Klúbbi matreiðslumeistara á Norðurlandi, sem safnaðist á Mottuboðinu 2013 að upphæð 1,9 milj. kr.

Ragnheiður Haraldsdóttir ræddi um að stefnumótun Krabbameinsfélags Íslands væri í endurskoðun og að taka ætti fyrir hnökra varðandi Velunnarasjóðinn á næsta formannafundi.

Jakob Jóhannsson þakkaði það traust sem sé væri sýnt sem nýr formaður og sleit aðalfundi.

Aðalfundarauki eftir hádegisverð, haldinn á Nauthól, fjallaði síðan um bættu þjónustu við sjúklinga og aðstandendur. Sigrún Lille Magnúsdóttir kynnti starfsemi Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins og Nanna Friðriksdóttir fjallaði um endurhæfingu krabbameinssjúklinga. Stuttur vinnufundur var síðan um helstu áhersluatriði.

Sveinfríður Sigurpálsdóttir.

Formannafundur 2013

Formannafundur aðildarféлага Krabbameinsfélags Íslands var haldinn í boði Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar 14. september 2013, í Hásölum, hátíðar- og tónlistarsal Hafnarfjarðarkirkju og Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Hann sóttu um 40 félagar víðs vegar af landinu.

Dagskráin hófst með kaffiveitingum og spjalli fundarmanna meðan þeir tándust hver af öðrum inn í fundarsalinn. Anna Borg, formaður Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar, bauð alla velkomna og sagði í stuttu máli frá starfsemi félagsins á liðnu ári. Hún lagði til að Stefán Eiríksson, varaformaður Krabbameinsfélags Íslands, yrði fundarstjóri fundarins. Hann ávarpaði fundinn og gaf Ragnheiði Haraldsdóttur, forstjóra Krabbameinsfélags Íslands, orðið áður en gengið var til dagskrár. Dagskrá fundarins var í stuttu máli þessi: Sigríður Snæbjörnsdóttir, verkefnastjóri, kynnti vinnu við stefnumótun 2014-2016 og voru umræður í kjölfarið. Ingimar Einarsson, félagsfræðingur, var með samantekt úr skýrslu á greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu og vaxandi útgjöldum krabbameinssjúklinga á síðastliðnum 30 árum. Mjög áhugaverð samantekt sem vakti strax áhuga fjölmiðla á málefnum.

Hádegisverður var í boði Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar á Tilverunni og sat bæjarstjóri, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, með fundarmönnum í hádegisverðinum. Áður en haldið var á ný til fundar var gengið um miðbæ Hafnarfjarðar með Jónatani Garðarssyni sem sagði sögur, af sinni alkunnu snilld, af mönnum og málefnum í bæjarlífi Hafnarfjarðar á síðustu öld. Geir Bjarnason forvarnarfulltrúi og Jón Ragnar Jónsson hófu fundinn eftir hádegi og sögðu frá forvarnarstarfi gegn munntóbaki og lauk Jón erindi þeirra á því að syngja „Vibbi í vör“ og náði að kveikja í fundarmönnum með sinni alkunnu gleði og útgeislun. Sigrún Lillie Magnúsdóttir, forstöðumaður Ráðgjafarþjónustunnar ræddi um aukin samskipti Ráðgjafarþjónustunnar við aðildarfélagin, bæði svæðafélög og við stuðningshópa. Í lokin voru kaffiveitingar í boði Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar og fundarmenn kvöddu eftir góðan fund í Hafnarfirði.

A. B. H.

Aðildarfélög Krabbameinsfélags Íslands

Stofndagur Félagar

Svæðafélög:

Krabbameinsfélag Reykjavíkur	8. 3. 1949	1.020
Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis	9. 2. 1969	300
Krabbameinsfélag Borgarfjarðar	14. 2. 1970	300
Krabbameinsfélag Snæfellsness (og Von)	27. 9. 2005	85
Krabbameinsfélag Breiðfirðinga	19.10. 2005	45
Krabbameinsfélag Tálknafjarðar og Vesturbyggðar	30.11. 1970	75
Krabbameinsfélagið Sigurvon (og Vinir í von)	4.11. 2001	300
Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs	13.10. 1968	70
Krabbameinsfélag Austur-Húnavatnssýslu (og Samhugur)	2.11. 1968	200
Krabbameinsfélag Skagafjarðar (og Dugur)	12. 6. 1966	420
Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis (og Norðankraftur)	21.11. 1952	1.360
Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga (og Birta)	28. 8. 1968	400
Krabbameinsfélag Norðausturlands	18. 8. 1970	85
Krabbameinsfélag Austurlands (og stuðningshópur)	20. 4. 1970	140
Krabbameinsfélag Austfjarða (og stuðningshópur)	21. 4. 1970	530
Krabbameinsfélag Suðausturlands	21. 4. 1970	150
Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu	6. 5. 1971	30
Krabbameinsfélag Rangárvallasýslu	7. 5. 1971	105
Krabbameinsfélag Árnessýslu (og Bandið)	29. 5. 1971	315
Krabbavörn Vestmannaeyjum (og Eyjarós)	25. 4. 1949	250
Krabbameinsfélag Suðurnesja (og Sunnan 5)	15.11. 1953	700
Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar	10. 4. 1949	480

Stuðningshópar:

Framför	12. 2. 2007	25
Kraftur	1.10. 1999	510
Ný rödd	20.12. 1980	25
Ristilfélagið	30. 6. 2009	65
Samhjálp kvenna	1979	350
Stómasamtök Íslands	16.10. 1980	300
Styrkur	20.10. 1987	350

Hópar sem starfa með Krabbameinsfélagi Reykjavíkur (á landsvísu):

Góðir hálsar (stuðningshópur um blöðruhálskirtilskrabbamein)	6.12. 2000	125
Stuðningshópur kvenna með eggjastokkakrabbamein	27. 2. 2002	20

Hópar sem starfa með Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins (á landsvísu):

Lungnahópurinn	17.11. 2011
Carcinoid-hópurinn	5. 2. 2013
Frískir menn (virkt eftirlit)	22. 3. 2014

9.130

Krabbameinsfélag Reykjavíkur



Stofnað: 8. mars 1949. Félagsmenn: 1.020 (þar af 70 ævifélagar).
Skrifstofa: Skógarhlíð 8, Reykjavík. Póstfang: Pósthólf 5420, 125 Reykjavík.
Sími: 540 1900. Fax: 540 1910. Vefsíða: www.krabb.is/reykjavik
Framkvæmdastjóri: Guðlaug B. Guðjónsdóttir (gbg@krabb.is).

Stjórn kosin á aðalfundi 17. mars 2014:

Formaður:	Agnes Smáradóttir, Bæjargili 92, 210 Garðabæ	565 5265	agnessma@landspitali.is
Varaformaður:	Árni Einarsson, Eiðistorgi 3, 170 Seltjarnarnesi	561 1208	ami@forvarnir.is
Gjaldkeri:	Gunnar Már Hauksson, Sundlaugarvegi 24, 104 Reykjavík		
Ritari:	Birna Guðmundsdóttir, Suðurhvammi 1, 220 Hafnarfirði		
Meðstjórnandi:	Arnar Hauksson, Selvogsgrunni 20, 104 Reykjavík		
Meðstjórnandi:	Guðrún Sigurðardóttir, Grenimel 46, 107 Reykjavík		
Meðstjórnandi:	Þórunn Sævarsdóttir, Lönguhlíð 25, 105 Reykjavík		
Varamenn:	Ásgerður Sverrisdóttir, Skúli Jón Sigurðarsson og Vala Smáradóttir		

Starfsemi 2013-2014

Skýrslan nær yfir síðasta starfsár, frá aðalfundi 11. mars 2013, til aðalfundar 17. mars 2014. Stjórnarfundir voru átta milli aðalfunda og sóttu varamenn þá til jafns við aðalmenn. Ársskýrsla í fullri lengd er á: <http://www.krabb.is/Thjonusta/Svaedafelog/krabbameinsfelag-reykjavikur>

Fræðslu- og forvarnastarfsemi

Samkvæmt samstarfssamningi við Krabbameinsfélag Íslands á Krabbameinsfélag Reykjavíkur að sinna fræðslu- og útgáfumálum. Þriggja manna fræðsluráð er starfandi sem í sitja Jónas Ragnarsson ritstjóri hjá Krabbameinsfélagi Íslands, Sigrún L. Magnúsdóttir forstöðumaður Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands og Agnes Smáradóttir læknir, fulltrúi stjórnar Krabbameinsfélags Reykjavíkur. Framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Reykjavíkur er starfsmaður ráðsins. Nýr samstarfssamningur Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Krabbameinsfélags Íslands hefur verið undirritaður verður og fjallað um hann í lok skýrslunnar.

Útgáfumál

Fræðsluspjöldin „Skilaboð til kvenna“ og „Skilaboð til karla“ voru endurskoðuð og sett í nýtt útlit. Á bakhlið þeirra voru settar upplýsingar um einkenni sem karlar og konur ættu að huga að. Einnig voru útbúnir standar með skilaboðunum sem hægt er að nota við kynningar og fræðslu. Fræðsluritin „Krabbamein í brjóstum“ og „Krabbamein í maga og vélinda“ komu út, fræðsluritið „Sortuæxli í húð“ var endurgert og fræðsluritið „Krabbamein í ristli og endaparmi“ var endurprentað. Ýmsar almennar upplýsingar um krabbamein voru útbúnar og settar á vef Krabbameinsfélagsins. Félagið, Ráðgjafarþjónustan og næringarráðgjafar á Landspítalanum eru að vinna að fræðsluefni um næringu og krabbamein. Verið er að leggja lokahönd á þýtt og staðfært fræðsluefni um carcinoid eða krabbalíki.

Fræðslumyndir

Fræðslumyndin „Manni sjálfum að kenna“ sem fjallar um reykingatengda lungnasjúkdóma var frumsýnd í lok maí 2013 í Ríkissjónvarpinu í tengslum við tóbakslausa daginn og endursýnd í nóvember í tilefni alþjóðlegs mánaðar um lungnakrabbamein. Myndin var unnin í samstarfi við Samtök lungnasjúklinga. Bókasöfn landsins hafa fengið sent eintak af myndinni.

Gerð myndar um sortuæxli og önnur húðkrabbamein er langt komin og verður væntanlega sýnd í sjónvarpi í maí nk. Myndin er unnin í samstarfi við átakshóp um sólarvarnir; Geislavarnir ríkisins, Embætti landlæknis og húðlæknana Bárð Sigurgeirsson og Jón Hjaltalín Ólafsson sem eru faglegir ráðgjafar við gerð myndarinnar.

Fræðslumyndin „Þetta er svo lúmskt“, sem gerð var fyrir þremur árum var kynnt fyrir norrænum sjónvarpsstöðvum að frumkvæði Ríkisútvarpsins. Það er Páll Kristinn Pálsson kvikmyndagerðarmaður sem gert hefur fræðslumyndarnar með okkur.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur og Ráðgjafarþjónustan skipulögðu upptöku á fræðsluerindi Láru Sigurðardóttur læknis á Leitastöð Krabbameinsfélagsins um HPV sem síðan sett var á vef Krabbameinsfélagsins. Skólahjúkrunarfræðingum framhaldsskólanna var bent á vefrænu útgáfuna til að nota í fræðsluskyni.

Tóbaksvarnir

Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur haldið reglulega reykbindindisnámskeið þar sem þátttakendur hittast átta sinnum á þriggja mánaða tímabili og að námskeiði loknu er þátttakendum fylgt eftir í eitt ár. Á starfsárinu var haldið eitt reykbindindisnámskeið og að auki voru sex í einstaklingsráðgjöf. Leiðbeinandi á námskeiðinu og í einstaklingsráðgjöfinni er Ingibjörg K. Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur. Ingibjörg svarar fyrirspurnum um tóbaksvarnir sem koma gegnum vefinn og í síma. Mikilvægt er að efla meðferð til reykleysis þar sem reykingar eru stærsti áhættuþáttur krabbameins. Félagið hefur áhuga á að sett verði á laggimar þjónustumiðstöð í tóbaksvörnum. Sótt var um styrk í Lýðheilsusjóð vegna þessa. Ingibjörg hefur kennt reykleysismeðferð hjá þriðja árs nemum í hjúkrunarfræði og meistaranemum í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands. Agnes formaður og Guðlaug framkvæmdastjóri voru í viðtali í Lyfjatíðindum um óbeinar reykingar og fleira varðandi tóbaksneyslu. Guðlaug var með kynningar- og fræðslubás um tóbaksvarnir á fræðsludögum hjá Ölgerð Egils Skallagrímssonar.

Hættan er ljós og samnorðent átak

Tíu ár eru síðan átaksverkefnið „Hættan er ljós“ hófst en það er samstarfsverkefni Geislavarna ríkisins, Embætti landlæknis, húðlækna og Krabbameinsfélagsins. Framtíðarsýn hópsins er að stuðla að skynsamlegri hegðun landsmanna í sól og að draga enn frekar úr almennri notkun ljósabekkja. Árlega er gerð könnun átakshópsins á ljósabekkjanotkun landsmanna og haldið verður áfram að fræða um afleiðingar óhóflegra sólbaða. Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í norrænu samstarfi um varnir gegn húðkrabbameini. Norræna samstarfið felst í því að fá ferðarþjónustuna, ferðaskrifstofur, flugfélög og fleiri, í samvinnu um að bæta upplýsingar um öryggi í sólinni og hvernig skynsamlegt er að njóta sólarinnar á sem öruggastan hátt.

Örráðstefnur og málþing

„Aðgát skal höfð í nærveru sólar“ var yfyrskrift örráðstefnu sem Krabbameinsfélag Reykjavíkur og Ráðgjafarþjónustan stóðu fyrir í maí sl. Krabbameinsfélag Reykjavíkur, Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar, Samhjálp kvenna og Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins stóðu fyrir örráðstefnu um brjóstakrabbamein í október 2013 undir yfyrskriftinni „Lífið heldur áfram“. Á Læknadögum í janúar 2014 stóðu Félag krabbameinslækna, Félag sérfræðinga í meltingarsjúkdómum, Félag ristil- og endaparmsskurðlækna og Krabbameinsfélag Reykjavíkur fyrir málþinginu „Faraldur ristilkrabbameins: Verður eitthvað aðhafst?“ Mikil og góð fjölmiðlun var í tengslum við þingið. Málþingið var myndarlega styrkt af Roche og Merck Serono á Íslandi.

Bleiki mánuðurinn

Í bleika mánuðinum var aðstoðað við yfirllestur gagna og setnir samráðsfundir. Fræðsluspjaldið „Skilaboð til kvenna“ var sent m.a. til aðildarfélaga Krabbameinsfélags Íslands, á heilsugæslustöðvar og víðar. Rafræn útgáfa af spjaldinu var send á ýmsar kvennahreyfingar og þær beðnar um að dreifa skilaboðunum til sinna félagsmanna. Einnig var aðstoðað með yfirllestur.

Mottumars

Framkvæmdastjóri hefur aðstoðað m.a. með yfirllestur á greinum og að útbúa ýmis fræðslu- og upplýsingagögn. Fræðsluspjaldið „Skilaboð til karla“ var sent á aðildarfélög Krabbameinsfélagsins, á heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu ásamt nokkrum staðreyndum um krabbamein karla, og á slökkvistöðvar landsins. Aðstoðað var við örráðstefnu Ráðgjafarþjónustunnar um ristilkrabbamein í mars 2014.

Nemendur og skólar

Ætíð er nokkuð um að starfsfólk félagsins aðstoði nemendur og kennara framhaldsskóla og háskóla við heimildaöflun vegna ýmissa skrifa, rannsókna og kennslu sem tengist krabbameini og forvörnum.

Vika 43, Verum vakandi og Samstarfsráð um forvarnir

Krabbameinsfélag Reykjavíkur er þátttakandi í Viku 43 sem er vettvangur félagasamtaka sem vilja leggja forvörnum lið og/eða hafa forvarnir að markmiði starfs síns, til þess að vekja athygli á forvarnastarfi og áfengis- og vímuefnamálum. Í Viku 43 var að þessu sinni lögð áhersla á að minna á að almenn þátttaka, einhugur og víðtækt samstarf foreldra, félagasamtaka og skóla er lykilinn að árangri í forvörnum. Umsjón með þessum verkefnum hefur Samstarfsráð um forvarnir sem um 25 samtök standa að. Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í stjórn ráðsins.

Vefsíðumál

Nokkur umræða og fundir hafa verið á starfsárinu varðandi vefsíðu Krabbameinsfélagsins. Komið hefur fram að skort hafi heildarsýn og stefnu fyrir hana og að breytinga sé þörf til að vefsíðan standist kröfur tímans. Krabbameinsfélag Reykjavíkur leggur áherslu á að fræðsla og forvarnir verði sýnilegri og aðgengilegri fyrir notendur. Stjórn félagsins ákvað að styrkja fjárhagslega við lagfæringar til að gera hana aðgengilega fyrir snjallsíma og spjaldtölvur, og verða lagðar fram 1,9 milljónir króna í þeim tilgangi.

Guðlaug framkvæmdastjóri félagsins og Sigrún forstöðumaður Ráðgjafarþjónustunnar hafa fundað nokkrum sinnum með fulltrúum frá Landspítalanum sem eru að vinna að vefrænni fræðslu fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur. Einnig hafa þær fundað með ungum áhugasömum einstaklingum sem eru að gera smáforrit, svonefnt app, með stuðnings- og fræðsluefni fyrir sjúklinga og aðstandendur.

Stuðningur við sjúklinga

Tveir stuðningshópar sem eru ekki formlegir aðilar að Krabbameinsfélagi Íslands starfa undir verndarvæng Krabbameinsfélags Reykjavíkur. Annars vegar eru það Góðir hálsar, stuðningshópur um krabbamein í blöðruhálskirtli, og hins vegar Stuðningshópur kvenna með krabbamein í eggjastokkum. Hvor hópur um sig hittist reglulega á rabbfundum og fræðslufundum, karlahópurinn fyrsta miðvikudag í mánuði allt árið og kvennahópurinn síðasta miðvikudag í hverjum mánuði á veturna.

Góðir hálsar tóku þátt í verkefninu „Karlarnir og kúlnar“ þar sem hópur karla fékk tækifæri til að æfa golfsveifluna og fræðast um mataræði og gildi hreyfingar. Verkefnið var unnið í samvinnu við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, Framför og Kraft. Félagar í Góðum hálsum hafa verið öflugir við að veita stuðning við nýgreinda þegar eftir því hefur verið leitað.

Verið er að skoða hugmynd um að breyta Stuðningshópi kvenna með krabbamein í eggjastokkum þannig að fleiri krabbamein tengd kynfærum kvenna falli undir einn og sama stuðningshópinn.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur, Ristilfélagið og Stómastamtökin hafa haldið áfram með samstarf ásamt meltingarsérfræðingi, krabbameinslækni og fleirum stuðningsaðilum í árveknihópi um ristilkrabbamein. Nú í mars fær fyrsti hluti þeirra sem verða fimmtugir á árinu afmælskort, „Gefðu þér góða afmælisgjöf“, með skilaboðum um mikilvægi þess að gefa sjálfum sér þá gjöf að fara í ristilskoðun.

Styrkveitingar

Styrkveitingar félagsins á reikningsárinu voru tuttugu, að fjárhæð rúmar 2,4 milljónir króna.

Happdrættið

Happdrætti Krabbameinsfélagsins hefur verið ein helsta tekjulind Krabbameinsfélags Reykjavíkur í sextíu ár og hefur gegnum árin gert félaginu kleift að sinna fræðslustarfinu. Heildarsala happdrættismiða í jólahappdrættinu var svipuð og árið áður en minnkaði milli ára í sumarhappdrættinu. Hátt hlutfall af verðmæti vinninga gekk út í jólahappdrættinu m.a. bíllinn

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var neikvæð um tæpar 6 milljónir króna. Reiknaðar lífeyrissjóðs-skuldbindingar félagsins eru rúmar 47,1 milljónir króna og lækkuðu um rúmar 4,7 milljónir króna milli ára. Kostnaður við fræðslustarfsemi félagsins var tæpar 26,6 milljónir króna. Árið 2013 skilaði happdrættið félaginu um 15,3 milljónum króna í tekjur en þær voru árið áður um 22,6 milljónir króna. Þessar upphæðir eru fyrir utan lífeyrisskuldbindingar og greiddan lífeyri. Aðrir tekjuliðir, fyrir utan vaxtatekjur, eru félagsgjöld, merkjasala, styrkir og námskeiðsgjöld. Merkjasalan var fyrstu helgina í september. Seldir voru pennar og endurskinsmerki með merki Krabbameinsfélagsins.

Samstarf við ýmsa aðila

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn í maí 2013. Á fundinum lagði stjórn Krabbameinsfélags Reykjavíkur fram áskorun til stjórnar Krabbameinsfélags Íslands um að ramma inn stefnumál Krabbameinsfélagsins að fyrirmynd Norska krabbameinsfélagsins. Norska félagið hefur skipt upp áherslumálum sínum í þrennt undir yfirskriftinni: „Okkar stefnumál: Að vinna markvisst að því að fækka krabbameinstilfellum. Að vinna markvisst að því að lækka dánartíðni þeirra sem greinast. Að vinna markvisst að sem bestum lífsgæðum þeirra sem greinast og aðstandenda.“

Formannafundur Krabbameinsfélaganna var haldinn í september 2013 í Hafnarfirði, í boði Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar. Agnes formaður og Gunnar Már gjaldkeri voru fulltrúar Krabbameinsfélags Reykjavíkur.

Gjaldkeri okkar félags, Gunnar Már Hauksson, er fulltrúi í fjáröflunarráði Krabbameinsfélagsins. Það hefur m.a. það hlutverk að efla, samhæfa og hafa yfirumsjón með fjáröflun Krabbameinsfélags Íslands, svæðafélaga þess og stuðningshópa.

Á sl. ári studdi Krabbameinsfélag Reykjavíkur fjárhagslega við Ráðgjafarþjónustuna með fimm milljónum króna. Styrkurinn var til eins árs og ákvörðun um framhald yrði að byggjast á stöðumati og út frá fjárhagsstöðu félagsins. Félagið hefur einnig komið fjárhagslega að ýmsum samstarfsverkefnum með Ráðgjafarþjónustunni og veitt styrki til starfsfólks á vegum þjónustunnar.

Formaður og fyrrum formaður eru í endurhæfingarteymi Landspítalans fyrir krabbameinsgreinda og hafa staðið fyrir skipulagðri fræðslu með Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur.

Húsnefnd hefur verið starfandi mörg undanfarin ár og er framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Reykjavíkur í nefndinni.

Mörg verkefni félaganna eru unnin í samvinnu Jónasar Ragnarssonar og okkar. Gott samstarf er við starfsfólk Leitarstöðvarinnar og félagið aðstoðar við gerð ársskýrslu Leitarstöðvarinnar. Guðlaug skoðaði sérstaklega norrænt myndrænt fræðsluefni um leghálskrabbamein og brjóstakrabbamein fyrir Leitarstöðina. Einnig er aðstoðað með yfirlestur á greinum og gögnum fyrir utan það að sjá um bæklingaútgáfu stöðvarinnar. Öðrum sviðum Krabbameinsfélags Íslands er líka veitt aðstoð. „Heilsuhlaup Krabbameinsfélagsins“ var haldið í maí sl. og var Guðlaug í undirbúningshópi hlaupsins.

Félagið hefur átt gott samstarf við aðildarfélög og stuðningshópa Krabbameinsfélagsins, Morgunblaðið, Icepharma, Smáralindina, starfsmenn Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum (FRÆ) og fleiri. Ásgeir Theódórs meltingarlæknir og Friðbjörn Sigurðsson krabbameinslæknir hafa ásamt stuðningsaðilum unnið mjög ötulst starf í „ristilhópnum“.

Guðlaug B. Guðjónsdóttir og Agnes Smáradóttir.

Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis



Stofnað: 9. febrúar 1969. Félagsmenn: 300.
Póstfang: Pósthólf 107, 300 Akranesi.
Netfang akranes@krabb.is, vefsíða www.krabb.is/akranes
Skrifstofustjóri: Jóhanna Kristófersdóttir.

Stjórn kosin á aðalfundi 30. apríl 2014:

Formaður: Ólöf Inga Birgisdóttir

894 8835 olof.birgisdottir@hve.is

Gjaldkeri: Alma Auðunsdóttir

Meðstjórnandi: Helga Hallfríður Stefánsdóttir

Meðstjórnandi: Steinunn Eva Þórðardóttir

Meðstjórnandi: Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir

Starfsemi 2013-2014

Sala á fjáröflunarvarningi var í ágúst. Stjórn félagsins sá um sölumennsku og voru móttökur með ágætum.

Október var annasamur en upplífandi. Fyrstu slaufunni var að þessu sinni nælt í unga konu, Rut Karol Hinriksdóttur, sem hafði fengið krabbamein í bæði brjóstin, Henni hefur gengið vel en hún sýndi mikinn dugnað og jákvæðni í meðferðinni og endurhæfingunni. Félagið hafði samband við Gísli Sigurjón Þráinsson sem rekur Gamla Kaupfélagið, til að stinga upp á út-að-borða-kvöldi. Gísli tók mjög vel í þetta og bætti um betur. Í október rann 15% af andvirði seldra humarrétta til Krabbameinsfélags Akraness og nágrennis. Auk þess stóð Gísli fyrir konukvöldi þar sem boðið var upp á skemmtiatriði, bleika drykki og happdrætti. Aðgangseyrir rann óskiptur til félagsins. Sú bygging sem var lýst bleik þetta árið var því auðvitað Gamla Kaupfélagið. Búkolla, nytjamarcaður á Akranesi, var einnig rausnarleg í október og veitti félaginu myndarlegan styrk við virðulega og heimilislega athöfn. Það er stórkostlegt að eiga svona góðan stuðning í samfélaginu. Til að þakka fyrir allan þennan frábæra stuðning og til að gera eitthvað sem væri ekki fjáröflun, heldur bara skemmtilegt, stóð stjórn félagsins fyrir „bleikri rökkurgöngu“ í byrjun nóvember. Skátafélag Akraness og Akraneskaupstaður tóku jafnframt þátt í þessum skemmtilega viðburði sem féll vel inn í menningarhátíð kaupstaðarins, Vökudaga, sem haldnir eru á hverju hausti. Akraneskaupstaður útvegaði kakó sem skátarnir útbjuggu ásamt því að kveikja varðeld og stjórna hópsöng. Þóra Grímsdóttir sögukona leiddi hópinn um Garðalund, skógrækt Akurnesinga og sagði sögur. Stjórnin útvegaði þátttakendum bleika filmu á vasaljósi sem fólk kom með. Veðrið var frábært og góð stemming. Það er einlæg von stjórnarinnar að hægt verði að gera þetta að árlegum viðburði.

Jóganámskeið í umsjá Margrétar Báru Jósefsdóttur hófst um miðjan nóvember og stóð út febrúar. Jógað er sívinsælt og er orðin fastur liður í starfseminni en Bára hefur séð um námskeiðin síðustu ár.

Þann skugga bar á starfið að starfsmaðurinn okkar hefur átt við veikindi að stríða í allan vetur. Stjórnin lagði sig fram um að láta það ekki bitna á þjónustu við skjólstæðinga þannig að stjórnarmeðlimir mönnuðu viðtalstíma, svöruðu síma og sinntu þeim verkum sem þurfti. Eftir áramót breyttust aðstæður hjá stjórninni þannig að ekki var lengur hægt að manna viðtalstímana. Þá kom til liðs við okkur Sigurlína Guðmundsdóttir, fyrrum starfsmaður félagsins, og stóð vaktina fram að páskafrí. Síðan hefur skrifstofan að Kirkjubraut verið lokað og starfsemi þar er nú alveg hætt. Fastráðinn starfsmaður félagsins Jóhanna Kristófersdóttir, lét af störfum um svipað leyti og vill stjórnin nota tækifærið og þakka henni vel unnin störf undanfarin ár.

Í mars var haldinn almennur fræðslufundur sem var vel sóttur. Á fundinum kynnti Kristján Oddsson yfirlæknir á Leitarstöð Krabbameinsfélagsins breytingar á krabbameinsleit á Akranesi og sagði frá stöðunni í leitarmálum. Þá fjallaði Fritz H. Berndsen, yfirlæknir handlækningadeildar HVE á Akranesi og sérfræðingur í almennum skurðlækningum, um ristilkrabbamein og skimun fyrir því krabbameini. Þar sem að mars er árveknimánuður fyrir karla var bæði fundurinn og sala fjáröflunarvarnings nýtt til að koma boðskapnum á

framfæri. Þegar fjáröflunin fór fram var fólki afhentur miði með skilaboðum. Líkt og í október studdi Gamla Kaupfélagið við félagið því að í mars rann hluti af söluandvirði steikarrétta til Krabbameinsfélags Akraness og nágrennis.

Skrifstofu félagsins að Kirkjubraut 40 hefur verið lokað en viðtöl flytjast í Hver endurhæfingarhús við Akratorg þar sem Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir tekur vel á móti fólki. Thelma er með síma félagsins, númerið er 666 8112 og hægt er að ná í hana á venjulegum skrifstofutíma, en hún er forstöðumaður Hvers endurhæfingarhúss og reyndur iðjuþjálfari.

Stjórnin mun þróa starfsemina áfram án starfsmanns, með því að skipta verkum og mögulega fá fólk í samstarf við ákveðin verkefni. Það er einlæg von nýrrar stjórnar að aukinn kraftur færist í félagsstarf svo sem námskeið þar sem fólk hittist, hjálpast að og hefur möguleika á að læra af reynslu hvers annars. Stefnt er að því að bjóða upp á samtals- og slökunarmeðferð fyrir krabbameinsgreinda einstaklinga og þá sem eru að bíða eftir greiningu. Hvað svo verður mun koma smá saman í ljós og fer að hluta eftir viðbrögðum skjólstaðinganna. Félagið er til þjónustu reiðubúið og framtíðin er ekkert nema björt í höndum nýrrar og kröftugrar stjórnar.

Að lokum vill stjórn Krabbameinsfélags Akraness koma á framfæri hjartanlegu þakklæti til allra sem hafa styrkt starfið, með einum eða öðrum hætti á nýliðnu starfsári

Steinunn Eva Þórðardóttir.

Krabbameinsfélag Borgarfjarðar

Stofnað: 14. febrúar 1970.

Félagsmenn: Um 300.



Stjórn kosin 2013:

Formaður: Sigríður Helga Skúladóttir, Þórólfsögðu 17a, 310 Borgarn. 898 9246 sigga.sk@simnet.is

Varaformaður: Sæunn Elfa Sverrisdóttir, Hlöðutúni, 310 Borgarnesi

Ritari: Halla Magnúsdóttir, Kveldúlfsgötu 16, 310 Borgarnesi

Gjaldkeri: María Þórarinsdóttir, Mávakletti 6, 310 Borgarnesi

Meðstjórnandi: Líney Traustadóttir, Bjargarsteini, 311 Borgarnesi

Starfsemin 2013

Tveir fulltrúar fóru á aðalfund Krabbameinsfélags Íslands í maí. Ekki voru tök á að fara á formannafund. Formaður tók þátt í nefndarstörfum á vegum Krabbameinsfélags Íslands.

Félagið tók þátt í fjáröflun á haustdögum, seldi penna og innkaupapoka og gekk vel.

Aðalfundur var haldin síðla árs. Stjórnin var þá endurkjörin og reikningar samþykktir. Gestur fundarins var Ásdís Káradóttir hjúkrunarfræðingur frá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands.

Eitt aðalmarkmið félagsins er að styðja við bakið á krabbameinssjúklingum á svæðinu og voru veittir styrkir og greitt fyrir húsaleigu til allmargra einstaklinga á árinu.

Í september var félagið í samvinnu við forvarnarhóp Borgarbyggðar í þeim tilgangi að koma á aukinni fræðslu í skólun um skaðsemi tilbaksnotkunar. Gaf það góða raun.

Minningarkort fást á Pósthúsinu, í Handavinnuhúsinu, Arionbanka og hjá formanni.

Sigríður Helga Skúladóttir.

Krabbameinsfélag Snæfellsness



Stofnað: 27. september 2005.

Félagsmenn: 84.

Stuðningshópur: Von.

Stjórn:

Formaður: Sveinbjörg Eyvindsdóttir, Hellnum, 356 Snæfellsbæ 866 5237 bro88@simnet.is

Gjaldkeri: Magnea Sigurbj. Kristjánsdóttir, Fornu-Fróðá, 356 Snæf.

Ritari: Guðmunda H. Þórðardóttir, Bárðarási 1, 360 Snæfellsbæ

Meðstjórnandi: Hjördís Vilhjálmsdóttir, Grundargötu 72, 350 Grundarf.

Meðstjórnandi: Margrét Hjálmarsdóttir, Fagurhólstúni 14, 350 Grundarf.

Starfsemi 2013-2014

Starfsemi hefur verið minni en áður vegna veikinda stjórnarmanna. Samskipti stjórnar hafa fyrst og fremst verið gegnum netið þar sem allar helstu ákvarðanir eru teknar. Venjulegir stjórnarfundir eru fáir þar sem stjórnarmenn búa dreift um Snæfellsnesið og víðar.

Sala minningarkorta í nafni félagsins heldur áfram að vera góð. Félagið hefur tekið þátt í dvalarkostnaði vegna lækninga fjarri heimabyggð.

Stuðningshópurinn Von, sem starfar í Grundarfirði, hefur eins og undanfarin átta ár haldið sína fundi reglulega.

Sveinbjörg Eyvindsdóttir.

Krabbameinsfélag Breiðfirðinga



Stofnað: 19. október 2005.

Félagsmenn: 45.

Stjórn kosin á aðalfundi 29. apríl 2013:

Formaður: Jóna Valgerður Kristjánsd., Mýrartungu 2, 380 Reykh. 893 6396 j.valgerdur@gmail.com

Ritari: Guðrún Björnsdóttir, Sunnubraut, Búðardal

Gjaldkeri: Ingibjörg Kristjánsdóttir, Garpsdal, Reykhólahreppi

Meðstjórnandi: Indíana S. Ólafsdóttir, Hellisbraut 16, Reykhólum

Meðstjórnandi: Þrúður Kristjánsdóttir, Sunnubraut 19, Búðardal

Starfsemi 2013

Krabbameinsfélag Breiðfirðinga var stofnað 19. október 2005 að Laugum í Sælingsdal og eru félagar nú 45. Eitt kvenfélag er styrktaraðili.

Aðalfundurinn árið 2013 var haldinn 29. apríl í Rauðakrosshúsinu í Búðardal. Þar dreifðum við og kynntum ýmsa fræðslubæklinga sem Krabbameinsfélagið gefur út. Einnig var sýnd fræðslumynd um ristilkrabbamein.

Einn stjórnarfundur var haldinn á árinu og nokkrir símafundir, en stjórnin heldur aðallega símafundir vegna fjarlægðar á milli stjórnarmanna. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir mætti á aðalfund Krabbameinsfélags Íslands sem haldinn var í maí 2013. Hún mætti einnig á formannafundinn sem haldinn var í Hafnarfirði.

Við höfum árlega sent auglýsingu inn á hvert heimili á svæðinu þar sem við kynnum íbúðir fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur sem Krabbameinsfélagið á í Reykjavík ásamt öðrum og jafnframt að við greiðum dvalarkostnað þeirra sem þar dvelja af okkar félagssvæði þegar þeir þurfa á að halda vegna krabbameinsmeðferðar í Reykjavík. Á árinu var greidd leiga á íbúð fyrir einn aðila sem var þar í meðferð.

Einnig greiðum við fyrir fólk sem þarf að vera á sjúkrahótel Landsspítalans og var greidd dvöl þar fyrir einn aðila á árinu. Við lögðum 150.000 kr. í söfnun fyrir kaup á línuhraðli fyrir Landsspítalann sem Þjóðkirkjan stóð fyrir.

Á árinu seldum við jólakort félagsins, minningarkort, bleiku slaufuna og skeggnæluna við ýmis tækifæri. Bleika slaufan selst alltaf vel en það sama er ekki hægt að segja um skeggnæluna, enda hefur hún ekki heppnast eins vel og útfærslan á bleiku slaufunni. Minningarkortin eru jafnframt til sölu í Arion banka í Búðardal og einnig hjá stjórnarmeðlimum. Síðastliðið sumar voru pennar og varasalvi einnig selt í Handverkshúsinu Bolla í Búðardal, og í Markaðnum í Króksfjarðarnesi sem Handverksfélagið Assa rekur. Við tókum þátt í að selja skeggnæluna í átakinu Mottumars. Og bleika slaufan var seld í október. Á jólamarkaðnum í Króksfjarðarnesi í nóvember voru jólakort frá okkur og ýmsir jólamunir einnig til sölu.

Reykhlakirkja var lýst upp með bleiku ljósi í október. Þá var einnig Mjólkurstöðin í Búðardal lýst upp með bleikum ljósum og er það í fjórða skipti sem það er gert. Nú hefur starfsfólk Mjólkurstöðvarinnar óskað eftir því að fá að gera það árlega til að vekja athygli á átakinu Konur og krabbamein í október.

Enginn starfsmaður er launaður hjá félaginu og vinna stjórnarmenn allt sem gera þarf í sjálfböðavinnu. Erfitt reynist að fá fleira fólk til starfa í svo fámennum sveitarfélögum.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Krabbameinsfélag Tálknafjarðar og Vesturbyggðar

Stofnað: 9. nóvember 2004 (áður Krabbameinsfélag Barðastrandarsýslu, stofnað 30. nóvember 1970).

Félagsmenn: 75.

Stjórn:

Formaður: Kolfinna Guðmundsdóttir, Urðargötu 22, 450 Patreksfirði 861 5131 olist@visir.is

Gjaldkeri: Jóhanna Gísladóttir

Ritari: Þuríður Ingimundardóttir

Meðstjórnandi: Birna Kristinsdóttir

Meðstjórnandi: Nína Jóhannesdóttir

Starfsemi 2013-2014

Félagið hefur selt minningarkort og styrkt fólk sem hefur farið í meðferð. Að öðru leyti hefur starfið ekki verið mikið.

Kolfinna Guðmundsdóttir.



Krabbameinsfélagið Sigurvon



Stofnað: 4. nóvember 2001. Kennitala: 470102-4540. Félagsmenn: Um 300.

Netfang sigurvon@snerpa.is, vefsíður <http://svon.blogspot.com> og

www.facebook.com/KrabbameinsfelagidSigurvon

Þjónustuskrifstofa: Pollgötu 4, Ísafirði, símar 456 5650 og 849 6560,

opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 11-13.

Starfsmaður: Thelma Hjaltadóttir.

Stuðningshópur: Vinir í von

Stjórn kosin á aðalfundi 27. mars 2014:

Formaður: Sigurður Ólafsson, Hlíðarvegi 45, 400 Ísafirði

897 5502 bii@simnet.is

Gjaldkeri: Guðfinna Sigurjónsdóttir, Ísafirði

Ritari: Oddný B. Birgisdóttir, Ísafirði

Meðstjórnandi: Svava B. Þorsteinsdóttir, Ísafirði

Meðstjórnandi: Guðbjörg Ólafsdóttir, Ísafirði

Starfsemin 2013

Að vanda var unnið fjölbreytt starf hjá Krabbameinsfélaginu Sigurvon árið 2013 en líkt og árið áður markaðist starfsemin töluvert af breytingum er tengdust skrifstofuhúsnæði og starfsmannahaldi.

Sem fyrr var stuðningshópurinn *Vinir í von* með öflugt starf á árinu. Hópurinn er með samverustundir annan hvern laugardag yfir vetrartímann þar sem einstaklingar með krabbamein og aðstandendur þeirra koma saman og eiga góða stund. Hópurinn hefur notið velvildar Vesturafls, geðræktarmiðstöðvar, sem lætur honum í té aðstöðu að Mánagötu 6.

Sigurvon lagði sitt af mörkum til að vekja athygli á *Mottumars*, árlegu árvekni- og fjáröflunarátaki Krabbameinsfélags Íslands. Í marsmánuði síðastliðnum birtust í hverri viku fréttir á bb.is er tengdust átakanu, viðtöl við þátttakendur í áheitasöfnuninni og myndir af ýmsum aðilum í bæjarfélaginu sem söfnuðu skeggi og sumir einnig áheutum. Þá fór starfsmaður Sigurvonar á helstu karlavinnustaði í bænum, minnti á átakið og boðskap þess og skildi eftir fræðsluefni á kaffistofum. Á Mottudeginum þann 15. mars var Sigurvon með vörusölu í anddyri verslananna Bónus og Samkaup. Að þessu sinni var farin sú leið að selja eldri varning sem tengdust Mottumars, auk dagatals Sigurvonar og gekk sú sala mjög vel. Einnig voru Mottumarsvörur til sölu í afgreiðslu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á Ísafirði og gekk sú sala ágætlega. Stjórn Sigurvonar ákvað að verðlauna nokkra aðila sem tóku þátt í áheitasöfnun Mottumars. Í þakklætisskyni fengu fjórir aðilar á Ísafirði Mottumars-armbönd frá Sigurvon og páskaegg frá Hamraborg. Ungir bræður á Ströndum fengu stór páskaegg frá Kaupfélaginu á Hólmavík. Þá færði stjórnin einnig Sigurði Ólafssyni, formanni, Mottumars-armband í þakklætisskyni fyrir ómetanlegt starf í þágu félagsins.

Sumargleði Sigurvonar fór fram í blíðskaparveðri á Silfurtorgi, miðvikudaginn 3. júlí. Til stóð að gleðin færi fram föstudaginn 28. júní en því þurfti að fresta vegna rigningar. Um 300 manns mættu á Silfurtorgið og nutu sólar, góðs matar og skemmtunar. Boðið var upp á Muurikka grillaðan fisk og puls, safi og kærleiksvatn. Ungmennaleikhúsið Morrin brá á leik með gjörningi og götuleik og Guðmundur Hjaltason og Hjalti Þórarinnsson spiluðu skemmtileg lög en nokkur börn tóku einnig lagið með þeim félögum. Auk þessa alls var Sigurvon með nokkra eldri muni sem félagið átti, til sölu á lækkuðu verði.

Markmiðið með sumargleðinni var að fagna sumrinu ásamt því að þakka fyrir alla þá velvild sem Krabbameinsfélaginu Sigurvon hefur verið sýnd. Sá kærleikur og stuðningur sem félaginu er sýndur hefur gert því kleift að styðja við þá sem veikjast af krabbameini. Forsvarsmenn félagsins hafa verið svo lánsamir að geta t.d. veitt fjölmörgum einstaklingum fjárstuðning sem væri ekki hægt nema fyrir tilstuðlan alls þess góða fólks sem gengur í félagið og greiðir félagsgjöld eða styður við okkur með öðrum hætti. Fyrir þetta allt vildum við þakka.

Gott dæmi um þá velvild sem Sigurvon er sýnd eru þeir fjölmörgu aðilar sem lögðu hönd á plóg og veittu okkur aðstoð svo Sumargleðin yrði sem veglegust. Þeir eru: Fiskbúðin Sjávarfang, Kári Jóhannsson, Þorsteinn Þráinsson, HV-umboðsverslun, Samkaup, Gamla Bakaríð, Thai Koon, Vífilfell, Stuð ehf, Vernharður Jósefsson, Guðmundur Hjaltason, Hjalti Þórarinnsson, Ungmennaleikhúsið Morrinn og ýmsir velunnarar Sigurvonar sem aðstoðuðu við vörusölu. Þá komu fulltrúar frá rækjuvinnslunni Kampa færandi hendi í anda dagsins og afhentu formanni Sigurvonar hálfrar milljón króna styrk, sem fyrirtækið aflaði með dyggum stuðningi nokkurra viðskipavina sinna. Er þeim og öllum ofantöldum aðilum færðar kærar þakkir fyrir aðstoðina og stuðninginn.

Í sumar voru gerðar endurbætur á *þjónustuskrifstofunni* að Pollgötu 4, en félagið fékk myndarlegan styrk frá Kvenfélaginu Sunnu til verksins. Skrifstofan var máluð og keypt ný húsgögn til að aðstaðan yrði sem hlýlegust að aðgengilegust fyrir þá sem leita til félagsins.

Í september fékk Sigurvon liðsstyrk frá tveimur nýjum *starfsmönnum* en Sigríður Ragna Jóhannsdóttir sem starfaði tímabundið fyrir Sigurvon sneri sér að nýjum verkefnum og Thelma Hjaltadóttir og Svava Björg Þorsteinsdóttir tóku við keflinu. Svava Björg býður upp á markviss stuðningsviðtöl fyrir einstaklinga með krabbamein og fjölskyldur viðtöl en hún hefur mikla reynslu af hjúkrun einstaklinga með krabbamein. Thelma tók við umsjón þjónustumiðstöðvarinnar og önnur tilfallandi verk sem tengjast rekstri félagsins. Með nýju fólki breyttist opnunartími þjónustumiðstöðvarinnar og er hún nú opin á þriðjudögum og fimmtudögum milli kl. 16 og 18.

Víða var lýst upp með *bleiku ljósi* á Ísafirði í október og vakin athygli á að mánuðurinn er tileinkaður baráttunni gegn krabbameini hjá konum. Að vanda var Safnahúsið baðað bleikum ljóma sem og fleiri fyrirtæki og stofnanir hér í bæ sem eins flögguðu fána með bleiku slaufunni. Forsvarsmenn Bæjarins besta tóku upp á því að tileinka eitt blað í mánuðinum átakinu þar sem fyrirtæki og stofnanir bauðst að birta kveðju í anda átaksins. Ágóðinn, 100.000 krónur, kom í hlut Sigurvonar. Einnig hlaut félagið 100.000 króna styrk frá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru í Hnífsdal.

Svokallað *bleikt kvöld* var haldið með nýjum hætti í ár og gengu veitingastaðir um allt land til liðs við Krabbameinsfélag Íslands og aðildarfélög þess og gefa hluta af sínum ágóða til styrktar félaginu. Var markmiðið að landsmenn gætu lyft sér upp, farið út að borða með fjölskyldu eða vinum og styrkt um leið starfsemi félagsins. Er það í fyrsta sinn sem bleika kvöldinu er fagnað með þeim hætti. Á Ísafirði tóku Húsið og Edinborg Bistro-Bar þátt í þessari tilraun og virtist framtakið fá góð viðbrögð. Vonir standa til að hægt sé að fá enn fleiri veitingastaði til að taka þátt á næsta ári og hafa atburðinn enn veglegri. Þess má geta að í upphafi mánaðar fékk Sigríði Rögnu Jóhannsdóttur afhenta bleiku slaufuna sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf í þágu Sigurvonar.

Aðalfundur félagsins fór fram í nóvember og þar urðu nokkrar breytingar á stjórn en Heiðrún Björnsdóttir bauð sig ekki fram á ný sem varamaður og var henni þakkað fyrir góð störf í þágu félagsins.

Að vanda var haldin *jóla kortasala* í fjáröflunarskyni og eins og undanfarin ár fékk félagið að gjöf myndir frá áhugaljósmyndaranum Ágústi G. Atlasyni til að skreyta kortin með. Kann félagið honum bestu þakkir fyrir.

Í lok árs sótti Sigurvon um og fékk úthlutað *samfélagsstyrk* frá Orkubúi Vestfjarða að upphæð 100.000 krónum. Mun það koma sér vel í starfi félagsins og eru forsvarsmenn þess afar þakklátir Orkubúinu.

Þá er rétt að geta að á árinu kom út nýr *upplýsingabæklingur* fyrir einstaklinga sem hafa greinst með krabbamein og verður hann meðal annars að finna á öllum heilsugæslustöðvum á starfssvæði félagsins á norðanverðum Vestfjörðum.

Thelma Hjaltadóttir.

Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs



Stofnað: 13. október 1968.

Félagsmenn: Um 70.

Stjórn:

Formaður:	Geir Karlsson, Spítalastíg 5, 530 Hvammstanga	455 2100	geir.karlsson@hve.is
Ritari:	Jóna G. Ármannsdóttir Laxárdal, 500 Stað	451 1164	
Gjaldkeri:	Sigurbjörg Geirsdóttir, Búrfelli, 531 Hvammstanga	455 2100	
Meðstjórnandi:	Elínborg Ólafsdóttir, Nestúni 4, 530 Hvammstanga	451 2574	
Meðstjórnandi:	Elsche Apel, Neðri-Svertingsstöðum, 531 Hvammstanga	451 2956	

Starfsemin 2013-2014

Tekjur hafa verið af sölu innkaupapoka og minningarkorta ásamt beinum styrkjum frá félögum og einstaklingum. Annað hvert ár hefur verið haustmarkaður, svonefndur Sláturbasar, með landbúnaðarvörur og ýmislegt annað sem einstaklingar gefa, yfirleitt eitthvað sem þeir eru að búa til eða rækta sjálfir.

Veittir voru styrkir til krabbameinssjúklinga, til að standa straum af lækni- og rannsóknakostnaði sem hið opinbera greiðir ekki. Félagið hefur í gengum árin styrkt forvarnarverkefni í skólum og Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga með tækjakaupum.

Geir Karlsson.

Krabbameinsfélag Austur-Húnavatnssýslu



Stofnað á Blönduósi: 2. nóvember 1968.

Félagsmenn: Um 200.

Stuðningshópur: Samhugur.

Stjórn kosin 26. mars 2014:

Formaður:	Sveinfríður Sigurpálsd., Brekkubyggð 11, 540 Blönduósi	452 4528	sveinfridur@simnet.is
Ritari:	Sigríður Stefánsdóttir, Hólabraut 23, 545 Skagaströnd		
Gjaldkeri:	Vigdís Björnsdóttir, Urðarbraut 15, 540 Blönduósi		
Meðstjórnandi:	Katrín Líndal, Hlíðarbraut 17, 540 Blönduós		
Meðstjórnandi:	Kristín Rós Sigurðardóttir, Tindum, 541 Blönduósi		

Starfsemi 2013-2014

Stjórnin hélt nokkra fundi í árinu og hafði mikil samskipti sín á milli gegnum tölvupóst o.fl. Markmið félagsins er ávallt að minna á og fræða almenning um krabbamein og krabbameinssvarnir hvers konar. Á aðalfundi 2013 var sýnd fræðslumynd um sjúkdóma í ristli en um þessar mundir er oft rætt um skimun á honum á landsvísi og hefur Krabbameinsfélag Austur-Húnavetninga stutt við þær áskoranir ásamt fleiri félögum. Á aðalfundi 2014 færði stjórnin heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi að gjöf tvo hægindastóla fyrir aðstandendur til afnota er ættingjar þeirra eru í líknarmeðferð.

Fjáröflun til styrktar félaginu er fastur þáttur í starfinu. Sala á ýmsum hlutum haustið 2013 tókst vel. Sala á minningarkortum félagsins gekk einnig vel og fer aðallega fram í apóteki Lyfju á Blönduósi og hjá nokkrum félagsmönnum. Við í stjórninni tókum jafnframt þátt í sölu Krabbameinsfélags Íslands á armböndum í áttakinu Mottumars – karlar og krabbamein, og sem fjáröflun fyrir okkar félag.

Félagið tók að venju þátt í árvekniáttaki í októbermánuði sem fram fer til að minna á baráttu gegn brjóstakrabbameini sem og öðrum krabbameinum í konum. Í tilefni þess voru lýstar upp tvær stofnanir á Blönduósi og á Skagaströnd. Félagið veitti styrki til þeirra sem voru í meðferð við krabbameini, með því að

greiða leigu fyrir íbúðir Krabbameinsfélagsins og annarra. Eins og áður hefur komið fram nýtti félagið sér það að sækja um í velunnarasjóð Krabbameinsfélags Íslands og sótt var um einn styrk til að niðurgreiða bóluþefni ungra stúlkna gegn leghálskrabbameini en ríkið tók ekki þátt í þeim greiðslum vissra árganga. Við fengum því miður ekki styrk að þessu sinni en reynum aftur við önnur verkefni.

Formaður sendi sem áður pistil um félagið í Húnavökuútaritið, sem kemur út árlega, og til upplýsinga um hvað er á döfinni hjá okkur og að kynna jafnframt starfsemina. Formaður sat aðalfund Krabbameinsfélags Íslands í maí 2013 í Reykjavík og var þar ritari fundarins. Sótti einnig formannfundinn í september sem haldinn var í Hafnarfirði.

Krabbameinsfélag Austur-Húnavetninga stendur keikt á gömlum merg. Um tvö hundruð eru á félagaskrá og er það mikill styrkur fyrir okkur til góðra verka. Alltaf er samt nauðsynlegt að afla fleiri félagsmanna til þess að félagið eflist og vaxi og geti komið að sem mestu gagni.

Sveinfríður Sigurpálsdóttir.

Krabbameinsfélag Skagafjarðar



Stofnað: 12. júní 1966. Félagsmenn: Um 420.

Þjónustuskrifstofa er á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki.

Símar 453 6030 og 863 6039. Starfsmaður: María Reykdal.

Netfang skagafjordur@krabb.is, vefsíða krabb.is/skagafjordur

Stuðningshópur: Dugur.

Stjórn kosin á aðalfundi 29. apríl 2014:

Formaður: Þorsteinn Þorsteinsson, Dalatúni 10, 550 Sauðárkróki 453 5707 thorsti@simnet.is

Varaformaður: Dalla Þórðardóttir, Miklabæ, 560 Varmahlíð

Ritari: Sara Valdimarsdóttir, Frostastöðum, 560 Varmahlíð

Gjaldkeri: Helga Gígja Sigurðardóttir

Meðstjórnandi: Guðmundur Gunnarsson

Meðstjórnandi: Guðrún H. Guðmundsdóttir

Starfsemi 2013-2014

Starfsemi hefur verið meiri en oft áður. María Reykdal hefur verið með viðveru á skrifstofunni þrisvar í viku og er alltaf með auglýstan símatíma. Hún hefur verið með stuðningsviðtöl í síma og á stofu og einnig nokkur sálfræðiviðtöl. Haldnir voru tveir stjórnarfundir. Félagið sendi tvo fulltrúa á aðalfund Krabbameinsfélags Íslands og formaður fór ásamt starfsmanni á formannafundinn.

Orlofsdvalir á Löngumýri voru studdar fjárhagslega. Félagið greiðir leigu fyrir fólk héðan sem dvelur í íbúðum Krabbameinsfélagsins eða á Sjúkrahótelinu í tengslum við krabbameinsmeðferð og hafa nokkrir nýtt sér það og fengu aðstoð við það af starfsmanni. Félagið hefur veitt einstaklingsstyrki við sérstakar aðstæður. Námskeið fyrir krabbameinssjúka og aðstandendur var haldið í fyrravor og heppnaðist mjög vel, góð þátttaka. Dugur hefur verið með samverustundir einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Krabbameinsfélagið greiðir niður fimm viðtöl sálfræðings fyrir sjúkling eða og aðstandanda og hafa nokkrir nýtt sér það.

Fjáröflunarsala var í haust og aftur í vor með aðstoð Kiwanis. Krabbameinsfélagi Skagafjarðar var veittur 300.000 kr. styrkur frá menningarsjóði Kaupfélags Skagfirðinga. Krakkar í 7. og 8. bekk Varmahlíðarskóla héldu fjáröflunarhlaup í haust (Hegraneshringurinn, 65 km) og söfnuðu einni milljón króna til styrktar Krabbameinsfélagi Skagafjarðar sem er ótrúlegur árangur og lýsir mjög góðum og í raun ómetanlegum hug Skagfirðinga til síns heimafélags. Einnig hefur félagið fengið fleiri rausnarlegar gjafir frá einstaklingum.

Heilbrigðisstofnunin og Sauðárkróskirkja voru lýst bleik í október. Viðtal við Maríu á sjónvarpsstöðinni N4 í tengslum við bleika mánuðinn. Einnig haldið skvísukvöld á Kaffi Krók og Hrefna Þórarinsdóttir, sem hefur

verið mjög dugleg við að halda Dugi gangandi, var heiðruð þar. Bleikt boð var haldið fjórum sinnum á Ólafshúsi, sem var bæði fjáröflun og kynning. Félagið fékk þar 20% af verði á matseðli. María birti grein í Feyki í haust í tengslum við fjáröflunarsölu. Haldinn var fræðslufundur um blöðruhálskirtilskrabbamein í tilefni af mottumars í samvinnu við Kiwanis og þar söng karlakórinn Heimir. Var mjög góð mæting.

Kiwanis er að hefja fjársöfnun til að freista þess að koma af stað kembileit vegna ristilkrabbameins þannig að einum árgangi í senn (55 ára) yrði boðið í ristilspeglun. Stefnt er að því að tryggð yrði að þetta stæði til boða í fimm ár og yrði eins og verið hefur á Húsavík í nær þrjú ár (með stuðningi Lions). Til þess að þetta sé mögulegt þyrfti einnig að safna fyrir nýju ristilspeglunartæki. Þetta fór af stað í samráði við Krabbameinsfélag Skagafjarðar og hefur formaður setið nokkra fundi með Kiwanismönnum. Einnig var haft samráð við Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki. Allt útlit er fyrir að þetta takist og geti hafist á næsta ári. Söfnunin á að standa undir kostnaðarhluta sjúklings en Heilbrigðisstofnunin myndi gefa vinnuna við speglanirnar.

Þorsteinn Þorsteinsson.

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis



Stofnað: 21. nóvember 1952. Félagsmenn: 1.360.

Þjónustuskrifstofa er á Glerárgötu 24, 600 Akureyri.

Opið er mánudaga og þriðjudaga kl. 13-16.

Viðtalstímar við hjúkrunarfræðing eftir samkomulagi.

Sími 461 1470. Netfang kaon@simnet.is.

Framkvæmdastjóri: Þorbjörg Ingvadóttir.

Stuðningshópur: Norðankraftur.

Stjórn kosin á aðalfundi 2013:

Formaður: Hlíf Guðmundsdóttir, Illugastöðum, 601 Akureyri 462 2699 hlif@est.is

Varaformaður: Friðrik Vagn Guðjónsson, Dalsgerði 4a, 600 Akureyri

Ritari: Klara Arnbjörnsdóttir, Ólafsvogi 34, 625 Ólafsfirði

Gjaldkeri: Jón Þ. Óskarsson, Illugastöðum, 601 Akureyri

Meðstjórnandi: Anna Ólafsdóttir

Meðstjórnandi: Guðbjörg Antonsdóttir, Skíðabraut 17, 620 Dalvík

Meðstjórnandi: Hólmfríður Kristjánsdóttir, Eyrarlandsvegi 20, 600 Ak.

Meðstjórnandi: Lilja Sverrisdóttir, Gullbrekku, 601 Akureyri

Meðstjórnandi: Sigríður Jónsdóttir, Bergi, Svalbarðsströnd, 601 Akureyri

Starfsemi 2013

Aðalfundur félagsins var haldinn á Akureyri 29. apríl 2013. Á fundinum var lögð fram tillaga um sameiningu Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis og Krabbameinsfélags Siglufjarðar og var hún samþykkt. Stjórn lagði fram tillögu um að árgjald til félagsins yrði óbreytt frá síðasta ári, eða 3.000 kr. og var sú tillaga einnig samþykkt. Engar breytingar urðu á stjórn félagsins að þessu sinni.

Skrifstofa o. fl. Skrifstofa félagsins er opin mánudaga og þriðjudaga kl. 13-16, auk þess sem boðið er upp á viðtalstíma utan skrifstofutíma. Símatími er alla miðvikudaga frá kl. 10-12. Starfsmenn eru þeir og skipta á milli sín 90% stöðu. Þorbjörg Ingvadóttir framkvæmdastjóri, Jóhanna Júlíusdóttir hjúkrunarfræðingur og Sigrún Jónsdóttir sjúkraþjálfari. Stjórnin hélt fimm bókaða stjórnarfundir á árinu 2013. Friðrik Vagn og Þorbjörg sátu aðalfund Krabbameinsfélags Íslands í maí og Friðrik Vagn sat formannafundinn í Hafnarfirði í september. Starfsmenn sóttu tvo samráðsfundi starfsmanna svæðaskrifstofa Krabbameinsfélagsins.

Námskeið fyrir þá sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra var haldið í húsnaði félagsins að Glerárgötu 24. Það hófst 16. apríl og því lauk 30. apríl. Eftirtaldir fyrirlesarar voru með okkur að þessu sinni:

Friðbjörn Sigurðsson krabbameinslæknir, María Björk Ingvadóttir félagsráðgjafi og Ingvar Þóroddsson endurhæfingarlæknir. Námskeiðið var þátttakendum að kostnaðarlausu og fékk félagið sérstakan verkefnisstyrk frá Krabbameinsfélagi Íslands upp í kostnaðinn við þetta verkefni. Skráðir þátttakendur voru 26 að þessu sinni, flestir frá Akureyri, en einnig einstaklingar búsettir annars staðar á félagssvæðinu.

Fræðsla o.fl. Starfsmenn sinna ýmiss konar fræðslu sem tengist forvörnum, stuðningi og kynningu á starfsemi félagsins, bæði til hópa og einstaklinga.

Endurhæfing. Sigrún Jónsdóttir sjúkraþjálfari hefur boðið bæði krabbameinssjúkum og langveikum upp á ókeypis hugleiðslu og slökun alla þriðjudaga í húsnæði félagsins, auk þess að vera með vatnsleikfimi í innilaug Sundlaugar Akureyrar, styrktarþjálfun fyrir hópa í Átaki við Skólastíg og einstaklingsþjálfun, viðtöl og ráðleggingar.

Opið handavinnuhús. Í október var ákveðið í samvinnu við Halldóru Björgu Sævarsdóttur textílkennara að bjóða upp á samveru þar sem fólk gæti komið með handavinnu og spjalla saman yfir kaffibolla. Þetta er í boði alla fimmtudaga frá kl. 13-16 og hefur verið mjög vel sótt.

Keramíklöftið og Punkturinn. Á hverjum miðvikudegi frá kl. 13-18 hittist fólk á Keramíklöftinu. Þar er hægt að vinna með gler, mosaik, keramik o.fl. Þessi samvera hefur gefist vel og hefur verið mjög vel sótt. KAON hefur stutt við þessa starfsemi með ýmsu móti frá byrjun. Á Punktinum getur fólk komið alla fimmtudagsmorgna og nýtt þá aðstöðu sem þar er í boði og fengið aðstoð og leiðbeiningar t.d. við saumaskap, útskurð, bókband o.m.fl.

Viðtöl og stuðningur við skjólstaðinga. Skráð viðtöl og símtöl eru rúmlega 200. Starfsmenn hafa frá árinu 1998 skráð fjölda viðtala á skrifstofunni. Við skoðun á þessari skráningu kemur í ljós að ásókn er í það sem kalla mætti almennan stuðning og ráðgjöf.

Stómasamtökin hafa haldið fundi sína í húsnæði félagsins eins og undanfarin ár.

Líf og loft eru samtök lungnasjúklinga. Þau hafa fundað í húsnæði okkar.

Íbúðir Krabbameinsfélagsins o.fl. í Reykjavík. Um áramótin 2013/14 höfðu félaginu borist reikningar vegna dvalar í íbúðum Krabbameinsfélagsins vegna 422 gistínatta. Hver sólarhringur kostar 1.700 kr. og greiðir félagið alltaf 75% af hverjum reikningi berist félaginu beiðni þar um, nema fyrir félagsmenn Einingar-Iðju. Þeirra félagsmenn fá greitt að fullu, þar sem við fáum styrk frá Einingu á móti. Misjafnt er hvernig eða hvort önnur stéttarfélög koma til móts við sína félagsmenn og veita starsfmenn félagsins upplýsingar um það.

Tekjur. Helstu tekjur félagsins, fyrir utan rekstarstyrk frá Krabbameinsfélagi Íslands sem greiðir helming af launum starfsmanna og verkefnisstyrk sem gerir okkur kleift m.a. að halda námskeið fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur, eru félagsgjöldin og styrkir sem félaginu bærast frá félagasamtökum og einstaklingum á árinu. Má þar t.d. nefna mottuboðið í Hofi í mars, leiksýninguna Dagatalsdömunar sem Freyvangsleikhúsið sýndi, Dömulaga dekurdaga í október, Matur-inn, kynningu á mat úr héraði sem haldið var í Höllinni í október, styrk frá Rafiðnaðarsambandi Íslands, Leikskólanum Hólmasól, Hæfingarstöðinni, Landsbankanum og Reykjavíkumaraþoni. Minningarkort og síðast en ekki síst eru gjafir og fjárstuðningur frá einstaklingum og velunnurum félagsins. Öllum þessum fjölmörgu aðilum færum við innilega þakkir.

Húsnæði. Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis hefur í mörg ár leigt 110 fermetra húsnæði að Glerárgötu 24. Miklar endurbætur voru gerðar á húsnæðinu og salurinn okkar rúmar nú um 25-30 manns í sæti, auk þess sem rýminu er skipt þannig að auðvelt er að eiga notarlegt spjall við einstaklinga á fleiri en einum stað og segja má að vel hafi tekist til með endurbætur.

Þorbjörg Ingvadóttir.

Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga



Stofnað: 22. ágúst 1968.

Félagsmenn: 400.

Stuðningshópur: Birta

Stjórn 2013:

Formaður: Jóhanna Björnsdóttir, Sólbrekku 7, 640 Húsavík

862 8792 j.bjornsd@gmail.com

Ritari: Halla Lovísa Loftsdóttir, Álftanesi, 641 Húsavík

Gjaldkeri: Edda Björg Sverrisdóttir, Laugarholti 7, 640 Húsavík

Meðstjórnandi: Erla Sigurðardóttir, Höfðavegi 22, 640 Húsavík

Meðstjórnandi: Gunnlaug María Eiðsdóttir, Heiðargerði 4, 640 Húsavík

Meðstjórnandi: Ingjerdur Arnljótsdóttir, Gautlöndum, 660 Mývatni

Starfsemi 2013-2014

Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga er rekið sem styrktarfélag og starfar við hlið Birtu, stuðningshóps einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein. Markmið félagsins er að styrkja málefni sem tengjast heilsu og forvörnum gegn krabbameini, ásamt því að styrkja einstaklinga í Suður-Þingeyjarsýslu sem greinst hafa með krabbamein, með ýmsum hætti. Félagið styrkir sjúklinga sem þurfa að dvelja vegna krabbameinsmeðferðar í Reykjavík með greiðslu á leigu íbúða. Félagið tekur þátt í sölu á merkjum Krabbameinsfélags Íslands sem seld eru á landsvísi og þeim átaksverkefnum sem Krabbameinsfélag Íslands hefur staðið fyrir. Félagið sér um sölu á minningarkortum Krabbameinsfélagsins. Félagið stóð fyrir sölu á ýmsum varningi til ágóða fyrir félagið, þar á meðal voru seldar svonefndar brjóstasápur sem Sælusápur í Lóni í Kelduhverfi framleiddi sérstaklega fyrir félagið. Ekkert bleikt boð var haldið fyrir konurnar en tekin ákvörðun um að halda bleikt boð og blátt boð annað hvert ár. Fyrirtæki og einstaklingar á svæði Krabbameinsfélags Suður-Þingeyinga styrkja félagið myndarlega ár hvert. Félagið hefur gefið fé til Styrktarfélags Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga til kaupa á ýmsum búnaði.

Á haustdögum 2013 hætti Guðrún Árný Guðmundsdóttir sem formaður þar sem hún fór til Reykjavíkur til náms og Jóhanna Björnsdóttir, stjórnarkona tók við formannssætinu. Félagið stóð fyrir gerð og dreifingu á kynningarbæklingi um Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga og var honum dreift inn á öll heimili á félagssvæðinu.

Jóhanna Björnsdóttir.

Krabbameinsfélag Norðausturlands



Stofnað: 18. ágúst 1970, endurvakið 2. maí 2006.

Félagsmenn: Um 85.

Stjórn kosin á aðalfundi 16. mars 2014::

Formaður: Stefánía V. Gísladóttir, Boðagerði 9, 670 Kópaskeri

866 2977 disagisla@islandia.is

Ritari: Gréta Bergrún Jóhannsd., Fjarðarvegi 43, 680 Þórshöfn

Gjaldkeri: María Hermundardóttir, Ekrugötu 4, 670 Kópaskeri

Meðstjórnandi: Bjarney Hermundardóttir, Tunguseli, 681 Þórshöfn

Meðstjórnandi: Guðrún M. Sigurjónsdóttir, Höfða, 675 Raufarhöfn

Starfsemi 2013-2014

Starfsemi félagsins hefur að mestu leyti verið bundin við sölu minningarkorta, merkjasölu og þátttöku í Mottumars. Í janúar og mars fengum við aðila frá Reyklaus.is til að koma og kynna skaðsemi munntóbaks í

grunnskólunum í Lundi, Raufarhöfn og á Bakkafirði. Formaður sótti aðalfund og formannafund Krabbameinsfélags Íslands.

Tekin var ákvörðun um að auglýsa minningarkort Krabbameinsfélagsins í auglýsingablaðinu Skeglunni, sem dreift er á starfssvæði okkar einu sinni í mánuði, til að vekja athygli á félaginu og hefur orðið aukning á sölu þeirra eftir það.

Ekki var haldin aðalfundur félagsins árið 2013 heldur ákveðið að halda næsta aðalfund í mars 2014 og færa tímasetningu aðalfundar til samkvæmt lögum félagsins. Fundurinn var haldin 16. mars á Raufarhöfn. Engar breytingar urðu á aðalstjórn.

Stefanía V. Gísladóttir.

Krabbameinsfélag Austurlands



Stofnað: 20. apríl 1970. Félagsmenn: Um 140.

Þjónustuskrifstofa að Búðareyri 15 á Reyðarfirði, rekin í samvinnu við Krabbameinsfélag Austfjarða, er opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 11-13.

Sími 474 1530, netfang kraus@simnet.is, vefsíða krabb.is/austur

Starfsmaður: Tinna Hrönn Smáradóttir.

Stjórn kosin á aðalfundi 24. apríl 2014:

Formaður:	Alfreð Steinar Rafnsson, Dalseli 8, 700 Egilsstöðum	847 2524	alfred.steinar@gmail.com
Gjaldkeri:	Kristjana Björnsd., Bakkavegi 1, 720 Borgarfirði eystra	893 5211	kristbj.skima@simnet.is
Ritari:	Jóna Björg Sveinsdóttir, Geitlandi, 720 Borgarfirði eystra	862 7865	jonasb@ismennt.is
Meðstjórnandi:	Ásdís Sigurjónsdóttir, Stekkjartröð 10, 700 Egilsstöðum	824 3920	asdiss@simnet.is
Meðstjórnandi:	Karólína S. Ingvarsdóttir, Dalseli 8, 700 Egilsstöðum	824 3920	kain@mi.is

Starfsemi 2013-2014

Segja má að starfsemi félagsins hafi verið með minna móti miðað við undanfarin ár. Eitt helsta vandamálið eru fjarlægðir milli byggðakjarna þar sem veður getur hamlað færð ásamt ferðakostaði. Aukin þjónusta er aftur á móti sú að ráðinn hefur verið í starfsmaður í 50% starf við skrifstofu krabbameinsfélaganna á Reyðarfirði. Rætt hefur verið um sameiningu beggja krabbameinfélagana á Austurlandi en enn sem komið er hefur ekki nást lending í því máli.

Formaður félagsins sótti aðalfund Krabbameinsfélagsins og formannafund 2013. Krabbameinsfélag Austurland tilnefndi Birnu Stefándóttir hvunndagshetju sína fyrir árið 2013

Að venju héldu félögin sameiginlega *hvíldarhelgi á Eiðum* fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur þeirra. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá. Þátttakendur lýstu ánægju sinni með dvölinu og sögðust snúa endurnærðir heim á leið að lokinni þessari helgi.

Fyrir tilstuðlan Starfsendurhæfingar Austurlands hafa verið haldnir tveir fundir þar sem rætt hefur verið um frekari samstarf við krabbameinsfélögin. Hugmyndin er sú að Starfsendurhæfingin taki að sér þjónustu við skjólstæðinga krabbameinfélaganna. Sameina mætti fyrirlestra og námskeið í mörgum tilfellum við þjónustu við aðra skjólstæðinga. Frekari útfærsla á þessu samkomulagi er enn í mótun og vonir standa til að með þessu móti verði hægt að veita skjólstæðingum félagsins betri þjónustu en hingað til.

Helstu fjáraflanir eru félagsgjöld, sala í tengslum við Bleiku slaufuna og Mottumars og sala minningakorta. Eins og undanfarin ár hefur félagið greitt dvalarkostnað sjúklinga þegar þeir hafa þurft að fara í meðferð til höfuðborgarsvæðisins. Kostnaður við slíkar ferðir hefur aukist mikið að undanfögnu og svo einnig komið upp sú staða að fylgja hefur þurft sjúklingi í slíkar ferðir.

Alfreð Steinar Rafnsson.

Krabbameinsfélag Austfjarða



Stofnað: 21. apríl 1970. Félagsmenn: Um 530.
Þjónustuskrifstofan að Búðareyri 15 á Reyðarfirði er rekin í samvinnu við Krabbameinsfélag Austurlands og er opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 11-13. Sími 474 1530.
Netfang kraus@simnet.is Vefsíða krabb.is/austur
Starfsmaður: Tinna Hrönn Smáradóttir.

Stjórn kosin á aðalfundi 23. apríl 2013:

Formaður: Jóhann Sæberg Helgason, Heiðarvegi 20, 730 Reyðarfirði 840 7212 johann@launafl.is
Ritari: Solveig Friðriksdóttir, Hólalandi 18, 755 Stöðvarfirði
Gjaldkeri: Iðunn Geirsdóttir, Hjallavegi 4, 730 Reyðarfirði
Meðstjórnandi: Anna Þóra Árnadóttir, Blómsturvöllum 1a, 740 Neskaupstað
Meðstjórnandi: Anna R. Gunnarsdóttir, Stekkjargrund 6, 730 Reyðarfirði
Meðstjórnandi: Guðmundur R. Gíslason, Valsmýri 6, 740 Neskaupstað
Meðstjórnandi: Unnur Björgvinsdóttir, Sæbergi 13, 760 Breiðdalsvík

Starfsemi 2013

Aðalfundur var haldinn á Kaffi Sumarlínu á Fáskrúðsfirði 23. apríl 2013. Anna Ragnheiður Hjaltadóttir frá Reyðarfirði lét af störfum sem formaður og tók Jóhann Sæberg við stöðu formanns. Starfsemi félagsins hefur verið með hefðbundnum hætti.

Samverustundir og fræðsla. Annan mánudag í hverjum mánuði höfum við verið með opið hús fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Þar komum við saman og spjöllum og berum saman bækur okkar. Í apríl stóð félagið fyrir námskeiði með Önnu Rósu grasalækni, um íslenskar lækningajurtir, og tóku 20 manns þátt. Haldinn var aðventufundur í byrjun desember þar sem boðið var upp á kakó, kruðurí og kósýheit undir fögrum jólatónum frá Kirkjukór Reyðarfjarðar.

Kastað til bata. Félagið tók þátt í að skipuleggja verkefnið í ár en sérstök áhersla var lögð á að bjóða konum frá Norður- og Austurlandi í veiði í Laxá í Laxárdal. Friður hópur brjóstakvenna fór frá Austurlandi og var starfsmaður félagsins einnig með í för til þess að aðstoða. Var verkefnið mjög vel heppnað að okkar mati. Fyrirtækin Alcoa, SÚN, Veiðiflugan, Tandraberg og Fiskimið veittu styrki til verkefnisins.

Hvíldarhelgi að Eiðum. Dagana 6.-8. september héldum við hina árlegu hvíldarhelgi að Eiðum. Sérstakur gestur helgarinnar var Sigrún Lillie Magnúsdóttir forstöðumaður Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands. Kynnti hún m.a. starfsemina í Skógarhlíðinni. Stefán Þórarinnsson læknir kom í heimsókn og sagði frá reynslu sinni af því að greinast með krabbamein og fluttur var fyrirlestur af Steinunni Sigurðardóttur um Kastað til bata 2013. Að auki var boðið upp á tónlistarflutning, jóga, gönguferðir, svæðanudd og slökun. Helgin einkenndist af því að njóta samveru og augnabliksins og lauk henni venju með messu í Eiðakirkju. Viljum við þakka öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum til þess að gera helgina sem besta.

Bleikur október. Í októbermánuði var bleik lýsing víða á Austfjörðum. Komið var upp bleikri lýsingu við Andapollinn á Reyðarfirði og vakti það mikla athygli. Haldin var samkoma í Reyðarfjarðarkirkju þar sem Steinunn Sigurðardóttir á Reyðarfirði var heiðruð með bleiku slaufunni. Austfirðir tóku þátt í Bleika kvöldinu og buðu nokkrir veitingastaðir upp á bleikan matseðil í því tilefni til styrktar félaginu. Sesam brauðhús seldi einnig brjóstabollur til styrktar félaginu og Helgubúð styrkti með sölu á bleiku skarti.

Styrkir til einstaklinga. Sem fyrr hefur félagið styrkt þá sem fá afnot af íbúðunum á Rauðarárstíg og eins hafa einstaka styrkir verið veittir til sjúklinga sem hafa átt um sárt að binda vegna veikinda sinna. Er það afar miklivægt að félagið geti staðið við bakið á þeim sem gangast undir krabbameinsmeðferð þar sem allur kostnaður hefur aukist umtalsvert við meðferðir og lyfjakaup.

Nýrnaskiljunarvél. Á tímabilinu hefur félagið unnið að því að fá nýrnaskiljunarvél að láni til Fjórðungs-sjúkrahússins á Neskaupsstað svo skjólstæðingar okkar geti þegið meðferð í heimabyggð. Þetta er mikilvægt fyrir sjúklinga sem hafa þurft að dvelja svo mánuðum og árum skiptir í borginni þar sem ekki hefur verið kostur á að sækja þessa þjónustu í fjórðungnum. Ekki náðist að ljúka þessu verkefni á árinu 2012 en vélin var tekin í notkun 2013 og markar tímamót fyrir þá sem á þjónustunni þurfa að halda.

Söfnunarátök. Tekið var þátt í hefðbundnum átökum, Mottumars og haustsölu. Einnig voru seldir Englar á ástandögum á Eskifirði.

Styrkir frá fyrirtækjum og einstaklingum. Margir lögðu félaginu lið á árinu og fundum við fyrir mikilli velvild í garð félagsins og erum við afar þakklát fyrir þann stuðning sem er ómetanlegur. Alcoa starfsmenn héldu styrktargöngu að Hengifossi í október. Að auki fengum við samfélagsstyrk frá Alcoa Fjarðaráli til uppbyggingar á starfsemi félaganna fyrir austan. Anna M. Sæmundsdóttir stóð fyrir brúðufatasýningu í Þórmörk á Neskaupsstað til styrktar félaginu í minningu dótturdóttur sinnar Önnu Rúnar sem lést 1989. Haldnir voru styrktartónleikar með Bjartmari Guðlaugssyni í Seljateig í Reyðarfirði. Þá rann til félagsins verðlaunafé sem sigurlið Fjarðabyggðar í Útsvari Ríkisútvarpsins mátti ráðstafa til góðs. Fjöldi fyrirtækja og einstaklinga styrktu félagið einnig með peningagjöfum.

Þjónustuskrifstofa. Skrifstofan okkar að Búðareyri 15 á Reyðarfirði hefur verið opin tvo daga í viku í tvo tíma í senn, en þar höfum við verið með starfsmann í 30% stöðu. Steinunn Sigurðardóttir lét af störfum á árinu og tók Tinna Hrönn Smáradóttir, iðjupjálfi, við af henni og var starfshlutfall aukið upp í 50%. Markmið er að þróa og byggja upp fasta starfsstöð á vegum félagsins þar sem boðið verður upp á ýmiss konar fræðslu, stuðning og iðju fyrir skjólstæðinga. Fyrirmyndin er sótt í Ráðgjafarþjónustuna og Ljósið. Er nú verið að leita eftir samstarfi við önnur félagasamtök sem gætu samnýtt þessa þjónustu að einhverju leyti.

Iðunn Geirsdóttir.

Krabbameinsfélag Suð austurlands

Stofnað: 21. apríl 1970 (endurvakið 1. október 2002).

Félagsmenn: 150.



Stjórn:

Formaður: Ester Þorvaldsdóttir, Hólabraut 2, 780 Höfn
Gjaldkeri: Ólöf Óladóttir, Austurbraut 19, 780 Höfn
Ritari: Eyrún Axelsdóttir, Silfurbraut 35, 780 Höfn
Meðstjórnandi: Hjálmar Jens Sigurðsson, Hrísbraut 12, 780 Höfn
Meðstjórnandi: Þórhildur G. Kristjánsdóttir, Svalbaði 5, 780 Höfn

478 2040 ester@hssa.is

Starfsemi 2013

Á aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands vorið 2013 var Krabbameinsfélagi Íslands færð 250.000 kr. peningagjöf sem nota á til kaupa á húsbúnaði í íbúðir Krabbameinsfélagsins á Rauðarárstíg

Í tilefni bleika mánaðarins var haldið fræðslu og kvennakvöld á Hótel Höfn á vegum félagsins með frábærum undirtektum. Ragnhildur Magnúsdóttir læknir hélt fyrirlestur um kvennaheilsu og Sandra Sigmundsdóttir kiropraktor kenndi teygjur og hélt fyrirlestur um slökun. Konurnar unnu að sameiginlegu listaverki, þar sem hver og ein bjó til slaufur tileinkuðum konum. Allar slaufurnar voru síðan settar saman og úr varð listverk unnið af Eyrúnu Axelsdóttur ritara félagsins og hangir listaverkið uppi í framhaldsskóla staðarins.

Áfram er samstarf á milli knattspyrnudeildar ungmennafélagsins Sindra, Krabbameinsfélags Suð austurlands og forvarnarsjóðs Landsbanka Íslands á Hornafirði. Einnig er samstarf á milli Heilbrigðisstofnunar Suð austurlands og félagsins með áherslu á forvarnir og fræðslu. Veittir hafa verið styrkir til einstaklinga. Greiðir félagið jafnframt leiguhluta einstaklinga í krabbameinsmeðferð hvort sem dvalið er í íbúðum

Krabbameinsfélagsins eða gist á Sjúkrahótelinu meðferðardagana. Félagið er með eigin minningarkort og tekur þátt í almennri vor- og haustfjáröflun á vegum Krabbameinsfélags Íslands og aðildarfélaga.

Ester Þorvaldsdóttir.

Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu

Stofnað: 6. maí 1971

(endurvakið 22. nóvember 2004 og aftur 5. maí 2009).



Stjórn kosin á aðalfundi 2. apríl 2013:

Formaður: Rannveig Bjarnadóttir, Skaftárvöllum 8, 880 Kirkjub.kl. 865 7387 reb@simnet.is
Meðstjórnandi: Sigurður Elías Guðmundsson, Sunnubraut 8, 870 Vík
Gjaldkeri: Sigríður Dórothea Árnadóttir, Sigtúni 4, 870 Vík
Ritari: Margrét Einarsdóttir, Mörk, 880 Kirkjubæjarklaustri
Meðstjórnandi: Ingvar Jóhannesson, Höfðabrekku, 871 Vík

Starfsemi 2013-2014

Félagasamtök svo og einstaklingar hafa verið einstaklega velviljaðir félaginu. Hafa því borist höfðinglegar peningaupphæðir og minningagjafir. Hver sá sem þarf á krabbameinsmeðferð að halda og sækir um til félagsins fær styrk til endurgreiðslu á húsnæði á meðan á dvöl sjúklinga og aðstandenda stendur.

Lítið hefur verið um formlega fundi en við sjáum ekki annað en það sé þörf fyrir slíkan félagsskap sem þennan og munum halda áfram að byggja upp félagið.

Rannveig Bjarnadóttir.

Krabbameinsfélag Rangárvallasýslu

Stofnað: 7. maí 1971 (endurvakið 15. apríl 1993).

Félagsmenn: Um 105.



Stjórn kosin 2012:

Formaður: Ólöf Árnadóttir, Bolöldu 2, 850 Hellu 615 4606 olof@hsu.is
Gjaldkeri: Þórdís Ingólfssdóttir, Kambi, 851 Hellu
Meðstjórnandi: Guðríður Bjarnadóttir, Þrúðvangi 27, 850 Hellu
Meðstjórnandi: Lilja Einarsdóttir, Krókatúni 5, 860 Hvolsvelli
Meðstjórnandi: Sóley Ástvaldsdóttir, Stóragerði 9, 860 Hvolsvelli

Starfsemi 2013-2014

Starfsemin var að mestu leyti hefðbundin. Sala minningarkorta og önnur sala gekk vel. Formaður hefur heimsótt fólk sem greinst hefur með krabbamein og félagið hefur greitt fyrir dvöl í íbúðunum í Reykjavík.

Ólöf Árnadóttir.

Krabbameinsfélag Árnessýslu



Stofnað: 29. maí 1971. Félagsmenn: Um 315.

Þjónustuskrifstofa: Skólavöllum 1, 800 Selfossi, opin á þriðjudögum kl. 16-18.

Sími 696 1752. Netfang: hofgerdi@ipostur.is Starfsmaður: Rannveig Árnadóttir.

Stuðningshópur: Bandið.

Stjórn kosin á aðalfundi 7. apríl 2014:

Formaður: Ingunn Stefánsdóttir, Fossi 1v, 800 Selfossi

862 3411 ingunn@hnlfi.is

Varaformaður: Eygló Aðalsteinsdóttir

Ritari: Rannveig Ingvadóttir, Hveraferði

Gjaldkeri: Ingibjörg Jóhannesdóttir

Meðstjórnandi: Sigríður Guðnadóttir

Meðstjórnandi: Sigrún Ásgeirsdóttir

Meðstjórnandi: Sigurbjörg Jónsdóttir

Starfsemi 2013

Þjónustuskrifstofan á Selfossi var opin tvisvar í viku. Formaður og starfsmaður unnu við að safna meðlimum og sendu bréf á öll kvenfélög í sýslunni og fylgdu því svo eftir með heimsóknnum.

Í mars var boðið upp á slökunarhelgi í Þykkvabæ fyrir hjón og heppnaðist hún mjög vel. Þar var boðið upp á ýmsar óhefðbundna meðferð og slökun.

Félagið tók þátt í Mottumars með sölu á varningi sem gekk ágætlega. Í mars var opinn fundur um karlmenn og krabbamein sem um 140 manns sóttu. Penna- og töskusalan í september gekk mjög vel.

Selfoskirkja, Gaulverjabæjarkirkja, Villingarholtskirkja, Skálholtskirkja og hús Landsbankans á Selfossi voru lýst upp bleik í október.

Stuðningshópurinn Bandið hittist einu sinni í mánuði yfir veturinn. Ýmislegt hefur verið á dagskrá svo sem heimsókn sálfræðings, íþróttakennara og handverkskvenna og fræðsla um jóga og mataræði.

Rannveig Árnadóttir.

Krabbavörn Vestmannaeyjum



Stofnað: 25. apríl 1949 (endurvakið 3. maí 1990). Félagsmenn: 250.

Stuðningshópur: Eyjarós. Skrifstofa félagsins er opin á þriðjudögum kl. 13-15.

Starfsmaður er Guðbjörg Erla Ragnarsdóttir.

Stjórn:

Formaður: Ester Ólafsdóttir, Áshamri 12, 900 Vestmannaeyjum

867 2218 baddie@simnet.is

Varaformaður: Guðbjörg Erla Ragnarsdóttir

Ritari: Dóra Björk Gústafsdóttir

Gjaldkeri: Margrét Grímlaug Kristjánsdóttir

Meðstjórnandi: Guðný Bjarnadóttir

Meðstjórnandi: Karólína Jósefsdóttir

Meðstjórnandi: Petra Ólafsdóttir

Meðstjórnandi: Sigríður Ágústa Þórarinsdóttir

Starfsemin 2013-2014

Skrifstofa Krabbavarnar var opnuð 16. október 2012. Starfsemin hefur gengið mjög vel. Fyrsta fimmtudag í mánuði höldum við fundi sem eru vel sóttir og gæðum okkur á góðu meðlæti sem kætir alla.

Styrkir hafa komið víða að og má nefna ÍBV-handboltastelpur, Kvenfélagið Heimaey í Reykjavík, hóp ungra manna sem nefna sig Ufsaskalla, dekkjaverkstæði, BK-gler, Sigurlaugu Alfreðsdóttur sem þrónar bómullartuskur og selur og gefur okkur ágóðann og bæjarlistamanninn okkar Bjarteyju Gylfadóttur. Síðan seldum við töskur með bleikum slaufum, svuntur og boli, límmiða í bíla frá Berglindi Kristjánsdóttur (BK-gler) og einnig voru hinar árlegu Jónsmessu- og áramótagöngur og rennur ágóðinn af þeim beint til okkar.

Bærinn okkar var vel upplýstur í október. Bleiki fáninn blakti allan októbermánuð á Herjólfu og skeggfáninn í mars sem og á fleiri stöðum í bænum.

Félagið hefur í fjórða sinn gefið 500.000 kr. í íbúðirnar.

Ester Ólafsdóttir og Margrét Grímlaug Kristjánsdóttir.

Krabbameinsfélag Suðurnesja



Stofnað: 15. nóvember 1953. Félagsmenn: Um 700.

Stuðningshópur: Sunnan 5.

Skrifstofan að Smiðjuvöllum 8 er opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 12-16.

Stjórn kosin á aðalfundi 3. apríl 2014:

Formaður: Guðmundur Björnsson, Óðinsvöllum 14, 230 Reykjanesbæ 662 6989 guðmbj@internet.is

Ritari: Friðfinnur Skaftason, Suðurvöllum 8, 230 Reykjanesbæ

Gjaldkeri: Grétar Grétarsson, Heiðarbóli 39, 230 Reykjanesbæ

Meðstjórnandi: Ása V. Einarsdóttir, Baugholti 8, Reykjanesbæ

Meðstjórnandi: Jón Axelsson, Nónvörðu 11, 230 Reykjanesbæ

Meðstjórnandi: Ómar Steindórsson, Baugholti 9, 230 Reykjanesbæ

Meðstjórnandi: Þórunn Benediktsdóttir, Freyjuvöllum 6, 230 Reykjanesbæ

Starfsemi 2013-2014

Í byrjun árs 2013 ákvað stjórn Krabbameinsfélags Suðurnesja að þörf væri á breyttu verklagi varðandi starfsemi og að nauðsynlegt væri að taka upp nýja starfshætti sem tækju mið af framtíðarsýn um rekstur á slíkrri þjónustu. Hinn 1. september var Sigrún Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur ráðin til félagsins til að sinna þessu starfi. Stefnt er að því að efla starfsemi félagsins og nýjar áherslur hafa verið teknar upp varðandi samskipti og samvinnu við Krabbameinsfélag Íslands. Stofnuð var Facebooksíða félagsins sem er að virka mjög vel.

Við tókum þátt í Bleika mánuðinum með ýmsu móti. Við fengum birta grein í Víkurfréttum þar sem m.a. var fjallað um fyrir hvað bleiki mánuðurinn stendur og til að vekja athygli almennings á átakainu. Fyrstu bleiku slaufuna hér á Suðurnesjum fékk Erna Björnsdóttir hjúkrunarfræðingur sem viðurkenningu fyrir frumkvöðlastarf hjá félaginu. Ýmsar byggingar voru lýstar bleikar og aldrei fyrr hefur þátttakan verið eins mikil og nú. Allar kirkjurnar á Suðurnesjum voru lýstar upp og nutu sín ákaflega vel. Við buðum veitingastöðum að taka þátt í bleiku kvöldi 17. október og fengum góðar undirtektir frá nokkrum. Það kom þó í ljós að fimmtudagur hentaði ekki vel. Nær hefði verið að hafa föstudags- eða laugardagskvöld. Á fundi hjá Rótarýklúbbi Keflavíkur 24. október flutti Lára Sigurðardóttir lækni fyrirlestur um krabbamein og lífsstíl.

Hinn 15. nóvember fagnaði félagið 60 ára afmæli og var þá blásið til veislu. Félaginu bærust góðar gjafir að því tilefni, m.a. tölvubúnaður frá Rótarýklúbbi Keflavíkur.

Frá áramótum hefur verið föst dagskrá sem hefur tekið breytingum eftir því sem starfsemin þróast. Fyrsta þriðjudag í mánuði er opið hús þar sem við höfum fengið áhugaverða fyrirlesara til liðs við okkur. Gönguhópur hefur verið stofnaður og er gengið tvisvar í viku á íþróttavellinum við Sunnubraut. Fyrsta mánudag hvers mánaðar er farið á kaffihús í lok göngu þar sem þeir sem ekki treysta sér í gönguna geta hitt hópinn. Það nýjasta er að Om-setrið býður krabbameinsgreindum í fría jóгатíma.

Nýliðinn Mottumars var afar erilsamur. Við nýttum árlegt átaksverkefni til þess að kynna félagið okkar og afla félaginu tekna. Tvo fimmtudaga vorum við með sölu í verslunarmiðstöðinni í Krossmóa. Fyrri fimmtudaginn komu tveir ungir tónlistarmenn og fluttu fyrir okkur léttu tónlist og þann seinni kom Karlakór Keflavíkur og söng nokkur lög. Kivanisklúbbur Keflavíkur kom á staðinn og afhenti félaginu veglega gjöf, styrk upp á 150.000 kr. Laufey Tryggvadóttir framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár Krabbameinsfélagsins kom á Rótarýfund 6. mars og flutti erindi sem hún nefndi „Getum við komið í veg fyrir krabbamein?“ Hinn 23. mars var haldin svokölluð mottumessa í Keflavíkurkirkju. Sóknarpresturinn, sr. Skúli Ólafsson, vildi tileinka þessa messu Krabbameinsfélagi Suðurnesja og áttakinu karlar og krabbamein. Allan marsmánuð var kirkjan lýst blá af þessu tilefni.

Sigrún Ólafsdóttir.

Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar



Stofnað: 10. apríl 1949.

Félagsmenn: Um 480.

Netfang: krabb@isl.is

Vefsíða: www.krabb.is/hafnarfjordur

Stjórn kosin á aðalfundi 28. apríl 2014:

Formaður: Anna Borg Harðardóttir, Skipalóni 18, 220 Hafnarfirði 664 5851 annaborg@hafnarfjordur.is

Varaformaður: Hafrún Dóra Júlíusdóttir

Gjaldkeri: Jón Auðunn Jónsson, Klausturhvammi 9, 220 Hafnarfirði

Meðstjórnandi: Una Björk Harðardóttir, Lækjargötu 30, 220 Hafnarfirði

Meðstjórnandi: Gunnar Þór Jónsson

Meðstjórnandi: Magnús Gunnarssons

Meðstjórnandi: Ása Karin Hólm

Starfsemi 2013-2014

Á síðasta starfsári voru haldnir sex stjórnarfundir á milli aðalfunda og sóttu varamenn þá til jafns við aðalmenn. Fundirnir voru haldnir í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu og á Skipalóni 18. Aðalfundur félagsins var haldinn í sal á vegum Hafnarfjarðarkirkju í apríl 2013. Dagskrá var hefðbundin þ.e. venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál. Fundinn sátu flestir stjórnarmenn og nokkrir félagsmenn mættu og einn skræði sig í félagið. Helstu verkefni á liðnu starfsári voru: Þátttaka í Reykjarvíkurmaraboni, vinna við forvarnarverkefni gegn munntóbaki, fjárhagsstuðningur við ákveðin verkefni, bleiki mánuðurinn, skógarganga, fræðslukvöld í samstarfi við Hafnarfjarðarkirkju og Mottumars.

Anna Borg og Hafrún Dóra sátu aðalfund Krabbameinsfélags Íslands sem að þessu sinni var haldinn laugardaginn 4. maí 2013 í Skógarhlíðinni í Reykjavík. Undir önnur mál sögðu Anna Borg og Hafrún Dóra frá munntóbaksátakinu í grunnskólum Hafnarfjarðar. Að auki tilkynnti formaður fundarmönnum að næsti formannafundur Krabbameinsfélags Íslands yrði haldinn 14. september í Hafnarfirði.

Anna Borg og Hafrún Dóra hittu Geir Bjarnason, æskulýðs- og forvarnarfulltrúa Hafnarfjarðar, haustið 2013 til að fara yfir átakið gegn munntóbaki á vetri komanda í grunnskólunum og hjá íþróttafélögum. Verkefnið gekk mjög vel veturinn 2012-2013 að mati fundarmanna og var ákveðið að halda áfram og að Geir myndi halda utan um forvarnarverkefnið í grunnskólum Hafnarfjarðar með stuðningi frá félaginu. Gengið var aftur til samstarfs við Jón Ragnar Jónsson, íþróttamann og tónlistarmann, um að fara inn í alla 8. bekkina fyrir áramótin. Í stuttu máli fór Jón í alla sjö skólana þar sem hann eyddi einni kennslustund í hverjum bekk. Hann spjallaði við krakkana, sagði frá sínu lífi, ræddi heilbrigðan lífsstíl, talaði gegn munntóbaksnotkun og sagði frá tónlistarferlinum sínum og var með gítarinn í hönd og spilaði og söng. Jón Ragnar kláraði heimsóknir sínar í nóvember. Félagið sótti um styrk, 455 þúsund kr., fyrir verkefninu í velunnarasjóð Krabbameinsfélags Íslands og fékk úthlutað 300 þúsund kr. úr sjóðnum.

Árangurinn í íþróttafélögunum var vel sýnilegur 2012-2013. Þetta kom fram á fundi með fulltrúum FH og Hauka sem Geir Bjarnason, forvarnarfulltrúi, hafði boðað til um miðjan mars. Fundarmenn voru sammála að eitthvað nýtt þyrfti að koma til til að bæta stöðuna hjá íþróttafélögunum enn betur. Það var samþykkt að búa til veggspjöld þar sem fulltrúar, jákvæðar fyrirmyndir í íþróttabúningum félaganna, væru á ásamt skýrum skilaboðum um að íþróttir og munntóbak eiga ekki saman. Þetta verkefni er enn í vinnslu en það er áætlað að spjöldin verði tilbúin fyrir lok maí 2014.

Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar var skráð hjá Reykjavíkumaraþoni og gátu hlauparar heitið á félagið, þ.e. hver km gaf ákveðna krónutölu. Félagið fékk 15.000 kr. í áheit og stefnt er að því að fá inn meira á næsta ári með því að auka sýnileika félagsins fyrir almenningi og nýta betur samfélagsmiðla eins og Facebook.

Formannafundur aðildarfélaga Krabbameinsfélags Íslands var haldinn í boði Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar 14. september 2013, í Hásölum. Hann sóttu um 40 félagar víðs vegar af landinu. Krabbameinsfélagið vill þakka Skógræktarfélaginu Þöll og Blómabúðinni Burkna fyrir blóm og plöntur sem fengin voru að láni til að skreyta fyrir utan fundarsalinn og fundarsalinn sjálfan.

Í bleika mánuðinum stóðu að venju Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar, Krabbameinsfélag Reykjavíkur, Samhjálp kvenna og í fyrsta sinn Ráðgjafarþjónustan fyrir sameiginlegu málþingi um konur og krabbamein í Skógarhlíðinni, undir yfirskriftinni: „Lífið heldur áfram“. Þingið var haldið 8. október 2013 og stóð frá 16:30-18:00. Það voru nokkur stutt og áhugaverð erindi flutt á þinginu. Kristján Oddsson yfirlæknir, leitarstöðvarinnar, velti upp þeirri spurningu hvers vegna mæta konur ekki betur í leit? Ásthildur E. Bernharðsdóttir sérfræðingur í áfallastjórnun, ræddi um glímuna við krabbamein. Eiríkur Jónsson yfirlæknir á Landspítalanum, var með erindi sem hann nefndi „Sjáið manninn“ og að lokum sagði Brynja Björk Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur frá eigin reynslu við greiningu á krabbameini og eftirmeðferð.

Í tilefni bleika mánaðarins, fór Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar í samstarf við bæjarstjóra og sóknarprest Hafnarfjarðarkirkju til að minna bæjarbúa á mikilvægi bleika mánaðarins. Fáni með bleiku slaufunni blakti út mánuðinn á fánastöng Ráðhússins og Hafnarfjarðarkirkjan var uppljómuð með bleiku ljósi. Á þessu ári var farið að auki í samstarf við Tilveruna og Gamla Vínhúsið um að hluti af sölu á veitingum á einu kvöldi rynni til félagsins. Þetta var frábært framtak hjá viðkomandi veitingastöðum og er vilji fyrir því af þeirra hálfu að endurtaka leikinn á næsta ári.

Kvöldganga í Höfðaskógi við Hvaleyrarvatn var farin þriðjudaginn 8. október á vegum Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar og Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Félagar úr Krabbameinsfélaginu og aðrir áhugasamir, fjölmenntu (rúmlega 50), við Gróðrastöðina Þöll til að njóta skógarins í skjóli myrkurs og ganga saman í ævintýraljóma lukta. Gengið var um skóginn í leiðsögn Steinars Björgvinssonar skógræðings, sem sagði skemmtilega frá lífríki skógarins, náttstað fuglanna og margt fleira. Eftir gönguna var boðið upp á heitt súkkulaði og meðlæti í húsakynnum Þallar. Gangan tókst einstaklega vel og þátttakendur fóru sáttir og sælir heim eftir ævintýrlega upplifun um dimma skógarstíga.

Í tilefni af 100 ára afmæli Hafnarfjarðarkirkju stóð kirkjan og Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar fyrir fræðslu- og skemmtikvöldi í kirkjunni 11. mars 2014. Erna Magnúsdóttir, forstöðumaður Ljóssins, sagði frá starfsemi Ljóssins, hvernig hún hefur breyst og þróast í gengum árin, úr því að vera lítil eining yfir í að taka á móti um fimm hundruð Ljósberum á ári og eiga núna í dag gott og stórt húsnaði með öflugu innra starfi. Ljósberar, skjólstaðingar Ljóssins, sögðu sína sögu og hvernig vera þeirra í Ljósinu hafði hjálpað þeim og fjölskyldum þeirra í gegnum bataferlið. Unglingakór Hafnarfjarðarkirkju og Drengjakór íslenska lýðveldisins fluttu nokkur hressileg kórlög við góðar undirtektir gesta. Sr. Jón Helgi Þórarinsson hélt utan um fundinn og sr. Þórhildur Ólafs flutti blessunarorð í lok dagskrár áður en gengið var til veitinga þar sem gestir gátu notið samveru og spjallað saman.

Í mars hófst að venju fjáröflunarátakið Mottumars – karlar og krabbamein á vegum Krabbameinsfélags Íslands. Hafnarfjarðarfélagið gerði sig áberandi með því að selja bæjarbúum barmnælu sem voru hönnuð sérstaklega í tilefni átaksins. Nokkrir stjórnarmenn stóðu í anddyri Fjarðarþaups föstudaginn 14. mars og laugardaginn 15. mars og seldu vel eða um 400 stykki. Til að minna á söluna í fjölmiðlum, fór Anna Borg formaður, á fund Guðrúnar Ágústu Guðmundsdóttur bæjarstjóra, og seldi henni fyrstu næluna.

Á árinu styrkti Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar starfsemi Ljóssins um 500.000 kr. og tók Erna Magnúsdóttir, forstöðumaður, við gjafabréfi í húsakynnum Ljóssins. Anna Borg og Hafrún Dóra afhentu styrkinn fyrir hönd félagsins.

Minningarkort félagsins eru seld á nokkrum stöðum hér í bænum og gefur það félaginu nokkrar tekjur á ársgrunni. Þau er einnig hægt að fá á netinu hjá Krabbameinsfélagi Íslands.

Samþykkt var á aðalfundi 2013 að félagsgjöld yrðu áfram 1.000 kr. fyrir almenna félagsmenn og 10.000 kr. fyrir styrktarféлага og fyrirtæki. Stjórnin sá ekki ástæðu til hækkunar félagsgjalda.

Félagið kynnti starfsemi sína í nóvember 2013 á kvöldfundi hjá Kvenfélagi Fríkirkjunnar í Hafnarfirði. Anna Borg, formaður sagði frá sögu þess og starfsemi. Í kjölfarið af kynningunni skráðu níu konur sig sem félagar.

Stjórn félagsins hittist á sérstökum stefnumótunarfundi þann 22. mars 2014. Tilgangurinn var að fara yfir tilgang og hlutverk félagsins og þau föstu verkefni sem hafa verið í gangi undanfarin ár. Stjórnin ræddi um hvaða verkefni ættu að vera áfram í gangi næstu tvö árin, hver bæri ábyrgð á þeim og hvað væri hægt að gera meira í kringum þessi verkefni. Samantekt úr þessari vinnu er ekki lokið enn en hún verður klár fyrir lok maí fyrir síðasta fund stjórnar á þessu starfsári. Einnig fóru fundarmenn markvisst í gegnum lög félagsins og voru bornar fram breytingartillögur á aðalfundi félagsins í apríl 2014.

Þennan sama dag og stefnumótunarfundurinn var, 22. mars, þá stóð skokkhópur Hauka fyrir skemmtiskokki í Hafnarfirði í tilefni af Mottumars og rann allur ágóði úr hlaupinu, rúmlega 90.000 kr. til Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar. Þetta var ótrúlega flott og skemmtilegt framtak hjá skokkhópnum og er vilji fyrir því að standa árlega fyrir svona hlaupi í Mottumars. Félagið þakkar þennan góða stuðning við starfsemi sína.

Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar vill leggja sitt af mörkum til að hvetja fólk til að ástunda heilbrigða lífshætti og gerir það með því að vera sýnilegt í bæjarfélaginu og minna á þau verkefni sem eru í gangi hverju sinni í þágu samfélagsins.

Anna Borg Harðardóttir.

Framför

Stofndagur: 12. febrúar 2007. Félagsmenn: 25.
Vefsíða framfor.is



Stjórn:

Formaður: Guðmundur Örn Jóhannsson

Gjaldkeri: Hinrik Greipsson

Meðstjórnandi: Einar Benediktsson

Meðstjórnandi: Hrafn Pálsson

Meðstjórnandi: Jón G. Ingvason


862 0537 framfor@framfor.is

892 3355 hinrik.greipsson@slr.stjr.is

Starfsemi 2013-2014

Helstu verkefni: Safnað fyrir nýjum línuhraðli, styrkir sóttir til fyrirtækja og páskaegg seld til fyrirtækja.

Guðmundur Örn Jóhannsson.



Fullt nafn: Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.

Stofndagur: 1. október 1999. Félagsmenn: Um 510.

Netfang kraftur@kraftur.org, vefsíða www.kraftur.org

Stjórn kosin á aðalfundi 30. apríl 2014:

Formaður: Halldóra Víðisdóttir

Meðstjórnandi: Hulda Hjálmarsdóttir

Meðstjórnandi: Svanhildur Ásta Haig

Meðstjórnandi: Salvör Sæmundsdóttir

Meðstjórnandi: Julie Coadou

Meðstjórnandi: Sigríður Margrét Einarsdóttir

Starfsemi 2013-2014

Stjórn o.fl. Miklar breytingar áttu sér stað á stjórn Krafts á starfsárinu. Svanhildur Anna Magnúsdóttir lét af formennsku á síðasta ári og við tók Hulda Hjálmarsdóttir, varaformaður. Þann 11. september var kosinn nýr formaður; Halldóra Víðisdóttir. Kári Örn Hinriksson og Guðný Ósk Þórsdóttir báðust undan stjórnarsetu á starfsárinu. Á aðalfundi þann 30. apríl voru Julie Coadou og Sigríður Margrét Einarsdóttir endurkjörnar í stjórn og Svanhildur Ásta Haig gaf kost á sér í aðalstjórn og voru þær allar einróma kosnar.

Starfsmenn. Þorvaldur Danielsson, framkvæmdastjóri, lét af störfum þann 1. september sl. Á sama tíma tók Ragnheiður Davíðsdóttir við stöðu framkvæmdastjóra Krafts og er hún í 80% stöðugildi. Anna Sigríður Jökulsdóttir er með 30% stöðugildi sálfræðings hjá Krafti. Starfsmaður Ungliðahóps Krafts, Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna (SKB) og Ljóssins er Kristján Friðriksson.

Stuðningsnetið. Á árinu 2013 fóru 22 stuðningsbeiðnir í gegn um netið. Það sem af er þessu ári hafa borist 12 beiðnir. Anna Sigríður heldur námskeið fyrir nýja stuðningsfulltrúa tvisvar á ári, að vori og hausti, veitir þeim handleiðslu og heldur endurmenntunarfundi tvisvar á ári. Virkir stuðningsfulltrúar í netinu eru nú 60. Einnig heldur Anna Sigríður utan um rannsókn á stuðningsnetinu sem Hulda Hjálmarsdóttir er að vinna sem BS-verkefni í sálfræði. Leiðbeinandi er Ingunn Hansdóttir lektor við sálfræðideild Háskóla Íslands. Áætlað er að rannsókninni ljúki í nóvember næstkomandi.

Heimasíða og samfélagsmiðlar. Reglulega er settar fréttir, myndir og fróðleikur inn á kraftur.org. Ný heimasíða var tekin í notkun í mars sl. Facebook-síða Krafts er talsvert mikið notuð og skrá félagsmenn sig gjarnan á viðburði félagsins á síðunni. Einstaklingar sem tengdir eru við síðuna eru nú 958 að tölu.

Útgáfumál. Bókin Lífs-Kraftur: Hagnýtar upplýsingar fyrir þá sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur var gefin út í fjórða sinn í byrjun þessa árs. Kraft-blaðið kom út í nóvember á síðasta ári undir ritstjórn Ragnheiðar Davíðsdóttur. Bókin „Þegar foreldri greinist með krabbamein“ er að koma út núna í maí á vegum Krafts en bókin fjallar um það hvernig taka skal á málum gagnvart börnum þegar foreldrar greinast með krabbamein. Í ár verður Kraftur 15 ára og því var ákveðið að gefa út veglegt afmælisblað í haust í kringum afmælið en sleppa vorblaðinu.

Fjármál og styrkir. Efnahagur Krafts er traustur. Umfangsmesta verkefnið sem Kraftur stóð fyrir á síðasta ári var Stuðningsnetið og utanumhald þess. Lögð var mikil vinna í markaðsstarf, bæði í fjölmiðlum og eins á netinu. Reykjavíkumaraþon var haldið í ágúst. Heildarafrakstur af áheimum einstaklinga færðu félaginu tæplega tvær milljónir króna. Kraftur seldi sérmerkt konfekt fyrir jólin og gaf það af sér góðan hagnað. Félagsmálaráðuneytið styrkti félagið um eina milljón og eru þeir fjármunir eyrnamerkir útbreiðslu Stuðningsnetsins á landsbyggðinni.

Viðburðir. Sumargrill Krafts var haldið í Hellisgerði í júní og Reykjavíkurmaraþon fór fram í ágúst. Vísindaferðir Krafts eru vinsælar meðal háskólanema en í þeim er starfsemi Krafts kynnt, sérstaklega fjallað um stuðningsnetið auk þess sem fenginn er fagmaður úr viðkomandi grein til að miðla af reynslu sinni. Á starfsárinu komu sjúkraþálfaranemar og hjúkrunarfræðinemar í heimsókn til félagsins. Í byrjun desember var haldin aðventustund félagsins og var hún vel sótt. Á vordögum var boðið uppá opið hús og var það einnig ágætlega sótt.

Samstarf Alivia foundation og Krafts Á haustdögum hafði Alivia, krabbameinsfélag ungs fólks í Póllandi, samband við Kraft og óskaði eftir því að Kraftur yrði meðumsóknaraðili að stórum styrk sem félagið var að sækja um stóran styrk til EFTA. Alivia var stofnað árið 2010 og eru þrír fastir starfsmenn í vinnu hjá félaginu. Um er að ræða grasrótarsamtök sem berjast fyrir því að krabbameinsveikt fólk fái nauðsynlega þjónustu varðandi krabbameinsmeðferðir í Póllandi. Styrkurinn mun fara í að vinna gagnvirka heimasíðu til þess að veita stjórnvöldum aðhald. Alivia fékk 81.000 evru styrk og aukastyrk í fundar- og ferðakostnað til þess að funda með Krafti um verkefnið. Salvör Sæmundsdóttir og Hlín Rafnsdóttir sóttu fund í Póllandi í desember á síðasta ári þar sem verkefnið var rækilega kynnt. Í lok júní koma fulltrúar Alivia til Íslands og funda um áframhaldið. Fulltrúar frá Krafti munu síðan sækja fund í Póllandi í janúar á næsta ári. Þess skal getið að þetta samstarf er Krafti alfarið að kostnaðarlausu. Stjórn Krafts er stolt af því að hafa stutt brautryðjendastarf Alivia í Póllandi og mun án efa njóta góðs af samstarfinu.

Markmið Við í stjórn Krafts höfum eftir fremsta megni reynt að gera félagið meira áberandi úti í samfélaginu en verið hefur, m.a. með greinaskrifum í blöðin og höfum við oftast en ekki látið fjárhag ungs fólks með krabbamein okkur varða og fengið töluverða umfjöllun frá fjölmiðlum í kjölfarið. Við viljum standa undir nafni en eitt af því sem Kraftur beitir sér fyrir eru hagsmuna- og réttindamál félagsmanna. Kraftur vill verða öflugra í því að geta stutt fjárhagslega við sína félagsmenn og þess vegna er á döfinni að stofna neyðarsjóð sem félagsmenn Krafts geta leitað til. Við höfum séð það að neyðin er oft og tíðum mikil og viljum við eftir fremsta megni koma til móts við okkar félagsmenn. Það er von okkar og trú að Kraftur muni halda áfram að vaxa og dafna á komandi ári og verða enn áberandi og þekktara meðal landsmanna og enn öflugra í að sinna og koma hagsmunamálum okkar félagsmanna á framfæri.

Ragnheiður Davíðsdóttir.

Ný rödd

Fullt nafn: Ný rödd, samtök fólks sem hefur misst raddbönd vegna krabbameins.

Stofndagur: 20. desember 1980. Félagsmenn: Um 25.

Netfang: nyrodd@krabb.is Vefsíða: www.krabb.is/nyrodd



Stjórn:

Formaður: Ragnar Davíðsson, Gnoðavogi 74, 104 Reykjavík

693 1426 ragnar@rikis kaup.is

Starfsemi 2013-2014

Ný rödd er stuðningsfélag þeirra sem misst hafa raddbönd og barkakýli vegna krabbameins. Heimsóknir til sjúklinga fyrir og eftir aðgerðir og jafningjafræðsla eru fastir liðir í starfsemi, en gott samstarf hefur tekist á milli félagsins og háls-, nef- og eyrnadeildar Landspítalans, sem og talmeinafræðinga. Félagsfundir eru haldnir með líku sniði og fyrri ár og fundað að jafnaði á tveggja mánaða fresti. Ný rödd hefur notið velvildar krabbameinsfélaganna og tekið þátt í formannafundi og aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands.

Fulltrúar frá Nýrri rödd hafa í gegnum tíðina sótt norrænnar ráðstefnur systurfélaga sinna á Norðurlöndum þar sem kynntar eru helstu nýjungar í hjálpartækjum barkakýlislausra auk þess sem rætt er um framfarir í lækningum og aðgerðum sem vænta má á næstu árum.

Ragnar Davíðsson.

Ristilfélagið

Stofndagur: 30. júní 2009.

Félagsmenn: Um 65.

Vefsíða: krabb.is/ristilfelagid



Stjórn kosin á aðalfundi 29. september 2010:

Formaður: Magnea Guðmundsdóttir, Rekagrandi 4, 107 Reykjavík 849 2824 magneagu@hi.is

Ritari: Guðrún Edda Bentsdóttir, Miðleiti 4, 103 Reykjavík

Gjaldkeri: Guðmundur Bjarnason, Þiljuvöllum 38, 740 Neskaupstað

Meðstjórnandi: Svanur Kristjánsson

Starfsemi 2013-2014

Tilgangur félagsins er að vinna að hagsmunum þeirra sem greinst hafa með sjúkdóminn og kynningu á málefnum þeirra svo og að beita sér fyrir því að hafin verði leit að ristil- og endaparmskrabbameini á byrjunarstigi. Stjórn félagsins hefur haldið nokkra fundi og tekið þátt í samstarfshópi um fræðslumál o.fl.

Magnea Guðmundsdóttir.

Samhjálp kvenna



Fullt nafn: Samhjálp kvenna, til stuðnings konum sem greinast með brjóstakrabbamein. Stofnár: 1979 (sem formlegt félag sjálfboðaliða 2001).

Formlegir félagsmenn eru um 50, þar af 40 sjálfboðaliðar í heimsóknþjónustu, en um 350 fá fundarboð.

Netfang samhjalp@krabb.is, vefsíða krabb.is/samhjalp, stuðningssími 898 1712.

Stjórn kosin á aðalfundi 23. apríl 2013:

Formaður: Dóra Júlíussen, Kirkjuteigi 31, 105 Reykjavík

553 9814 dora.juliusen@gmail.com

Varaformaður: Brynja Björk Gunnarsdóttir

Gjaldkeri: Ragnheiður Guðmundsdóttir

Ritari: Karen Tómasdóttir

Meðstjórnandi: Guðrún Sigurjónsdóttir, Grófarsmára 35, 201 Kópavogi

Meðstjórnandi: Hrefna Ingólfssdóttir

Meðstjórnandi: Jónína Jónsdóttir

Starfsemi 2013-2014

Alþjóðabrjóstaheilsudagurinn. Ár hvert er 15. október helgaður er baráttunni gegn brjóstakrabbameini. Dagurinn er haldinn í 46 löndum Evrópu, undir merkjum Europa Donna. Í tilefni dagsins var gengið kringum Tjörnina undir merkjum Samhjálp kvenna, Göngum saman, Krabbameinsfélags Íslands og Krabbameinsfélags Reykjavíkur.

Fræðslufundur/opið hús. Jólafundur var haldinn í nóvember. Guðbjartur Hákonarson fiðluleikari lék verk eftir Bach. Solveig Theodórsdóttir, formaður Heimilisiðnaðarfélags Íslands kynnti starfsemi félagsins og Heimilisiðnaðarskólans. Elín Richards las kvæðið Jólakvöld eftir Davíð Stefánsson. Fræðslufundur var haldinn í mars í samvinnu við Ráðgjafarþjónustuna. Vigdís Stefánsdóttir erfðaráðgjafi á Landspítalanum flutti fyrirlestur um erfðaráðgjöf vegna krabbameina.

Málþing um konur og krabbamein var haldið þriðjudaginn 8. október á vegum Samhjálp kvenna, Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar, Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Þema málþingsins var: Lífið heldur áfram. Fundarstjóri var Birna Einarsdóttir, bankastjóri. Kristján Oddsson yfirlæknir Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins fjallaði um það hvers vegna konur mæta ekki betur í leit.

Ásthildur Eva Bernharðsdóttir sérfræðingur í áfallastjórnnum ræddi um glímuna við krabbamein. Eiríkur Jónsson, yfirlæknir á Landspítala flutti erindi sem nefndist Sjáið manninn. Brynja Björk Gunnarsdóttir hjúkrunarfræðingur fjallaði um reynslu sína af því að greinast með krabbamein. Í lokin flutti Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson rithöfundur og tónlistarmaður nokkur lög.

Kastað til bata. Samhjálp kvenna og Krabbameinsfélagið hafa unnið sameiginlega að verkefninu „Kastað til bata“ og nú er verið að undirbúa það í fimmta sinn. Dagana 14.-16. júní býðst 12 konum sem greinst hafa með brjóstakrabbamein að fara í silungsveiði í Reykjadalssá undir stjórn reyndra veiðimanna sem leiðbeina konunum við veiðina. Einnig eru með í för konur frá Samhjálp kvenna konunum til stuðnings. Þessar ferðir hafa tekist með eindæmum vel og hafa konurnar sem farið hafa haldið hópinn og stutt hver aðra áfram.

Ráðstefnur. Dagana 18.-20. október sóttu tvær konur frá Samhjálp kvenna ráðstefnu Europa Donna í Prag. Á ráðstefnunni var fjallað um gæði í þjónustu fyrir alla brjóstakrabbameinssjúklinga í Evrópu og lögð áhersla á að jafn aðgangur væri í boði fyrir alla og hvernig hægt væri að tryggja sem besta þjónustu. Einnig var fjallað um framfarir í meðferð og árangur af forvörnum.

Europa Donna. Tveir fulltrúar Samhjálp kvenna, Gunnhildur Óskarsdóttir, formaður Göngum saman hópans og Ásdís Káradóttir hjúkrunarfræðingur í Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, sóttu sjálfboda-liðanámsskeið Europa Donna í Milanó í nóvember 2013.

Rabbfundir. Samhjálp kvenna býður konum sem nýlega hafa greinst með brjóstakrabbamein til rabbfunda fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði kl. 16:30-17:30. Formaður sinnir beiðnum um stuðning og ráðgjöf og svarar fyrirspurnum.

Erlent samstarf. Samhjálp kvenna er í samtökunum Europa Donna. Þau leggja áherslu á að standa vörð um þjónustu og stuðning við konur sem greinst hafa með brjóstakrabbamein og gæta hagsmuna þeirra.

Dóra Júlíussen.

Stómasamtök Íslands

Stofndagur: 16. október 1980. Félagsmenn: 300.

Netfang: stoma@stoma.is

Vefsíða: www.stoma.is



Stjórn kosin á aðalfundi 2. maí 2013:

Formaður: Jón Þorkelsson, Miðvangi 121, 220 Hafnarfirði

696 4395 jon@hyggir.is

Meðstjórnandi: Eva Bergmann

Meðstjórnandi: Inger Rós Jónsdóttir

Meðstjórnandi: Kristján Freyr Helgason

Meðstjórnandi: Sigurður Jón Ólafsson

Starfsemi 2013-2014

Starfsemin 2013-2014 var með nokkuð hefðbundnu sniði hjá félaginu. Haldnir voru sex almennir félagsfundir á starfsárinu og voru þeir sem hér segir: Almennir félagsfundir voru haldnir fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði frá október til apríl, að janúar mánuði undanskildum. Almennur fundur var haldinn á Akureyri í maí. Aðalfundur félagsins var síðan haldinn í maí, eins og lög félagsins segja til um. Að auki hittust ungir stómaþegar nokkrum sinnum óformlega yfir árið.

Innlent samstarf. Stjórnarmenn sóttu fundi í nefndum og ráðum innan Krabbameinsfélags Íslands eftir því sem efni og ástæður gáfu tilefni til. Einnig á formaður sæti í stjórn Krabbameinsfélagsins og fjáröflunarráði þess. Fulltrúi félagsins á síðan sæti í aðalstjórn Öryrkjabandalagsins og sótti þar fundi reglulega auk þess sem sem þrír fulltrúar samtakanna sóttu aðalfund Öryrkjabandalagsins. Einnig var formaður samtakanna kosinn til setu í kjörnefnd Öryrkjabandalagsins þriðja árið í röð. Haldnir voru sameiginlegir fundir með CCU-

samtökunum og einnig vorum við aðilar að vinnuhópi innan Krabbameinsfélagsins, ásamt Ristilfélaginu og Krabbameinsfélagi Reykjavíkur, sem vann að því að hrinda í framkvæmd árverknisátaki um ristilkrabbamein.

Erlent samstarf. Nokkrar sendingar af afskrifuðum stómavarningi fóru í gegnum Danmörku (COPA) á leið til Úkraínu en að lokum urðum við að senda varninginn beint til Úkraínu. Er þar um að kenna breyttum reglum hjá póstinum í Danmörku. Einnig aðstoðuðum við sænsku samtökin (ILCO) við að senda stómavarning til Zimbabwe en Svíar eru þar með hjálparstarf í gangi. Formaður samtakanna var áfram í stjórn Evrópusamtakanna (EOA) og tók þátt í stjórnarstörfum. Norræn ráðstefna verður síðan haldin í Reykjavík í september.

Útgáfumál. Fréttablað Stómasamtakanna var gefið út samkvæmt venju, kom út fimm sinnum og er sem fyrr undir ritstjórn Sigurðar Jóns Ólafssonar. Fréttabréfin er einnig að finna á pdf-formi á heimasíðu samtakanna, www.stoma.is. Heimasíða félagsins lenti í miklum hremmingum á starfsárinu og var ráðist á hana tvisvar sinnum af illa innrættum hökkurum erlendis frá og hún hreinlega rifin í tætlur. Kostaði það tíma og fjármuni að koma henni í gagnid aftur eftir báðar árásirnar og er það ætlun stjórnar samtakanna að verja meiri tíma og ef til vill fjármunum til þessa að reyna að hafa heimasíðuna bæði örugga og virka í framtíðinni.

Almennt. Í lok starfsársins voru félagsmenn um 300 talsins, flestir á höfuðborgarsvæðinu en einnig er stór hópur virkur á Eyjafjarðarsvæðinu. Fjárhagur félagsins er ágætur í lok starfsársins. Ítrekað hefur verið reynt að fá styrki til starfseminnar víða að en það gengur mjög illa nema kannski helst á hefðbundnum slóðum innan Krabbameinsfélagsins og Öryrkjabandalagsins.

Jón Þorkelsson.

Styrkur

Fullt nafn: Styrkur, samtök krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra.

Stofndagur: 20. október 1987. Félagsmenn: 350.

Netfang: styrkur@krabb.is Vefsíða: www.krabb.is/styrkur



Stjórn kosin á aðalfundi 12. apríl 2013:

Formaður: Steinunn H. Friðriksdóttir, Austurströnd 12, 170 Seltj. 896 5808 5525058@internet.is

Varaformaður: Hólmfríður Friðriksdóttir, Kaplaskjólsvægi 93, 107 R.

Meðstjórnandi: Bertha Biering

Meðstjórnandi: Bryndís Konráðsdóttir

Meðstjórnandi: Snorri Ingimarsson

Meðstjórnandi: Erna Nielsen

Meðstjórnandi: Þrúður Hjaltadóttir

Starfsemi 2013-2014

Formaður og varaformaður sátu aðalfund Krabbameinsfélagsins í maí og formannafund í Hafnarfirði í september. Átján félagar fóru að Löngumýri í júlí og átta þar sæludaga. Fjáröflun krabbameinsfélaganna var í september með aðstoð Lionsfélaga í Eir. Seldir voru pennar og endurskinsborðar. Salan gekk vel. Jólakort voru seld með mynd eftir Kristínu Gunnlaugsdóttur, í minningu móður.

Opið hús var í nóvember. Gunnar Már Hauksson sagði frá ljóðskáldinu Jóhanni Jónssyni. Jólafundur var í desember. Ásta Ágústsdóttir djákni flutti jólahugvekju, Jónína Leósdóttir og Ragnar Jónasson lásu úr bókum sínum. Mr. Norrington söng nokkur lög. Boðið var upp á heitt súkkulaði og jólakökur. Opið hús var í janúar þar sem Garðar Mýrdal eðlisfræðingur og Jakob Jóhannsson yfirlæknir á geisladeild Landspítalans komu og kynntu nýja línuhraðalinn. Þorrablót var haldið í Skógarhlíðinni í febrúar. Opið hús var í mars.

Sumardvölin á Löngumýri verður væntanlega 20.-25. júlí.

Steinunn Helga Friðriksdóttir.

Lög Krabbameinsfélags Íslands

1. gr. Nafn og skilgreining.

Félagið heitir Krabbameinsfélag Íslands. Aðild að því eiga krabbameinsfélög í landinu og önnur áhugamannasamtök sem starfa í samræmi við tilgang félagsins og hlotið hafa samþykki stjórnar þess og staðfestingu aðalfundar.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur.

Tilgangur félagsins er að styðja og efla í hvívetna baráttuna gegn krabbameini, svo sem með því að:

1. Beita sér fyrir virkri opinberri stefnu (krabbameinsáætlun) í forvörnum, greiningu, meðferð og endurhæfingu þeirra sem greinast með krabbamein.
2. Stuðla að þekkingu og menntun um krabbamein og krabbameinsvarnir.
3. Efla krabbameinsrannsóknir, m.a. með söfnun og vísindalegri úrvinnslu upplýsinga og með rekstri vísindasjóðs.
4. Beita sér fyrir leit að krabbameini á byrjunarstigi.
5. Styðja framfarir í meðferð krabbameins og umönnun krabbameinssjúklinga.
6. Beita sér fyrir stuðningi við krabbameinssjúklinga og aðstandendur.
7. Vera málsvari krabbameinssjúklinga og beita sér fyrir réttindum þeirra.

3. gr. Stjórnun.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum aðalfundar, sem haldinn skal fyrir málok ár hvert. Boða skal til hans bréflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fundurinn er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið starfsár.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
3. Skýrslur aðildarféлага.
4. Lagabreytingar.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara.
7. Kosnir fimm menn í uppstillingarnefnd.
8. Önnur mál.

Hverju starfandi aðildarfélagi er heimilt að senda einn fulltrúa á aðalfund fyrir hverja 200 félagsmenn, eða brot úr þeim fjölda, þó aldrei fleiri en sex fulltrúa. Jafnframt hafa stjórnarmenn Krabbameinsfélags Íslands fulltrúarétt á aðalfundi.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin er skipuð sjö aðalmönnum og tveim til vara. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa þrjá meðstjórnendur til tveggja ára og tvo til vara til eins árs í senn. Við skipan stjórnar skal þess gætt að fulltrúar séu bæði frá svæðafélögum og stuðningshópum. Miðað er við að stjórnarmenn sitji að jafnaði eigi lengur en fjögur kjörtímabil í senn. Á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund kýs stjórnin úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera.

Formaður boðar til stjórnarfunda að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundur skal kalla saman ef þrír stjórnarmenn eða fleiri óska þess.

Formannafundur skal að jafnaði haldinn í október. Þar skulu kynnt þau málefni sem unnið er að á vegum félagsins á hverjum tíma. Tillögur samþykktar á formannafundi skulu vera bindandi fyrir stjórn, enda skulu þær hljóta meirihluta greiddra atkvæða þeirra sem hefðu haft atkvæðisrétt á síðasta aðalfundi.

4. gr. Rekstur.

Stjórn félagsins ræður forstjóra sem ber ábyrgð á rekstri félagsins gagnvart stjórninni, samkvæmt starfslýsingu.

Stjórnin setur reglur um starfsemi félagsins.

5. gr. Fjármál.

Aðildarfélög skulu hafa samráð við stjórn áður en stofnað er til meiri háttar fjárflyunar.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

6. gr. Lagabreytingar.

Tillögur um lagabreytingar skulu sendar formanni minnst tveimur mánuðum fyrir aðalfund. Skulu þær kynntar í fundarboði.

Til breytinga á lögum félagsins þarf 3/5 greiddra atkvæða á aðalfundi.

Aldrei má breyta lögnum þannig að raskað sé megintilgangi félagsins skv. 2. grein.

7. gr. Félagsslit.

Til að leggja félagið niður þarf samþykki tveggja aðalfunda í röð og séu félagsslitin samþykkt með a.m.k. 4/5 greiddra atkvæða á hvorum fundi. Geta skal sérstaklega áforms um félagsslit í fundarboði.

Verði félagið lagt niður skal eignum þess ráðstafað til líknarstarfa í samráði við heilbrigðisráðuneytið. Því ákvæði má aldrei breyta.

Lögin í heild voru samþykkt á aðalfundi 6. maí 2000, breyting á 3. grein (uppstillingarnefnd) á aðalfundi 3. maí 2003 breyting á 2. grein (vísindasjóður) og 3. grein (formannafundur) á aðalfundi 7. maí 2005 og breyting á 2. gr. (1., 6. og 7. töluliður) á aðalfundi 7. maí 2011.

